

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki

Samantekt úrskurða

2004

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, þriðjudaginn 30. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 1/2004:**

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 8. janúar 2004, með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri, 7. janúar 2004. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. janúar 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 22. janúar 2004. Bréfið var sent umboðsmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. janúar 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 30. mars 2004.

II.

Málsatvik.

Hinn 28. júní 1995 gaf faðir sóknaraðila út skuldabréf að fjárhæð kr. 1.430.000 til varnaraðila. Var sóknaraðili tilgreindur sem sjálfskuldarábyrgðaraðili og nafn hans ritað undir bréfið því til staðfestingar. Vanskil urðu á bréfinu og höfðaði varnaraðili mál til innheimtu skuldarinnar á hendur föður sóknaraðila og honum sjálfum með stefnum, birtum 20. ágúst 1996. Var stefna á hendur sóknaraðila birt föður hans á lögheimili sóknaraðila. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 24. september 1996. Útivist varð af hálfu sóknaraðila og föður hennar og var stefna málsins árituð um aðfararhæfi hinn 5. desember 1996.

Sóknaraðili, sem býr nú í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, þrátt fyrir að lögheimili hans sé skráð hér á landi, fékk í október og nóvember 2003 kröfubréf frá þarlandu fyrirtæki þar sem hann var krafinn um greiðslu á skuld sinni við varnaraðila. Hann mótmælti innheimtunni bæði við varnaraðila og umboðsaðila hans í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, síðast með bréfi til varnaraðila, dagsettu 28. nóvember 2003.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 7. janúar 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að innheimtutilraunum varnaraðila gagnvart sér verði hætt þegar í stað. Kveðst hann ekki minnst þess að hafa undirritað skuldabréf það sem krafa

varnaraðila byggist á. Þá hafi bréfinu verið breytt eftir að faðir sóknaraðila gaf það út og séu allar skuldbindingar samkvæmt efni þess því niður fallnar. Ennfremur segir sóknaraðili að sér hafi aldrei verið löglega birt stefna í málinu og hafi honum því verið ókunnugt um efni hennar og ekki getað komið að neinum vörnum. Loks kveður sóknaraðili engar tilraunir hafa verið gerðar til innheimtu skuldarinnar frá því að stefnan var árituð en hann hafi verið búsettur í Bandaríkjum Norður-Ameríku frá 10. nóvember 1995. Geti aðför samkvæmt stefnunni því ekki náð fram að ganga vegna tómlætis.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Vísar varnaraðili til þess að áritun dómara á stefnu hafi sama gildi og dómur og verði ekki skotið til æðra dóms, sbr. 2. mgr. 113. gr. laga nr. 91, 1991 um meðferð einkamála. Sé árituð stefna því bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila um þær kröfur sem í stefnu felist og hafi einnig fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í henni greini, sbr. 1. og 4. mgr. 116. gr. eml. Hafi hvorki sóknaraðili né faðir hans óskað eftir endurupptöku málsins í samræmi við ákvæði laga um meðferð einkamála, en krafa varnaraðila samkvæmt hinni árituðu stefnu fyrnist á tíu árum, sbr. 4. gr. laga nr. 14, 1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Séu tilraunir varnaraðila til að innheimta skuldina hjá sóknaraðila því fullkomlega lögmætar og réttmætar.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármála-fyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms.

Eins og fyrr er rakið höfðaði varnaraðili mál á hendur sóknaraðila með stefnu, birtri 20. ágúst 1996, vegna ábyrgðaryfirlýsingar hans á skuldabréfi. Gögn málsins bera með óyggjandi hætti að máli þessu hafi lokið með áritun dómara um aðfararhæfi dómkrafna og upphæð málskostnaðar, sbr. 1. mgr. 113. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91, 1991. Hefur sú áritun sama gildi og dómur, sbr. 2. mgr. 113. gr. laganna.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki tekur samkvæmt framansögðu ekki til meðferðar mál sem hafa verið til meðferðar almennra dómstóla. Með vísan til þessa og fyrrgreinds ákvæðis í samþykktum fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verður þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 30. mars 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, þriðjudaginn 20. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Ragnheiður Bragadóttir, varaformaður, Gunnar Viðar, Íris Ösp Ingjaltdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið mál nr. 2/2004:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Sóknaraðili er M, en varnaraðili er fjármálafyrirtækið F.

Málið barst úrskurðarnefnd 18. febrúar 2004 með kvörtun sóknaraðila dagsettri sama dag. Kvörtunin var send varnaraðila með bréfi nefndarinnar 20. febrúar 2004 og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 29. mars 2004 með bréfi hans dagsettu 25. mars 2004. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar 29. mars 2004 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust 5. apríl 2004 með bréfi hans dagsettu sama dag.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 19. og 20. apríl 2004.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili gekkst í sjálfskuldarábyrgð á tveimur skuldabréfum, sem gefin voru út af aðalskuldara hinn 5. júní og 10. september 1997. Fyrri bréfið var að fjárhæð 625.000 krónur en hið síðara að fjárhæð 500.000 krónur. Auk sóknaraðila ritar móðir sóknaraðila undir bréfin sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Hinn 21. maí 1999 var báðum skuldabréfunum skuldbreytt með samþykki beggja ábyrgðarmannanna, en þá voru gjaldfallnar afborganir af fyrri láninu 125.000 krónur en af því síðara 50.000 krónur.

Fyrri skuldabréfið var gefið út til að greiða tvo víxla, en sóknaraðili var annars vegar útgefandi og hins vegar ábekingur á þeim víxlum. Útgefandi skuldabréfsins var greiðandi víxlanna. Víxlarnir voru samtals að fjárhæð 600.000 krónur.

Síðara skuldabréfið var gefið út rúmum fjórum mánuðum síðar. Sóknaraðili óskaði ekki eftir sérstöku greiðslumati á útgefanda þess og fór slíkt mat ekki fram.

Ofangreind skuldabréf munu bæði hafa farið í vanskil og var gert árangurslaust fjárnám hjá aðalskuldara og sóknaraðila vegna innheimtu þeirra hinn 29. janúar 2001.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að hann verði leystur undan sjálfskuldarábyrgð á tveimur skuldabréfum og nafn hans tekið af vanskilaskrá.

Til vara er krafist eðlilegra bóta vegna mannorðsmissis, en sóknaraðili kveðst vera á vanskilaskrá vegna málsins.

Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa viljað leysa hann undan sjálfskuldarábyrgð þrátt fyrir að F hafi ekki á nokkurn hátt rækt þá skyldu sína að gera sóknaraðila ljósa þá áhættu, sem var því samfara að gangast í ábyrgð vegna viðkomandi skuldara. Varnaraðila hafi verið fullkunnugt um að umræddur skuldari átti að baki fleiri en eitt gjaldþrot og fjármálaóreiðu og var ekki í vinnu þegar lánið var veitt.

Þá kvartar sóknaraðili yfir slælegu ef nokkru greiðslumati á skuldanum, sem hann gekkst í ábyrgð fyrir. Hann hafi engar upplýsingar fengið um greiðslugetu skuldara eða fyrri viðskipti hans við varnaraðila.

Í athugasemdum sínum dags. 5. apríl sl. tekur sóknaraðili fram að hann hafi ekki lagt fram gögn með kvörtun sinni þar sem hann hafi eðli málsins samkvæmt ekki haft þau undir höndum.

Sóknaraðili segir að útgefandi skuldabréfanna hafi aldrei starfað sem rafverktaki, enda viti sóknaraðili ekki til þess að hann hafi réttindi til þess. Á þeim tíma, sem um ræði, hafi útgefandi skuldabréfanna unnið að stofnun ráðgjafarfyrirtækis, sem rekið hafi verið á afar veikum grunni. Það fyrirtæki sé nú gjaldþrota.

Sóknaraðili vekur athygli á að á skömmum tíma hafi varnaraðili lánað útgefanda bréfanna 1.125.000 krónur, þar af hafi 625.000 krónur verið lánaðar til að greiða upp tvo gjaldfallna víxla. Varnaraðili hafi lánað þessa fjármuni án þess að kanna hvað lægi að baki slíkri fjárþörf, hver greiðslugeta útgefandans var heildstætt séð, hvað lægi að baki veltu á reikningi hans eða hvort hann skuldaði í öðrum fjármálastofnunum. Um sé að ræða lánastarfsemi varnaraðila til óábyrgs aðila, sem ekki var í launaðri vinnu á þeim tíma, sem um ræðir, er með nokkur gjaldþrot að baki og dóm fyrir fjármálamisferli. Ljóst sé að varnaraðili hafi aðeins hugsað um að tryggja sig með ábyrgðarmönnum en hafi í engu skeytt um greiðslugetu eða fjármálaferil lántakans.

Sóknaraðili tekur fram að útgefandi skuldabréfanna hafi verið í sambúð með móður hans á þessum tíma, en hann teljist hins vegar ekki fósturfaðir sóknaraðila. Sóknaraðili hafi verið hátt á fertugsaldri þegar lánin voru veitt, löngu fluttur að heiman og nýlega fluttur heim eftir nokkurra ára búsetu erlendis. Fráleitt sé því að ætla að sóknaraðili hafi haft einhverja innsýn inn í fjármál aðalskuldarans vegna fjölskyldutengsla. Varnaraðili hafi hins vegar haft mun betri aðstöðu og möguleika til að kanna fjárhagsstöðu aðalskuldarans en sóknaraðili. Sóknaraðili kveðst hafa treyst varnaraðila til að meta og kanna að fullu greiðslugetu og fjármálaferil aðalskuldarans og kveðst því ekki hafa haft ástæðu til að ætla að í ábyrgðarskuldbindingu hans fælist sú áhætta, sem í ljós hefur komið.

Að því er varðar gerða bótakröfu tekur sóknaraðili fram í fyrrnefndum athugasemdum sínum að öllum ætti að vera ljóst það tjón, sem hann hafi orðið fyrir, vegna þess að nafn hans er á vanskilaskrá. Hann fái enga fyrirgreiðslu í bönkum, þrátt fyrir að hafa ávallt staðið í skilum, og þá geti hann ekki keypt fasteign eða vörur og þjónustu á afborgunum. Sóknaraðili tekur fram að hann sé ólöglærður og kveðst því leggja bótakröfuna í hendur úrskurðarnefndarinnar, sem geti beint henni í réttan farveg.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er þess aðallega krafist að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveðst byggja aðalkröfu sína á því að rökstuðningi sóknaraðila sé svo verulega áfátt að leiða eigi til frávísunar málsins, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá leggi sóknaraðili engin göng fram til stuðnings kröfum sínum.

Sóknaraðili byggi á því að varnaraðila hafi verið skylt að framkvæma greiðslumat vegna útgáfu skuldabréfanna og kynna sóknaraðila þá áhættu, sem hafi verið því samfara að gangast í ábyrgð fyrir skuldaran. Hann víki hins vegar hvergi að því í rökstuðningi sínum á hverju slík skylda byggist. Þá sé ekki ljóst við hvað sóknaraðili miði þegar hann ræði um eðlilega ábyrgð.

Að því er varði varakröfu sóknaraðila sé hvorki vísað til bótagrundvallar né hvaða aðgerðir af hálfu varnaraðila valdi bótaskyldu. Sóknaraðili krefjist “eðlilegra bóta” án þess að fjalla nánar um það við hvað beri að styðjast í þeim efnum.

Varnaraðila sé örðugt að verjast þessum kröfum. Verði þær að teljast það óskýrar að þær varði frávísun málsins, sbr. e-lið 6. gr. samþykktanna.

Varnaraðili rökstyður varakröfu sína um að hafna beri öllum kröfum sóknaraðila með eftirfarandi hætti:

Varnaraðili telur að með því að bjóða sóknaraðila að gangast í ábyrgð á fyrra skuldabréfinu í stað þess að grípa til innheimtuaðgerða á grundvelli áðurnefndra tveggja víxla hafi varnaraðili komið verulega á móts við sóknaraðila. Ekki hafi verið um að ræða nýja ábyrgðarskuldbindingu af hálfu sóknaraðila þar sem hann hafi þegar verið í sjálfskuldarábyrgð vegna sama skuldara á umræddum víxlum. Ekki geti því komið til þess að ábyrgðin eigi að falla niður vegna skorts á greiðslumati eða því að honum hafi ekki verið kynnt sú áhætta, sem var samfara því að gangast í ábyrgð.

Síðara skuldabréfið hafi verið gefið út rúmum fjórum mánuðum síðar og hafi sóknaraðili ekki óskað sérstaklega eftir greiðslumati á skuldaranum. Slíkt mat hafi því ekki farið fram svo vitað sé. Samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða var gert 27. janúar 1998 og hafði því ekki tekið gildi þegar skuldabréfin voru gefin út. Engar reglur eða lög skylduðu varnaraðila til að framkvæma slíkt mat. Í samkomulaginu sé að auki tekið fram að fjármálafyrirtæki sé ekki skylt að framkvæma greiðslumat nema þess sé sérstaklega óskað, sbr. 1. ml. 3. gr. samkomulagsins. Undantekning sé gerð þegar ábyrgðin nemi meira en einni milljón króna, en um slíkt sé ekki að ræða í þessu tilviki. Engin ástæða sé til þess að leggja ábyrgðirnar saman þar sem rúmir fjórir mánuðir hafi verið á milli bréfanna. Auk þess hafi fyrra bréfið verið gefið út til að greiða upp fyrri skuldbindingar sóknaraðila og því með öllu óeðlilegt að leggja ábyrgðirnar saman. Með vísan til ofangreinds hafi ekkert skyldað varnaraðila til að meta greiðslugetu skuldara.

Burtséð frá því hvort skylt var að láta fara fram greiðslumat eða ekki telur varnaraðili að það ógildi ekki ábyrgðina sjálfkrafa þótt greiðslumat hafi ekki farið fram. Líta verði til þess að sóknaraðili sé fóstursonur aðalskuldarans og sonur meðábyrgðarmanns síns á bréfunum. Aðalskuldarinn og meðábyrgðarmaður sóknaraðila hafi einnig verið ábyrgir fyrir greiðslu fyrrnefndra víxla, annars vegar sem greiðandi og hins vegar sem greiðandi og útgefandi. Með hliðsjón af þessu megi ljóst vera að sóknaraðila hafi verið kunnugt um hver greiðslugeta aðalskuldarans var.

Varnaraðili tekur fram að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að greiðslumat hefði leitt til þess að hann hefði ekki gengist undir ábyrgðina. Þá telur sóknaraðili jafnframt að ef greiðslumat hefði farið fram á þessum tíma hefði það leitt í ljós að aðalskuldari bréfanna var gjaldfær. Á yfirliti frá fjármálafyrirtæki aðalskuldara dags. 9. september 1997, þ.e. sama dag og síðara skuldabréfið var gefið út, komi fram að heildarskuldir aðalskuldarans voru 1.000.200 krónur, þar af hafi fyrra skuldabréfið numið rúmum 562.500 krónum, gjaldfallin X skuld rúmum 279.700 krónum og viðskiptavíxill rúmum 160.000 krónum. Einu skammtímaskuldir aðalskuldara, sem hafi verið gjaldfallnar, hafi verið fyrrnefnd X

skuld, en aðalskuldari hafi átt inneign inn á debetkortareikningi að fjárhæð 275.100 krónur. Auk framangreinds hafi aðalskuldari verið með tryggingu að fjárhæð rúmar 1.362.500 krónur og veltu á debetkortareikningi að fjárhæð rúmar 3.515.000 krónur. Allt gefi þetta til kynna að aðalskuldari hafi verið vel greiðslufær á þessum tíma. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem varnaraðili hafði, hafi aðalskuldari verið rafverktaki og hafi varnaraðila ekki verið kunnugt um neina erfiðleika í starfsemi hans. Varnaraðili hafi ekki haft tök á að rannsaka hagi aðalskuldarans nema að því er varðaði viðskipti hans við bankann. Þau hafi ekki bent til annars en að aðalskuldarinn væri greiðslufær.

Varnaraðili kveðst ennfremur byggja á því að á honum hafi ekki hvílt sú skylda að tilkynna sóknaraðila með sérstökum hætti hver þýðing þess sé að gangast í sjálfskuldarábyrgð. Telur varnaraðili að sóknaraðila hafi verið fullljós þýðing þess, sérstaklega með tilliti til þess að sjálfskuldarábyrgð á fyrra skuldabréfinu hafi komið í stað víxla, sem sóknaraðili hafi annars vegar ritað á sem útgefandi og hins vegar sem ábekingur. Þá telur varnaraðili sóknaraðila hafa verið í mun betri aðstöðu en varnaraðili til að meta það hver staða aðalskuldarans var, svo og meðábyrgðarmanns.

Kröfu sóknaraðila um að nafn hans verði tekið af vanskilaskrá er hafnað með sömu rökum og að ofan greinir eins og við á. Sé um að ræða gilda ábyrgð telur varnaraðili engin rök knýja á um að fjarlægja nafn sóknaraðila af vanskilaskrá. Að halda rétta vanskilaskrá sé mikilvægur þáttur í að meta greiðslugetu aðila.

Þá hafnar varnaraðili öllum kröfum sóknaraðila um bætur vegna mannorðsmissis. Engin hlutlæg bótaregla eigi við í þessum efnunum. Þá telur varnaraðili með öllu ósannað að varnaraðili hafi valdið sóknaraðila tjóni með saknæmum hætti.

V.

Niðurstaða

Nefndin tekur undir það með varnaraðila að málatilbúnaði og rökstuðningi sóknaraðila sé nokkuð ábótavant. Málavextir þykja hins vegar að fullu upplýstir með greinargerð varnaraðila og framlagningu gagna af hans hálfu. Með hliðsjón af því og með því að kröfugerð sóknaraðila þykir þannig úr garði gerð að leysa meggi úr ágreiningi aðila efnislega verður ekki fallist á frávísunarkröfu varnaraðila.

Fram kemur í greinargerð varnaraðila, sem fær stuðning í framlögðum gögnum, að skuldabréf dags. 5. júní 1997 var gefið út í þeim tilgangi að greiða upp tvo gjaldfallna víxla, sem voru samtals að fjárhæð 600.000 krónur, en varnaraðili var útgefandi annars þeirra, en ábekingur á hinum. Greiðandi víxlanna var jafnframt útgefandi skuldabréfsins. Þar sem sóknaraðili stóð þegar í sjálfskuldarábyrgð vegna sama skuldara og vegna svipaðrar fjárhæðar þykir hann ekki geta byggt á því að skortur á greiðslumati eða

upplýsingum um fjárhagsstöðu lántaka eigi að leiða til þess að fella beri niður sjálfskuldarábyrgð hans samkvæmt umræddu skuldabréfi og er þeirri kröfu hans því hafnað.

Síðara skuldabréfið var gefið út rúmum fjórum mánuðum síðar eða hinn 10. september 1997. Á þeim tíma hafði samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða ekki verið undirritað og kemur því ekki til álita í máli þessu. Engar reglur skylduðu varnaraðila til að láta framkvæma greiðslumat á útgefanda bréfsins og ekki er að sjá af gögnum málsins að sóknaraðili hafi óskað eftir slíku mati. Þá voru engar þær reglur í gildi, sem lögðu ótvíræða skyldu á varnaraðila að upplýsa sóknaraðila um áhættu, sem var samfara því að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna skuldarans. Þá hefur ekki verið leitt í ljós að varnaraðili hafi leynt sóknaraðila upplýsingum um fjárhagsstöðu skuldarans og með því komið því til leiðar að sóknaraðili gekkst í sjálfskuldarábyrgð. Þvert á móti þykir bendir framlagt yfirlit yfir viðskipti skuldarans við varnaraðila dags. 9. september 1997 til þess að umræddur skuldari hafi verið greiðslufær þegar síðara skuldabréfið var gefið út, þ.e.a.s. ef eingöngu er miðað við viðskipti hans við varnaraðila. Með vísan til framangreinds er kröfu sóknaraðila um að hann verði leystur undan sjálfskuldarábyrgð vegna síðara skuldabréfsins hafnað. Með sömu rökum verður einnig að hafna kröfu sóknaraðila um að hann verði tekinn af vanskilaskrá vegna beggja skuldabréfanna. Þá leiðir af niðurstöðu málsins að kröfu sóknaraðila um bætur er hafnað.

Með vísan til alls ofangreinds er niðurstaða nefnarinnar sú að hafna beri kvörtun sóknaraðila í máli þessu.

ú r s k u r ð a r o r ð :

Kvörtun sóknaraðila, M, á hendur fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 20. apríl 2004

Ragnheiður Bragadóttir

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, þriðjudaginn 30. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 3/2004:**

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 9. mars 2004, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri, 8. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. mars 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 11. mars 2004. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum sem hann og gerði.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 30. mars 2004.

II.

Málsatvik.

Hinn 12. desember 2002 þingfesti varnaraðili mál í Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur sóknaraðila, A, og B, til heimtu kröfu samkvæmt vixli að fjárhæð kr. 450.000. Var vixillinn útgefinn hinn 28. október 2002 og framseldur af B, samþykktur til greiðslu af sóknaraðila og ábektur af A. Varnaraðili krafðist þó eingöngu kr. 187.724,44 af fjárhæðinni sem svaraði til ógreiddrar skuldar sóknaraðila á visareikningi sínum. Málinu lauk með réttarsátt sem lögð var fram við þingfestingu málsins fyrrgreindan dag og árituð var um aðfararhæfi. Skuldbundu sóknaraðili og hin tvö stefndu sig til að greiða varnaraðila með tilgreindum hætti kr. 177.569,55 auk dráttarvaxta og kr. 44.043,94 í málskostnað. Ekki varð af fullum efndum og hinn 20. júní 2003 var gert fjárnám fyrir kröfum varnaraðila í bifreið sóknaraðila.

Sóknaraðili greiddi nokkrum sinnum inn á skuld sína við varnaraðila á árinu 2003 en hafði jafnframt haft uppi ýmsar athugasemdir og mótmæli við innheimtu varnaraðila. Með kvörtun til úrskurðarnefndar lögmannna, dagsettri 1. september 2003, kvartaði hann yfir lögmannskostnaði samkvæmt fyrrgreindri réttarsátt. Úrskurðarnefndin kvað upp úrskurð 17. nóvember 2003 og úrskurðaði að lögmaður varnaraðila hefði í innheimtustörfum sínum fyrir hann ekkert gert á hlut sóknaraðila sem stríddi gegn lögum og siðareglum lögmannna. Hinn 23. september 2003 þingfesti sóknaraðili mál á hendur varnaraðila, nafngreindum starfsmönnum varnaraðila og lögmanni hans. Málinu var vísað frá dómi með úrskurði héraðsdóms 2. desember 2003 og var sá úrskurður staðfestur með dómi Hæstaréttar Íslands 30. janúar 2004.

Málið barst úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 8. mars 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Af málatilbúnaði sóknaraðila verður helst ráðið að hann telji varnaraðila hafa hafnað beiðni um að afhenda kvittanir fyrir úttektum á visareikningi sóknaraðila. Þá kveður sóknaraðili að skuldir hafi verið búnar til á visareikninginn og logið til um heildarupphæð. Ekki hafi verið vilji hjá varnaraðila til að leiðrétta rangar færslur og ekki staðið við gerða samninga við sóknaraðila um hvernig hann mætti greiða skuld sína. Lítur sóknaraðili svo á að varnaraðili hafi gerst sekur um fjárdrátt og mannréttindabrot og hefur verpi ýmsar aðrar ávirðingar á hendur honum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður skuld sóknaraðila við sig hafa numið kr. 187.858 hinn 5. mars 2002. Hafi varnaraðili þá samþykkt að gera við sóknaraðila svokallaðan fjölgreiðslusamning sem feli það í sér að sóknaraðila hafi verið gert kleift að greiða skuldina upp á 12 mánuðum. Hafi sóknaraðili vanefnt þennan samning og skuldin þá send í lögfræðinnheimtu. Vísar varnaraðili til gagna málsins um framhald þess sem áður hefur verið gerð grein fyrir.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms.

Eins og fyrr er rakið höfðaði varnaraðili mál á hendur sóknaraðila og fleirum vegna vanskila hans á greiðslu visaskuldar. Var málið þingfest hinn 12. desember 2002 og lauk þann dag með réttarsátt, dagsettri 6. desember 2002, sem lögð var fram á dómþingi við þingfestingu málsins. Þá þingfesti sóknaraðili mál á hendur varnaraðila og fleirum í Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 23. september 2003 á sama grundvelli og hann ber mál sitt nú upp við úrskurðarnefndina. Var málinu vísað frá héraðsdómi 2. desember 2003 og úrskurður þar að lútandi staðfestur með dómi Hæstaréttar Íslands 30. janúar 2004.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki tekur samkvæmt framansögðu ekki til meðferðar mál sem hafa verið til meðferðar almennra dómstóla. Með vísan til þessa og fyrrgreinds ákvæðis í samþykktum fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verður þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni. Eru þá ekki efni til að fjalla frekar um málatilbúnað sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 30. mars 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Grétarsson
Ólöf Embla Einarisdóttir

Íris Ösp Ingjaldsdóttir
Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, föstudaginn 28. maí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 5/2004:**

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækinu F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 18. mars 2004, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri, sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. mars 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 6. apríl 2004. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. apríl 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 15. apríl 2004.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 14. og 28. maí 2004.

II.

Málsatvik.

Hinn 30. janúar 1989 fékk sóknaraðili lán að fjárhæð kr. 140.000 hjá varnaraðila. Ekki var staðið í skilum með greiðslur af láninu. Gert var árangurslaust fjárnám hjá sóknaraðila af hálfu þriðja aðila 28. febrúar 1996 og aftur 20. nóvember 2000. Afskrifaði varnaraðili fyrrgreinda skuld sóknaraðila 23. desember 2003 í kjölfar bréfs frá sóknaraðila, dagsetts 23. október 2003, þar sem hann spurðist fyrir um málið. Áður hafði varnaraðili hinn 13. nóvember 1997 afskrifað yfirdráttarskuld sóknaraðila á tékkareikningi, skuld vegna innistæðulauss tékka og greiðslukortaskuld, samtals að fjárhæð kr. 279.932. Fyrrgreindu bréfi sóknaraðila svaraði varnaraðili með bréfi, dagsettu 12. janúar 2004. Sóknaraðili leitaði til Fjármálaeftirlitsins með bréfi, dagsettu 13. janúar 2004. Með bréfi stofnunarinnar, dagsettu 8. mars 2004, var sóknaraðila tilkynnt að ekki yrði af hennar hálfu aðhafst frekar í málinu.

Málið barst úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 18. mars 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að varnaraðili opni aftur viðskiptareikning sóknaraðila hjá varnaraðila, leggi inn á reikninginn allt að kr. 280.000.000 og veiti

sóknaraðila yfirdráttarheimild að sömu fjárhæð með ábyrgð frá minnihlutaeigendum hlutafjár í varnaraðila, „fólkinu í landinu“.

Sóknaraðili rökstyður kröfur sínar þannig að hann hafi fyrir 13 árum sótt um flugrekstrarleyfi fyrir nafngreint flugfélag sem hafi ætlað að flytja pakkapóst fyrir tiltekna ríkisstofnun milli Íslands og Danmerkur. Bróðir forstjóra annars flugfélags, sem unnið hafi hjá varnaraðila, hafi lekið viðkvæmum viðskiptaupplýsingum til forstjórans. Þaðan hafi upplýsingarnar borist stjórnarformanni þess flugfélags og áfram til forstjóra og stjórnarformanns skipafélags, sem hafi beitt áhrifum sínum á bankastjóra varnaraðila. Hafi varnaraðili með því að rjúfa bankaleynd með framangreindum hætti rústað fyrrgreindum áformum sóknaraðila með því að loka viðskiptareikningi hans og rýra þannig viðskiptatraust hans. Sóknaraðili kveður umkrafðar kr. 280.000.000 vera ætlaðan 15% arð af 13 ára rekstri með pakkapóst með ætlaða ársveltu upp á kr. 144.000.000 en einelti F hafi lokið í desember 2003.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir þá kröfu að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Telur varnaraðili m.a. að það sé skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndarinnar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða að ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Verði áðurnefnt bréf sóknaraðila, dagsett 23. október 2003, ekki túlkað á annan veg en sem fyrirspurn um stöðu og framvindu mála hans innan F. Þá kveður F kröfugerð of óljósa og af þeim sökum sé málið ekki tækt til úrskurðar, sbr. e-lið 6. gr. samþykktanna.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili byggir málatilbúnað sinn á því að varnaraðili hafi rústað viðskiptatrausti hans og mannorði með því loka viðskiptareikningi hans hjá varnaraðila fyrir 13 árum síðan. Gerir hann þá kröfu að varnaraðila verði gert að opna fyrrgreindan viðskiptareikning hans aftur, auk þess að leggja inn á reikninginn kr. 280.000.000 og veita sóknaraðila yfirdráttarheimild að sömu fjárhæð. Þykir mega skilja kröfu hans um greiðslu fyrrgreindrar fjárhæðar inn á viðskiptareikning sóknaraðila sem kröfu um skaðabætur vegna meints tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir af völdum varnaraðila.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Samkvæmt e-lið 6. gr. fjallar nefndin ekki um mál sem eru það óljós og illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar. Samkvæmt b-lið fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár.

Sóknaraðili hefur ekki haft ofangreinda fjárkröfu uppi gagnvart varnaraðila. Þá verða kröfur hans um opnun viðskiptareiknings og heimild til að yfirdraga þann reikning ekki metnar til fjár. Að öðru leyti er málatilbúnaður sóknaraðila óljós og fjárkrafta hans engum gögnum studd.

Með vísan til alls framanritaðs verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 28. maí 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Gréтарsson

Íris Ösp Ingjaltdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi

Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, fimmtudaginn 26. ágúst, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 6/2004:**

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 23. mars 2004, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri, sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. mars 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 24. apríl 2004. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. apríl 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 5. maí 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14. og 15. maí, 22. júlí og 26. ágúst 2004.

II.

Málsatvik.

Hinn 28. september 2000 var fasteign sóknaraðila að A í Hafnarfirði seld nauðungarsölu á framhaldsuppboði. Umrædd eign hafði verið leigð út og allar leigutekjur runnið inn á reikning sem settur hafði verið varnaraðila að handveði samkvæmt samningi aðila, dagsettu 20. janúar 2000. Við uppboðið lýsti lögmaður varnaraðila fyrir hans hönd tveimur kröfum vegna áhvílandi veðskulda samkvæmt tveimur skuldabréfum, dagsettu 15. júlí 1997 og 28. október 1998. Önnur krafan var að fjárhæð kr. 14.991.549 og hin að fjárhæð kr. 8.486.949. Var krafist innheimtulauna vegna beggja krafanna, þóknunar fyrir mætingu á uppboð og ritun kröfulýsingar, auk virðisaukaskatts. Nam þessi liður kröfunnar annars vegar kr. 405.359 og hins vegar kr. 566.216, eða samtals kr. 971.575. Þar af námu innheimtulaunin að meðtöldum virðisaukaskatti samtals kr. 946.540. Varnaraðili varð hæstbjóðandi í eignina á uppboðinu og nam boð hans kr. 41.000.000. Sýslumaðurinn gerði hinn 24. nóvember 2000 frumvarp að úthlutunargerð nauðungarsöluandvirðis fasteignarinnar og var hlutaðeigandi gefinn kostur á að gera athugasemdir eða mótmæla frumvarpinu til 22. desember 2000. Voru báðar kröfur varnaraðila teknar til greina að fullu. Athugasemdir bárust ekki og gaf sýslumaðurinn í Hafnarfirði út afsal til varnaraðila 28. desember 2000.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 25. september 2002, gerði sóknaraðili athugasemdir við kröfur varnaraðila eins og þær voru settar fram á fyrrgreindu uppboði. Taldi hann aðra kröfuna hafa verið kr. 737.052 hærri en rétt hefði verið og hina kr. 466.950. Fór sóknaraðili fram á að sér yrði greiddur umræddur mismunur, samtals kr. 1.204.002 auk dráttarvaxta frá 28. september 2000.

Varnaraðili hafnaði kröfunni með bréfi, dagsettu 20. nóvember 2002, og vísaði til gagna sýslumanns. Í bréfinu sagði hins vegar að ljóst væri að greiðslur hefðu haldið áfram að berast með sjálfvirkum hætti inn á umrædd tvö veðskuldabréf af trompbók sóknaraðila. Hefðu kr. 369.640 verið færðar ranglega af reikningnum vegna annars bréfsins, en kr. 235.924, að frádregnum kr. 90.588 sem ekki fengust greiddar af uppboðsandvirði, vegna hins. Endurgreiddi varnaraðili því þann dag annars vegar kr. 369.640 auk trompvaxta kr. 59.693 og hins vegar kr. 145.336 auk trompvaxta kr. 14.834, eða samtals kr. 535.369 inn á reikning sóknaraðila. Var sóknaraðila jafnframt tilkynnt að upphæðinni yrði ráðstafað upp í aðrar skuldir hans bærust ekki athugasemdir frá honum innan 14 daga. Mun honum hafa verið ráðstafað til greiðslu inn á skuldabréf nr. xxxxxx en sóknaraðili hafi lent í vanskilum með það bréf.

Með bréfi, dagsettu 3. febrúar 2003, mótmælti sóknaraðili fyrrgreindri afgreiðslu varnaraðila. Kvað hann ljóst að ef varnaraðili hefði ekki tekið fé af reikningum sóknaraðila á árunum 2000 og 2001 hefði verið nægjanlegt fé til að hafa síðastnefnt bréf í skilum. Þá krafðist sóknaraðili dráttarvaxta af hinu oftekna fé í stað trompvaxta. Kröfum sóknaraðila var hafnað með bréfi varnaraðila, dagsettu 6. mars 2003.

Málið barst úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 23. mars 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir í málinu eftirfarandi kröfur:

1. Að varnaraðila verði gert að endurgreiða sóknaraðila innheimtukostnað, kr. 946.540, auk dráttarvaxta frá 28. september 2000 til greiðsludags.
2. Að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila dráttarvexti í stað trompbókarvaxta af samtals kr. 514.975 sem hér segir:
 - a. af kr. 112.470. frá 28. september 2000 til 13. nóvember 2002.
 - b. af kr. 77.832 frá 3. október 2000 til 13. nóvember 2002.
 - c. af kr. 122.500 frá 20. október 2000 til 13. nóvember 2002.
 - d. af kr. 78.447 frá 3. nóvember 2000 til 13. nóvember 2002.
 - e. af kr. 123.726 frá 20. nóvember 2000 til 13. nóvember 2002.
3. Að varnaraðila verði gert að endurgreiða sóknaraðila vanskilakostnað, lögfræðikostnað og dráttarvexti að fjárhæð kr. 569.044, auk dráttarvaxta.
4. Að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila kr. 150.000 vegna kostnaðar sem sóknaraðili hefur orðið fyrir við að leita réttar síns.

Til stuðnings 1. lið kröfu sinnar vísar sóknaraðili til þess að umrædd skuldabréf hafi verið í skilum þegar uppboðið fór fram, enda hafi allar leigutekjur húsnæðisins runnið inn á trompreikning sem varnaraðili hafi haft að handveði. Þá hafi vinna lögmanns eingöngu falist í að semja kröfulýsingu og mæta á uppboðið, en engar tilkynningar um vanskil eða innheimtubríf hafi verið send sóknaraðila.

Að því er varðar 2. lið kröfu sóknaraðila bendir hann á að hann eigi rétt á dráttarvöxtum í stað trompbókarvaxta af því fé sem varnaraðili hafi oftekið, enda hafi varnaraðili á sama tíma verið að taka sér dráttarvexti af kröfu á hendur sama skuldara.

Sóknaraðili rökstyður 3. lið kröfu sinnar með því að vanskil hans á skuldabréfi nr. xxxxx verði rakin beint til þess að varnaraðili hafi tekið fjármuni út af sparisjóðsreikningi félagsins með þeim hætti sem fyrr var rakið, en fjármunirnir hefðu ella dugað til að halda skuldabréfi þessu í skilum.

Að því er varðar 4. lið kröfunnar vísar stefndi til þess að hann hafi þurft að kaupa utanaðkomandi aðstoð og leggja út í mikla vinnu við að leita réttar síns.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði annað hvort vísað frá úrskurðarnefndinni eða hafnað efnislega.

Varnaraðili vísar til þess að í 3. tölul. þeirra skuldabréfa, sem hvíldu á fasteign sóknaraðila hafi verið ákvæði þess efnis að skuldin væri öll í gjalddaga fallin án uppsagnar eða tilkynningar væri eignin auglýst eða seld nauðungarsölu. Varnaraðili hafi falið lögmannsstofu sinni að innheimta kröfuna og hafi innheimtulaun verið í samræmi við gjaldskrá hennar og tekið mið af þeim hagsmunum sem til innheimtu hafi verið.

Varnaraðili bendir á að það sé hlutverk sýslumanns að kanna sjálfstætt hvort og að hvaða leyti kröfur, sem lýst er við uppboð, fáist greiddar af uppboðsandvirði, sbr. 4. mgr. 50. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90, 1991. Hann geri síðan frumvarp að úthlutun sem kynnt sé öllum aðilum, sbr. 1. mgr. 51. gr., og veiti þeim frest til að andmæla efni frumvarpsins. Berist slík andmæli ekki teljist frumvarpið samþykkt sem endanleg úthlutunargerð, sbr. 2. mgr. 52. gr. Vísar varnaraðili til þess að engin mótmæli hafi borist við frumvarp sýslumanns að úthlutunargerð uppboðsandvirðis fasteignar sóknaraðila og hafi sóknaraðili ekki nýtt sér rétt til þess að koma slíkum mótmælum á framfæri. Varnaraðili telur ágreining þennan ekki falla undir verksvið nefndarinnar enda fjalli hún ekki um ágreining sem lögum samkvæmt heyri undir stjórnvöld, sbr. 6. gr. samþykktu fyrir nefndina.

Varnaraðili kveður greiðslur inn á þau skuldabréf sem hvíldu á fasteign sóknaraðila hafa millifærst sjálfkrafa í nokkurn tíma eftir nauðungarsöluna en hafa stöðvast þegar varnaraðili fékk vörslur hennar. Hafi varnaraðili um leið og þetta uppgötvaðist boðist til að gera sóknaraðila jafnsettan og ef greiðslurnar hefðu aldrei verið millifærðar af sparisjóðsreikningi hans.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa sýnt af sér fullkomið tómlæti í málinu. Þannig hafi liðið tæp tvö ár frá því að hætt var að millifæra sjálfvirkt af reikningi sóknaraðila þar til hann gerði athugasemdir. Í millitíðinni hafi önnur skuld hans við varnaraðila lent í vanskilum og lögfræðinnheimtu án þess að hann hafi nokkurn tíma hreyft þeirri hugmynd að sú skuld hefði átt að greiðast af leigutekjum sem lögðust inn á reikninginn. Hafi það staðið sóknaraðila nær að fylgjast með hreyfingum á reikningi sínum og gera athugasemdir. Þá bendir varnaraðili á að samkvæmt handveðsyfirlýsingu hafi honum verið heimilt að grípa til innstæðu reikningsins ef vanskil yrðu á skuldum sem sóknaraðili bæri ábyrgð á. Varnaraðila hafi hins vegar ekki borið að vakta viðskiptareikning sóknaraðila og gæta þess að vanskil yrðu ekki. Slíkt hafi verið í verkahring sóknaraðila eins og annarra skuldara.

V.**Niðurstaða.**

Sóknaraðili gerir í fyrsta lagi kröfu til þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum innheimtukostnað sem lýst var við nauðungarsölu á fasteign sóknaraðila, samtals kr. 946.540, auk dráttarvaxta frá 28. september 2000 til greiðsludags Samkvæmt a-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um ágreining sem lögum samkvæmt heyrir undir stjórnvöld. Samkvæmt 1. mgr. 50 gr. laga um nauðungarsölu nr. 90, 1991 gerir sýslumaður frumvarp til úthlutunar á söluverði eignar sem seld er nauðungarsölu. Hafi kröfu um greiðslu af söluverðinu verið lýst og sýnt er að hún fáist greidd að nokkru eða öllu skal sýslumaður samkvæmt 4. mgr. 50. gr. leggja mat á það af sjálfsdáðum við gerð frumvarps með hverri fjárhæð og hvar í réttindaröð krafan verði viðurkennd að lögum á grundvelli framkominna gagna. Í samræmi við ákvæði þessi gerði sýslumaðurinn í Hafnarfirði hinn 24. nóvember 2000 frumvarp til úthlutunar á söluverði eignar sóknaraðila. Athugasemdir bárust ekki við frumvarpið og var það því lagt óbreytt til grundvallar úthlutun, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga nr. 90, 1991. Ágreiningur um úthlutun söluverðs heyrir samkvæmt framansögðu undir stjórnvöld og verða ekki síðar borin undir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Er því óhjákvæmilegt að vísa þessari kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni, sbr. a-lið 6. gr. samþykktu fyrir nefndina.

Í öðru lagi krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að greiða honum dráttarvexti í stað trompvaxta af fé sem millifært var ranglega af reikningi sóknaraðila til greiðslu á skuldum sem nánast fengust greiddar að fullu með uppboðsandvirði eignar sóknaraðila.

Ekki verður séð með sannanlegum hætti að sóknaraðili hafi gert neinar athugasemdir við þessar millifærslur af reikningi sínum en bréf hans til varnaraðila, dagsett 25. september 2002, tæpum tveimur árum eftir nauðungarsölu á fasteign sóknaraðila, snéri að öðrum atriðum. Varnaraðili hafði sjálfur frumkvæði að því að færa á ný inn á reikning sóknaraðila þær fjárhæðir sem ranglega höfðu verið af honum færðar tæpum tveimur árum fyrr. Auk þess greiddi varnaraðili sóknaraðila vexti á fjárhæðirnar í samræmi við skilmála hlutaðeigandi reiknings. Var sóknaraðili þar með gerður jafnsettur og ef fjárhæðirnar hefðu verið á reikningi hans umræddan tíma. Sóknaraðili á að lögum ekki sjálfkrafa rétt til dráttarvaxta af fénu og breytir þá engu hvort hann kunni að hafa þurft að greiða dráttarvexti af annari kröfu varnaraðila á hendur honum. Með vísan til alls framanritaðs er þessari kröfu sóknaraðila hafnað.

Í þriðja lagi gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum vanskilakostnað, lögfræðikostnað og dráttarvexti vegna vanskila sóknaraðila á greiðslu skuldabréfs nr. 1101-74-64201 enda verði vanskil hans á greiðslu afborgana rakin til þess að varnaraðili hafi oftekið fé af sóknaraðila með fyrrgreindum millifærslum.

Á sóknaraðila hvíldi skylda til greiðslu afborgana af skuldabréfi nr. xxxxx á umsömdum gjalddögum. Var hún óháð öðru kröfuréttarlegu sambandi aðila. Getur sóknaraðili því ekki borið því við löngu síðar að vanskilin verði rakin til oftekens fjár af hálfu varnaraðila. Er því óhjákvæmilegt að hafna þessari kröfu sóknaraðila.

Í fjórða lagi krefst sóknaraðili kr. 150.000 vegna kostnaðar við að leita réttar síns. Úrskurðarnefndin hefur engar heimildir til að verða við kröfu þessari og er henni þegar af þeirri ástæðu hafnað.

Samkvæmt öllu framangreindu verður kröfu sóknaraðila um að varnaraðila, verði gert að endurgreiða honum innheimtukostnað, kr. 946,540, auk dráttarvaxta frá 28. september 2000 til greiðsludags vísað frá úrskurðarnefndinni en öðrum kröfum á hendur varnaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um að varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, verði gert að endurgreiða honum innheimtukostnað, kr. 946,540, auk dráttarvaxta frá 28. september 2000 til greiðsludags er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Öðrum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila er hafnað.

Reykjavík, 26. ágúst 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, þriðjudaginn 19. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 7/2004**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 23. mars 2004, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 25. (sic) sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. mars 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 16. apríl 2004. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. apríl 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 30. apríl 2004. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. júní 2004, var óskað eftir frekari upplýsingum varnaraðila. Þær bárust með bréfi varnaraðila, dagsettu 7. sama mánaðar.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14/5, 21/5, 22/7, 26/8, 15/9, 12/10 og 19/10 2004. 2004.

II.

Málsatvik.

Hinn 16. júní 1999 gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð vegna reikningsláns A, á reikningi hennar nr. XXXX. Var ábyrgðin bundin við kr. 100.000 hámarksfjárhæð.

Með innheimtubrési varnaraðila, dagsettu 19. janúar 2004, var sóknaraðili krafinn um hámarksfjárhæðina ásamt dráttarvöxtum og innheimtupóknun eða samtals kr. 127.762. Sóknaraðili mótmælti kröfunni með bréfi til varnaraðila, dagsettu 5. febrúar 2004, á þeim grundvelli að samkvæmt samkomulagi um notkun sjálfskuldarábyrgða skyldi ábyrgð fyrir yfirdráttarheimild tékkareiknings ekki gilda lengur en í fjögur ár frá útgáfudegi. Mótmælin voru ítrekuð með bréfi sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 15. febrúar 2004. Þeim var hafnað af varnaraðila með bréfi, dagsettu 20. sama mánaðar. Sóknaraðili greiddi kröfu varnaraðila með fyrirvara hinn 24. febrúar 2004 með kr. 100.000 en samkomulag hafði þá náðst um lækkun kröfunnar.

Málið barst úrskurðarnefnd hinn 23. mars 2004 með kvörtun sóknaraðila.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði honum kr. 100.000.

Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sem tekið hafi gildi 1. nóvember 2001, skuli sjálfskuldarábyrgð fyrir yfirdráttarheimild á tékkareikningi ekki gilda lengur en í fjögur ár. Þar sem yfirlýsing hans um sjálfskuldarábyrgð hafi verið gefin út 16. júní 1999 hafi hún runnið út 16. júní 2003 og hann því laus undan ábyrgðinni þegar varnaraðili krafðist greiðslu um sjö mánuðum síðar.

Sóknaraðili kveður varnaraðila enga tilkynningu hafa sent um að ábyrgðin væri að renna út. Þá hafi honum heldur aldrei borist neitt yfirlit yfir stöðu reiknings A.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður ábyrgð sóknaraðila hafa verið til tryggingar greiðslu á yfirdráttarláni A frá 16. júní 1999 til 16. júní 2003. Forsenda þess að á sjálfskuldarábyrgð reyni sé að um vanefnd af hálfu aðalskuldara sé að ræða. Hafi yfirdráttarskuldin síðastgreindan dag numið kr. 152.118,49. Varnaraðili kveðst hafa gjaldfellt yfirdráttarlánið hinn 12. janúar 2004 og hafið innheimtuaðgerðir gagnvart eiganda tékkareikningsins og ábyrgðarmanni hinn 19. janúar 2004.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 4. tölul. 3. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14, 1905 fyrnist kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum á fjórum árum. Þegar um sé að ræða ábyrgð sem fyrnist á 10 árum eins og hér um ræði teljist fyrningartíminn frá þeim degi sem krafa á hendur ábyrgðarmanni varð gjaldræf í raun og veru, jafnvel þótt hún hefði getað fallið fyrir í gjalddaga, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna.

Varnaraðili telur fyrningarfrest á ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila ekki hafa tekið að líða fyrir en skuld samkvæmt aðalkröfu hafi verið gjaldfelld. Hafi krafa varnaraðila því ekki verið fyrnd þegar sóknaraðili greiddi kröfuna með fyrirvara 24. febrúar 2004. Í öllu falli verði að miða fyrningarfrestinn við lokadag gildistíma ábyrgðarloforðsins hinn 16. júní 2003.

Varnaraðili kveður lögbundna fyrningarfresti gilda um kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum þó svo að gildistími skuldbindinganna sé tímabundinn. Lok gildistíma hafi því eingöngu þýðingu að því er varðar ábyrgðarfjárhæðina, en hún verði aldrei hærri en sem nemi skuld á lokadegi.

Varnaraðili kveðst hafa sent sóknaraðila árlega tilkynningu um ábyrgðarskuldbindingu hans.

V.

Niðurstaða.

Hinn 16. júní 1999 gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttar A, á reikningi hennar nr. XXXX, hjá varnaraðila. Var ábyrgðin bundin við kr. 100.000 hámarksfjárhæð. Þegar yfirlýsingin var gefin út var í gildi samkomulag Sambands íslenskra viðskiptabanka, Sambands íslenskra sparisjóða, Kreditkorta hf., Greiðslumiðlunar hf., Neytendasamtakanna og viðskipta- og félagsmálaráðherra af hálfu stjórnvalda frá 27. janúar 1998. Samkvæmt 2. mgr. 6. tölul. samkomulagsins skyldi

sjálfskuldarábyrgð fyrir yfirdráttarheimild tékkareiknings ekki gilda lengur en í fjögur ár frá útgáfudegi. Sambærilegt ákvæði er nú í 3. másl. 1. mgr. 6. gr. gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Samkvæmt þessu gildi sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila til 16. júní 2003 en ekki 18. sama mánaðar eins og greinir ranglega í yfirliti varnaraðila, dagsettu 31. desember 2002.

Hinn 16. júní 2003 nam skuld á reikningi A kr. 152.118,49. Samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila nam ábyrgð hans að hámarki kr. 100.000, auk vaxta og kostnaðar við innheimtu skuldarinnar frá þeim degi sem greiðsluáskorun til skuldara er dagsett. Samkvæmt málatilbúnaði varnaraðila féll skuld A í gjalddaga 12. janúar 2004 eða tæpum sjö mánuðum eftir lok ábyrgðartíma sóknaraðila. Til úrlausnar er því hvort að ábyrgðarmaður beri ábyrgð á skuld sem er til staðar þegar ábyrgð hans lýkur en fellur ekki í gjalddaga fyrir en eftir lok ábyrgðartíma.

Af eðli greiðsluskyldu ábyrgðarmanns leiðir að hún er skilorðsbundin og verður fyrst virk við greiðslufall aðalskuldara. Þegar um sjálfskuldarábyrgð er að ræða getur kröfuhafi ekki gengið að ábyrgðarmanni fyrir en ljóst er að aðalskuldari muni ekki efna skyldur sínar á réttum tíma og sá tími sé kominn. Það tímamark nefnist gjalddagi og er skuld þá gjaldkræf. Getur kröfuhafi þá fyrst krafist skuldara um efndir. Af hálfu varnaraðila er á því byggt að skuld nefndrar A hafi fallið í gjalddaga 12. janúar 2004. Samkvæmt því sem að framan er lýst var sóknaraðili þá ekki í ábyrgð fyrir skuld A og verður því ekki krafinn um skuld sem gjaldféll þá. Ber hér og að hafa í huga að varnaraðili hafði alla möguleika á að gera kröfu um frekari ábyrgðir þá er ábyrgð sóknaraðila féll úr gildi, svo og að hafa orðalag ábyrgðaryfirlýsingarinnar þannig að ljóst væri að hún tæki til skuldar sem til staðar væri við lok ábyrgðartíma þótt hún væri ekki fallin í gjalddaga, hafi það verið ætlun aðila.

Af framangreindu leiðir að fallast verður á kröfu sóknaraðila og gera varnaraðila að endurgreiða honum kr. 100.000. Vaxta hefur ekki verið krafist.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, fjármálafyrirtækið F, greiði sóknaraðila, M, kr. 100.000.

Reykjavík, 19. október 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sérálit Grétars Grétarssonar og Sölva Sölvasonar

Við erum sammála þeirri niðurstöðu meirihluta nefndarinnar að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila hafi gilt til 16. júní 2003 en ekki 18. sama mánaðar. Hinn 16. júní 2003 nam skuld á reikningi A kr. 152.118,49. Samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila nam ábyrgð hans að hámarki kr. 100.000. Var það því fjárhæð ábyrgðarskuldar sóknaraðila við varnaraðila á lokadegi ábyrgðartímans. Engar innborganir hafa borist á reikninginn frá þeim tíma. Sú ábyrgðarskuld sóknaraðila fyrnist á fjórum árum samkvæmt 4. tölul. 3. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14, 1905 en fellur ekki niður á lokadegi ábyrgðartíma. Teljum við í þeim efnum eðlilegt að miða upphaf fyrningarfrests við lokadag ábyrgðartíma samkvæmt

ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila. Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða okkar að ábyrgðarskuld sóknaraðila hafi verið ófyrnd þegar varnaraðili hóf innheimtu hennar. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem hann hefur innt af hendi til varnaraðila á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar sinnar.

Grétar Grétarsson

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2005, fimmtudaginn 13. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Gunnar Viðar, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson, sem tilnefndur var hinn 30. ágúst 2004 til setu ad hoc í nefndinni í máli því sem hér er til úrskurðar.

Fyrir er tekið **mál nr. 8/2004:**

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og F, fjármálafyrirtækinu hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 25. mars 2004, með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri 23. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. mars 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi B, dagsettu 28. apríl 2004. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. apríl 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 2. júní 2004. Þær voru sendar lögmanni varnaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. júlí 2004, og honum gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum. Þær bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 23. ágúst 2004. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 25. október 2004, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila. Þau bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 24. nóvember 2004. Var bréfið ásamt fylgigögnum sent lögmanni sóknaraðila með bréfi, dagsettu 14. desember 2004 og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Bárust þær með bréfi lögmannsins, dagsettu 10. janúar 2005

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 22. júlí, 26. ágúst, 15. september, 12. og 19. október, 14. desember 2004 og 13. janúar 2005.

II.

Málsatvik.

Hinn 6. ágúst 1999 gerðu aðilar máls þessa með sér samning um ávöxtun og vörslu eigna sóknaraðila. Samkvæmt 1. gr. samningsins skyldi varnaraðili kaupa verðbréf fyrir fé sóknaraðila samkvæmt fjárfestingastefnu sem fylgdi samningnum. Skuldbatt varnaraðili sig til að varðveita verðbréf og önnur verðmæti sóknaraðila á öruggan og tryggan hátt.

Samhliða samningnum veitti sóknaraðili varnaraðila umboð til kaupa og sölu á verðbréfum samkvæmt téðri fjárfestingastefnu, sbr. 3. gr. samningsins. Náði umboðið

einnig til að innleysa og innheimta afborganir, verðbætur og vexti af verðbréfum í vörslu varnaraðila, svo og til að stofna sparifjárreikning í nafni sóknaraðila hjá almennri innlánsstofnun og til að leggja inn og taka út fé. Sérstaklega var tiltekið að umræddur reikningur skyldi eingöngu notaður vegna fjárvörslu.

Samkvæmt 5. gr. samnings aðila skyldi áðurgreind fjárfestingarstefna vera hluti samningsins. Var þar kveðið á um að allar breytingar á fjárfestingarstefnu skyldi staðfesta skriflega með bréfi, símbréfi eða rafpósti. Samkvæmt fjárfestingarstefnunni, sem dagsett er sama dag og samningur aðila, skyldi fé sóknaraðila varið í hans nafni til kaupa á hlutabréfum á innlendum markaði (0-70%), hlutabréfum á erlendum markaði (0-70%) og einingum í sjóðum varnaraðila (0-50%). Voru markmiðin með fjárfestingarstefnunni sögð vera þau að fjárfesta nær eingöngu í hlutabréfum og nýta skammtímasveiflur á innlendum og erlendum hlutabréfamarkaði.

Fyrirgreindan dag afhenti sóknaraðili varnaraðila kr. 9.330.000 til vörslu. Á næstu misserum átti varnaraðili í umsvifamiklum verðbréfavíðskiptum með fé sóknaraðila. Gerði hann t.a.m. á tímabilinu frá 15. nóvember 1999 til og með 18. september 2000 19 framvirka samninga í nafni sóknaraðila. Voru tíu þeirra framlengdir tvisvar sinnum eða oftar, þar af einn fimm sinnum. Síðustu samningunum var lokað 27. september 2001.

Með bréfi þáverandi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 28. ágúst 2001 var óskað eftir upplýsingum um heimildir varnaraðila vegna skuldbindinga í framkvirkum samningum, svo og skýringa á viðskiptum sem áttu sér stað eftir aprílbyrjun árið 2000. Varnaraðili svaraði erindinu með bréfi, dagsettu 5. september 2001. Með bréfi varnaraðila, dagsettu 12. september 2001, var sóknaraðila tilkynnt að verðmæti verðbréfa sem lögð hefðu verið til tryggingar nægðu ekki til að uppfylla tryggingarákvæði samninganna og þess krafist að hann legði fram frekari tryggingar.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 25. september 2001, var óskað eftir afritum af öllum framkvirkum samningum sem gerðir hefðu verið og upplýsingar um umboð til samningsgerðar og uppgjör samninga. Varnaraðili sendi lögmanni sóknaraðila bréf, dagsett 9. október 2001. Lögmaðurinn gerði með bréfi, dagsettu 14. nóvember 2001, ýmsar athugasemdir við fjárvörslu varnaraðila og krafðist þess að allir skiptasamningar yrðu bakfærðir, tap vegna skuldbindinga á yfirdráttarreikningi yrði bakfært auk vaxta og þóknun varnaraðila felld niður.

Mál þetta barst úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 23. mars 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði honum kr. 9.771.694 ásamt dráttarvöxtum frá 14. desember 2001.

Í fyrsta lagi gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðili bæti honum nettó tap vegna 19 skiptasamninga sem varnaraðili hafi gert fyrir hans hönd án þess að hafa til þess umboð. Sóknaraðili kveður enga heimild til gerðar skiptasamninga hafa falist í upphaflegum fjárvörslusamningi aðila. Þá hafi efni samninganna aldrei verið kynnt sóknaraðila. Ennfremur hafi samningarnir, sem hafi verið afar ruglingslegir og illa úr garði gerðir, margoft verið framlengdir án heimildar og uppgjóri frestað. Í þeim hafi falist gríðarleg áhætta fyrir sóknaraðila en engin fyrir varnaraðila sem aftur á móti hafi haft af þeim stórfelldar tekjur í formi gengishagnaðar, þóknana og vaxta. Þá telur sóknaraðili upplýsingagjöf varnaraðila hafa verið mjög ábótavant. Nemur krafa sóknaraðila að þessu

leyti kr. 10.936.687 sem er mismunur af tapi sóknaraðila við uppgjör nokkurra samninga, kr. 14.923.250, að frátöldum hagnaði við uppgjör annarra, kr. 3.959.563.

Í öðru lagi krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði honum kr. 6.356.325 vegna taps sem varð af viðskiptum með hlutabréf í átta nánar tilgreindum hlutafélögum sem stofnað hafi verið til af hálfu varnaraðila í nafni sóknaraðila án þess að innstæða hafi verið fyrir hendi á sparifjárreikningi sóknaraðila hjá varnaraðila. Kveður sóknaraðili hvergi hafa verið mælt fyrir um það í fjárvörslusamningi aðila að varnaraðili hefði heimild til að skuldbinda sóknaraðila við lána- eða yfirdráttarskuldbindingar.

Í þriðja lagi krefst sóknaraðili endurgreiðslu þóknana sem varnaraðili hafi skuldfært á reikning hans, samtals kr. 1.877.983. Telur sóknaraðili það eðlilegt í ljósi atvika máls.

Samkvæmt framansögðu krefst sóknaraðili kr. 19.170.995 (kr. 10.936.687 + kr. 6.356.325 + 1.877.983) að frádreginni skuld sóknaraðila við varnaraðila samkvæmt viðskiptayfirliti, kr. 9.399.301 eða samtals kr. 9.771.694.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir þá kröfu að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Í fyrsta lagi telur varnaraðili að honum hafi með rafpósti hinn 16. nóvember 1999 verið gefin fyrirmæli af hálfu sóknaraðila um breytta fjárfestingarstefnu. Hafi varnaraðila þar verið veitt heimild til kaupa og sölu á framvirkum samningum fyrir hönd sóknaraðila og honum gefin fyrirmæli um að festa fé í fleiri slíkum samningum. Hafi sóknaraðili aldrei afturkallað þetta umboð til kaupa á framvirkum samningum heldur þvert á móti hvatt til frekari kaupa. Þá vísar varnaraðili til þess að fyrirsvarsmaður sóknaraðila sé viðskiptafræðingur með víðtæka þekkingu á verðbréfavíðskiptum. Hafi hann m.a. ritað undir viðauka við eignastýringarsafn sitt þar sem hann hafi staðfest að hann gerði sér grein fyrir eðli afleiðuviðskipta og þeirri áhættu sem þeim fylgdi og að hann hafi aflað sér upplýsinga þriðja aðila um þau efni.

Í öðru lagi bendir varnaraðili á að samkvæmt 3. gr. fjárvörslusamnings aðila hafi umboð hans náð til að stofna sparifjárreikning í nafni sóknaraðila hjá almennri innlánsstofnun og til að leggja inn og taka út fé. Telur varnaraðili slíkt umboð nauðsynlegt enda sé bæði hagnaður og tap fært á slíka reikninga, en stofnun þeirra sé forsenda viðskipta með afleiður. Þar sem sóknaraðili hafi ekki boðist til að greiða tap af þeim viðskiptum hafi varnaraðila bæði verið rétt og skylt að færa það á reikning sóknaraðila. Þá telur varnaraðili kröfu um meintan yfirdrátt á sjóðsbók ekki eiga við rök að styðjast. Hvorki hafi verið um það að ræða að verið væri að skuldbinda sóknaraðila umfram eignir né hafi varnaraðili tekið lán í nafni sóknaraðila. Ennfremur telur varnaraðili að draga verði frá hagnað vegna annarra viðskipta sem eins hátti um eigi að gera varnaraðila að bæta tjón sóknaraðila vegna viðskipta sem tap varð á.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi ekki gert athugasemdir við fjárvörslu varnaraðila fyrr en varnaraðili hafi óskað eftir frekari tryggingum vegna taps sem orðið hafði á viðskiptum með framvirka samninga. Hafi sóknaraðili notið hagnaðar af fjárvörslunni og verði að sama skapi að bera ábyrgð af því tapi sem af hlaust. Engu breyti þótt varnaraðili hafi veitt yfirdráttarlán fyrir því tapi sem orðið hafi vegna kaupa á framvirkum samningum. Hafi það eingöngu verið sóknaraðila til hagsbóta. Varnaraðili

vísar og til þess að hann hafi ekki skuldbundið sig til að veita sóknaraðila einhverja lágmarks ávöxtun

Varnaraðili mótmælir upphafstíma dráttarvaxta á kröfu sóknaraðila. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi sérstaklega með rafpósti 16. nóvember 1999 samþykkt framvirkan samning um kaup á hlutabréfum í D, og sómuleiðis í E, með rafpósti 11. febrúar 2000, en tap af hinum fyrrnefnda hafi numið kr. 2.421.430 en af þeim síðari kr. 783.515. Þá hafi sóknaraðili með rafpósti 1. febrúar 2000 verið upplýstur um framvirka samninga í G, H, I, J, og K. Hafi hagnaður af hinum þremur fyrstnefndu numið kr. 729.738 en tap vegna hinna tveggja kr. 4.382.294. Samkvæmt þessu telur varnaraðili ítrustu kröfu sóknaraðila geta verið kr. 2.184.455.

V.

Niðurstaða.

Eins og fyrr var rakið gerðu aðilar máls þessa með sér samning um ávöxtun og vörslu eigna sóknaraðila hinn 6. ágúst 1999. Samkvæmt 1. gr. samningsins skyldi varnaraðili kaupa verðbréf fyrir fé sóknaraðila samkvæmt fjárfestingarstefnu sem fylgdi samningnum. Samhliða samningnum veitti sóknaraðili varnaraðila umboð til kaupa og sölu á verðbréfum samkvæmt téðri fjárfestingarstefnu, sbr. 3. gr. samningsins. Samkvæmt fjárfestingarstefnunni, sem dagsett er sama dag og samningur aðila, skyldi fé sóknaraðila varið í hans nafni til kaupa á hlutabréfum á innlendum markaði (0-70%), hlutabréfum á erlendum markaði (0-70%) og einingum í sjóðum varnaraðila (0-50%). Voru markmiðin með fjárfestingarstefnunni eins og áður greinir sögð vera þau að fjárfesta nær eingöngu í hlutabréfum og nýta skammtímasveiflur á innlendum og erlendum hlutabréfamarkaði.

Afleiður voru á þessum tíma ein tegund verðbréfa. Um er að ræða samning þar sem virði hans ræðst af verði einhvers annars, t.d. hlutabréfs, skuldabréfs eða gjaldmiðils. Skipta má afleiðum í fjóra meginflokka, framvirka samninga (e. forwards), staðlaða framvirka samninga (e. futures), valrétti (e. options) og skiptasamninga (e. swaps). Framvirkur samningur er samningur milli tveggja aðila um að kaupa eða selja eign á ákveðnum tíma í framtíðinni á verði sem ákveðið er við gerð samningsins. Kaupir annar aðilinn þá undirliggjandi eign en hinn selur. Staðlaður framvirkur samningur er sama efnis nema hvað hann er skráður í kauphöll og er markaðsverð hans þá fundið á hverjum degi. Valréttur felur í sér rétt kaupanda til að selja eða kaupa tiltekið magn af undirliggjandi eign á tilteknu verði á tilteknum tíma. Skiptasamningur er samningur milli tveggja aðila um að skiptast á ákveðnu greiðsluflæði í framtíðinni. Greinast skiptasamningar í vaxtaskiptasamninga og gjaldmiðlaskiptasamninga. Samningar þeir sem hér eru til umfjöllunar eru framvirkir samningar í ofangreindum skilningi.

Samkvæmt fyrrgreindri fjárfestingarstefnu sem var hluti fjárvörslusamnings aðila skyldi fé annars vegar varið til kaupa á innlendum og erlendum hlutabréfum og hins vegar í einingum í sjóði varnaraðila og hafði varnaraðili umboð til kaupa á þess háttar verðbréfum. Samkvæmt framansögðu náði umboð varnaraðila ekki til kaupa á afleiðum og breytir þar engu þó innlend og erlend hlutabréf hafi verið undirliggjandi eign þeirra.

Kemur þá næst til skoðunar hvort sóknaraðili hafi síðar veitt varnaraðila almennt umboð til kaupa og sölu á afleiðum. Hefur varnaraðili haldið því fram að með rafpósti 16. nóvember 1999 hafi sóknaraðili veitt honum umboð til kaupa og sölu á framvirkum samningum.

Í fyrrgreindum rafpósti greinir m.a.:

„...2) *D, framvirkt fínt mál*

3) *Gera FLEIRI framvirka samninga í erlendum félögum*

4) *Kaupa framvirkt í L, fyrir 1 m.kr.*

...

7) *Upplýsingar um framvirka samninga [sóknaraðila] eru ekki á netinu.*

Sendu upplýsingar um nafnverð bréfa, kostnað við kaup, kaupgengi, gengi dollara..."

Samkvæmt gögnum málsins var samningur um kaup á bréfum í D, upphaflega gerður 15. nóvember 1999 og samningur um bréf í L hf. 18. nóvember 1999. Ekki verður ráðið að aðrir framvirkir samningar hafi verið gerðir milli aðila fyrir þennan tíma. Framangreindur rafpóstur verður ekki talinn fela í sér almennt umboð til handa sóknaraðila til kaupa og sölu á afleiðum eða gerðar framvirkra samninga sérstaklega án sérstaks samþykkis sóknaraðila. Hafði varnaraðili, sem hefur atvinnu af því að veita öðrum verðbréfaþjónustu, öll tækifæri á að tryggja sér með sannanlegum hætti almennt umboð þessa efnis. Verður varnaraðili eins á stendur að bera allan halla af því að slíkt umboð liggur ekki fyrir með skýrum hætti.

Eins og fyrr greinir liggur fyrir að á tímabilinu frá 15. nóvember 1999 til 18. september 2000 voru gerðir 19 framvirkir samningar milli aðila þar sem sóknaraðili keypti framvirkt af varnaraðila hlutabréf í jafn mörgum félögum, fjórum innlendum og 15 erlendum. Nam nettótap sóknaraðila af viðskiptunum kr. 10.936.687 og hefur þeirri fjárhæð ekki verið mótmælt sérstaklega af varnaraðila.

Verður þá næst litið til þess hvort sóknaraðili hafi í einhverjum tilvikum samþykkt fyrir sitt leyti einstök viðskipti annað hvort áður en þau áttu sér stað eða eftir á.

Af fyrrgreindum rafpósti, dagsettu 16. nóvember 1999, verður ekki annað ráðið en að sóknaraðila hafi verið kunnugt um gerð framvirks samnings um kaup á bréfum í D., dagsetts 15. nóvember 1999, og hafi veitt samþykki sitt fyrir honum. Er þess þá og að geta að með rafpósti 20. desember 1999 óskar sóknaraðili eftir upplýsingum um framvirka samninga „sem hafa verið gerðir í m.a. D.“ Í rafpósti sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 11. febrúar 2000, kemur og fram að sóknaraðila hafi verið kunnugt um að „keypt [hafi verið] framvirkt í D.“ Verður sóknaraðili því að bera það tap sem endanlega varð af umræddum samningi, kr. 2.421.430.

Með rafpósti sóknaraðila til varnaraðila hinn 9. febrúar 2000 innir sóknaraðili varnaraðila eftir því hvort sniðugt sé að gera framvirkan samning um kaup á hlutabréfum í E. Varnaraðili svarar síðar sama dag og telur slíkan samning vera gott mál. Í rafpósti sóknaraðila til varnaraðila hinn 11. febrúar 2000 segir m.a.:

„...5. *Tilbúnir í framvirkan í E., Ákvörðun XX...*“

Ekki er um það deilt að XX stendur fyrir þann starfsmann varnaraðila sem hafði með mál sóknaraðila að gera. Þykir eftir atvikum ekki varhugavert að leggja þann skilning í umrædd orð rafpóstsins að í honum felist samþykki sóknaraðila fyrir gerð framvirks samnings um kaup á hlutabréfum í E þegar og ef nefndur starfsmaður varnaraðila teldi ástæðu til. Framvirkur samningur þessa efnis var gerður 4. apríl 2000. Verður sóknaraðili því sömuleiðis að bera tap sitt af samningi þessum, kr. 783.515.

Í rafpósti, dagsettu 6. mars 2000, sem virðist hafa verið sendur af einum félagsmanni sóknaraðila til annars, er spurt um hvaða framvirka samning varnaraðili hafi innleyst þann 1. sama mánaðar. Kveðst sendandi vona að það hafi ekki verið I, þar sem

„þeir [séu] enn á blússandi siglingu.“ Þá hafi K, verið með svipaða hækkun og I, frá 28. september til 1. mars. Kveðst sendandi þess vegna vera að velta fyrir sér hvorn samninginn varnaraðili hafi innleyst. Síðan bætir sendandi við: „... (eða var það jafnvel J,?).“ Sóknaraðili framsendi fyrrgreindan rafpóst til varnaraðila hinn 8. mars 2000 með þeirri athugasemd að félagarnir væru vel vakandi. Sama dag upplýsti varnaraðili í rafpósti að hann hefði lokað samningi um I, en jafnframt að hann hefði ekki lokað samningi varðandi K. Áður hafði varnaraðili sent sóknaraðila rafpóst hinn 1. febrúar 2000 þar sem sóknaraðili var upplýstur um framvirka samninga í N, hf., J, G, H, I, og K,

Í rafpósti sóknaraðila til varnaraðila hinn 4. október 2000 er varnaraðili inntur eftir hvaða framvirku samninga hann hafi gert, hvert kaupverð hafi verið og hver staða bréfanna sé. Varnaraðili svaraði sóknaraðila með ítarlegum rafpósti sama dag. Þar segir m.a.:

„Framvirkir samningar:

Hér höfum við átt erfitt uppdráttar. Ég ætla mér að hafa það að forgangsverkefni að loka framvirkum samningum, afgíra safnið - en gera það þannig að þegar ég loka í hagnaði þá loka ég öðrum í tapi og netta það þannig út....

Í dag er töluvert tap af framvirkum samningum en ég hef tekið í D, eins og við vitum, auk K, J, P, R, S, E, T, og U.

Af þessum samningum hef ég einungis áhyggjur af því að þurfa [að] loka K, R, og T, í tapi. Önnur fyrirtæki á ég von á (ef spá mín með hækkandi markaði gengur eftir) að hækki einna mest þegar markaðir taka við sér.

Samtals er tap á þessum samningum núna í kringum 8 milljónir. Eins og ég sagði að ofan, þá kem ég til með að nota þá aðferð að loka einum samningi í tapi um leið og álíka samningur er í hagnaði.“

Sóknaraðili svaraði með rafpósti 10. október 2000 til varnaraðila. Þar segir m.a.:

„Okkur lýst [sic] vel á strategíuna að afgíra framvirku í núllið.“

Af rafpóstssamskiptum aðila í byrjun mars 2000 verður ekki annað ráðið en að sóknaraðila hafi verið fullkunnugt um gerð framvirkra samninga um hlutabréf í I, K, og J. Um þau viðskipti hafði sóknaraðili og verið allvel upplýstur hinn 1. febrúar 2000 með rafpósti varnaraðila. Verður heldur ekki séð að sóknaraðili hafi hreyft andmælum þar við eða gert sérstakar athugasemdir. Þykir því ekki varhugavert að leggja til grundvallar að sóknaraðili hafi fyrir sitt leyti samþykkt téð viðskipti. Hagnaður varð af viðskiptum með bréf I, en kr. 660.816 tap af viðskiptum með K, og af viðskiptum með bréf J, hf., kr. 863.743. Verður sóknaraðili samkvæmt þessu að bera það tap sjálfur. Hagnaður varð af viðskiptum með bréf annarra félaga sem minnst er á í rafpósti varnaraðila 1. febrúar 2000 en talið verður að sóknaraðili hafi fyrir sitt leyti samþykkt þau viðskipti.

Að öðru leyti en að framan greinir verður ekki talið að varnaraðili hafi sýnt nægilega fram á samþykki sóknaraðila eða umboð sér til handa til gerðar framvirkra samninga með bréf annarra félaga. Verður ekki hjá því komist að meta allan vafa í þessum efnum og óskýrleika varnaraðila í óhag eins og fyrr greinir, enda stóð það honum mun nær að tryggja sér skýrt umboð eða samþykki til ofangreindra viðskipta eins og fyrr er rakið. Ber varnaraðila því að bæta sóknaraðila það tjón sem varð af viðskiptum vegna framvirkra samninga með hlutabréf V, kr. 97.837, T, kr. 2.812.887, S, kr. 1.822.379, R, kr. 84.711 og P, kr. 2.491.197, eða samtals kr. 7.309.011, að frádregnum hagnaði sem sóknaraðili verður talinn hafa fengið af öðrum framvirkum samningum sem gerðir voru

án samþykkis hans. Nemur hann kr. 215.229 af samningi um bréf í Þ, kr. 409.023 af samningi um bréf í Æ, kr. 698.545 af samningi um bréf í Ö, og kr. 810.320 af samningi um bréf í U, eða samtals kr. 2.133.117. Verður varnaraðila því gert að greiða sóknaraðila kr. 5.175.894. Rétt þykir að fjárhæðin beri almenna vexti samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá lokun síðustu samninga 27. september 2001 til 25. apríl 2004, en þá var liðinn mánuður frá því að sóknaraðili lagði fram endanlega kröfugerð sína. Skal fjárhæðin bera dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38, 2001 frá þeim tíma til greiðsludags. Með vísan til framangreindrar niðurstöðu verður varnaraðila gert að endurgreiða sóknaraðila hvers konar þóknunir og kostnað vegna gerðar framvirkra samninga með hlutabréf í níu síðastgreindum hlutafélögum og eftir atvikum framlengingu þeirra. Ekki er fallist á kröfu sóknaraðila um frekari endurgreiðslu þóknana.

Þá gerir sóknaraðili þá kröfu að varnaraðili greiði honum kr. 6.356.325 vegna taps sem varð af viðskiptum með hlutabréf í átta nánar tilgreindum hlutafélögum sem stofnað hafi verið til af hálfu varnaraðila í nafni sóknaraðila án þess að innstæða hafi verið fyrir hendi á sparifjárreikningi sóknaraðila hjá varnaraðila. Fyrir liggur að varnaraðili stofnaði í nafni sóknaraðila sparifjárreikning nr. XXX hjá AA, að því er virðist í ágúst 1999. Reikningurinn var eyðilagður 6. júlí 2000 og innstæða hans þá greidd út. Af þeim átta tilvikum sem sóknaraðili kvartar yfir áttu fimm þeirra sér stað áður en reikningurinn var eyðilagður. Leiðir það þá þegar til þess að kröfur sóknaraðila vegna viðskipta með bréf í U, BB, og CC, sem áttu sér stað á tímabilinu frá 12.-14. desember 2000, og sóknaraðili kveður af hafa hlotist tap samtals að fjárhæð kr. 3.687.648, koma ekki til frekari álita.

Fjárvörslusamningur aðila verður ekki skilinn svo að varnaraðili hafi fyrir hönd sóknaraðila haft til þess heimild að stofna til skuldar á sparifjárreikningi hans. Af framlögðum reikningsyfirlitum sparifjárreikningsins verður og ráðið að aldrei var stofnað til skuldar á reikningnum. Verður því enn fremur að hafna kröfum sóknaraðila vegna þeirra fimm tilvika sem kvartað er yfir og áttu sér stað meðan reikningurinn var opinn. Í fjárvörslusamningi aðila er ekki að finna skilyrði fyrir verðbréfavíðskiptum um stöðu sóknaraðila á sjóðsreikningum í viðskiptamannabókhaldi varnaraðila. Eftir atvikum og eins og kröfugerð sóknaraðila er háttáð eru því ekki efni til að fjalla frekar um þau atriði.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða máls þessa að við uppgjör aðila greiði varnaraðili sóknaraðila kr. 5.175.894 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 27. september 2001 til 25. apríl 2004 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá skal varnaraðili endurgreiða sóknaraðila hvers konar þóknunir og kostnað vegna framvirkra samninga um hlutabréf í V, (XXX), T, (XXX), S, (XXX), R, (XXX), P, (XXX), Þ, (XXX), Æ, (XXX), Ö, (XXX) og U, (XXX)

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, F, fjármálafyrirtækið greiði sóknaraðila, M, kr. 5.175.894 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 27. september 2001 til 25. apríl 2004 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Varnaraðili endurgreiði sóknaraðila hvers konar þóknanir og kostnað vegna framvirkra samninga um hlutabréf í V, (XXX), T, (XXX), S, (XXX), R, (XXX), P, (XXX), P, (XXX), Æ, (XXX), Ö, (XXX) og U, (XXX)

Reykjavík, 13. janúar 2005.

Guðjón Ólafur Jónsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, miðvikudaginn 9. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Ragnheiður Bragadóttir, varaformaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið mál nr. 9/2004:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Sóknaraðili er M, en varnaraðili er fjármálafyrirtækið F.

Málið barst úrskurðarnefnd 30. mars 2004 með kvörtun sóknaraðila dagsettri 29. mars 2004. Kvörtunin var send varnaraðila með bréfi nefndarinnar 30. mars 2004 og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 27. apríl 2004 með bréfi hans dagsettu 26. apríl 2004. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar 28. apríl 2004 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust 4. maí 2004 með bréfi hans dagsettu 3. maí 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 2. og 9. júní 2004.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili hefur um langt skeið verið viðskiptavinur varnaraðila, sem m.a. hefur annast kaup og sölu verðbréfa fyrir hans hönd. Hinn 21. ágúst 2003 kl. 15.40 sendi sóknaraðili starfsmanni varnaraðila netpóst og bað hann um að setja inn á Verðbréfaþingið tilboð um sölu á hlutabréfum í A að nafnvirði 100.000 krónur á genginu 45. Umræddur netpóstur sóknaraðila hljóðaði svo: “Ef þú nærð því kr. 100.000 sala á kr. 45.” Kveðst sóknaraðili hafa gengið út frá því að tilboðið gildi aðeins út þann sama dag eða til kl. 16.00 þegar Kauphöllin lokar. Heldur sóknaraðili því fram að sú venja hafi myndast í viðskiptum hans við varnaraðila að tilboð hans um kaup og sölu á hlutabréfum hafi aðeins gilt út þann dag, sem það var sett fram.

Varnaraðili kveður að aðeins hafi tekist að selja hlutabréf að nafnvirði 18.000 krónur fimmtudaginn 21. ágúst á genginu 45, en hlutabréf að nafnvirði 82.000 krónur hafi verið seld daginn eftir á sama gengi. Í skjölum málsins er að finna tvær kvittanir vegna sölunnar, sú fyrri dags. 25. ágúst 2003 vegna sölu á hlutabréfum að nafnvirði 18.000 krónur, og sú síðari dags. 27. ágúst 2003 vegna sölu á hlutabréfum að nafnvirði 82.000 krónur.

Með netpósti dags. 29. ágúst 2003 fór sóknaraðili fram á það við starfsmann varnaraðila að salan á bréfunum yrði látin ganga til baka. Viðkomandi starfsmaður sendi erindið til B og ritaði sóknaraðili honum bréf dags. 2. september 2003 þar sem hann fór fram á að varnaraðili seldi honum aftur hlutabréf að nafnvirði 100.000 krónur í A á

genginu 45, honum að kostnaðarlausu. B svaraði bréfi þessu samdægurs með netpósti þar sem hann tilkynnti sóknaraðila að ekki yrði orðið við ósk hans. Jafnframt baðst hann velvirðingar á því hversu seint upplýsingar um sölu hefðu borist og að dráttur hefði orðið á uppgjöri en það ætti sér ákveðnar skýringar innanhúss hjá varnaraðila. Þá tók hann fram að fyrir hefði legið beiðni frá sóknaraðila um sölu á ákveðnu verði. Ekki hafði tekist að ljúka þessu á fimmtudeginum og því hefði þetta verið gert daginn eftir, þ.e. föstudagsmorgni.

Hinn 9. september 2003 keypti sóknaraðili hlutabréf í A að nafnvirði 80.000 krónur á genginu 49,83750 fyrir milligöngu varnaraðila.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði honum mismuninn á söluverði hlutabréfa hans í A þann 25. og 27. ágúst 2003 að nafnvirði 100.000 krónur á genginu 45 og kaupverði hans á hlutabréfum í sama félagið að nafnvirði 80.000 krónur á genginu 49,8375. Hann krefst aðallega bóta að fjárhæð 483.750 krónur ($45 - 49,8375 * 100.000$, en til vara 387.000 krónur ($45 - 49,8375 * 80.000$ krónur, að viðbættum kostnaði við kaup- og söluþóknun. Til þrautavara krefst sóknaraðili bóta að fjárhæð 200.000 krónur.

Sóknaraðili heldur því fram að sú venja hafi myndast í viðskiptum hans við varnaraðila að tilboð, sem hann setti fram um kaup eða sölu á hlutabréfum, hafi aðeins átt að gilda út þann sama dag. Þessari venju til staðfestingar vísar sóknaraðili til framlagðra afrita af netpósti, sem gekk á milli hans og starfsmanns varnaraðila 11. og 20. ágúst 2003. Í fyrra skiptið biður sóknaraðili starfsmann varnaraðila að setja inn ákveðið tilboð fyrir hann kl. 10.39 og sendir starfsmaðurinn svohljóðandi svar einni mínútu síðar: “Geri það, hef það út daginn í dag.” Í síðara skiptið biður sóknaraðili starfsmann varnaraðila að setja inn fyrir sig ákveðið tilboð kl. 11.52 og þremur mínútum síðar sendir starfsmaðurinn svohljóðandi svar um hæl: “Búin að senda á þingið.”

Að því er varðar tilboðið, sem sóknaraðili sendi inn kl. 15.40 þann 21. ágúst 2003, tekur sóknaraðili fram að það hafi sannarlega verið sent seint þennan dag, en hann kveðst hafa gengið út frá því að það myndi aðeins gilda út daginn ef það myndi ná inn á annað borð, sbr. orðalag skeytisins “C Ef þú nærð því kr. 100.000 sala á kr. 45”. Sóknaraðili kveðst aldrei hafa fengið staðfestingu á því að tilboð þetta hafi náð inn á Verðbréfaþingið, svo sem venja hafi verið í viðskiptum málsaðila.

Sóknaraðili kveðst hafa komist að því í samtali við starfsmann varnaraðila 26. ágúst 2003 að varnaraðili hefði selt hlutabréf að nafnvirði 18.000 krónur á genginu 45 hinn 22. ágúst. Þann 27. ágúst 2003 hafi hann sent sama starfsmanni netpóst og beðið hann um að kanna fyrir hann hvaða tilboð væru inni að því er varðar hlutabréf í A og hafi hann þá svarað um hæl að hlutabréf í A að nafnvirði 100.000 krónur hefðu verið seld á föstudagsmorgni. Hann hefði hins vegar ekki fengið upplýsingar um það fyrr en kl. 17.00 daginn áður, þ.e. 26. ágúst. Síðar hafi sóknaraðila borist í pósti kvittun vegna verðbréfa dags. 25. ágúst 2003 um sölu á 18.000 krónum að nafnverði á genginu 45 og sams konar kvittun dags. 27. ágúst 2003 um sölu á 82.000 krónum að nafnvirði á sama gengi.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er því mótmælt að starfsmenn varnaraðila hafi farið út fyrir umboð sóknaraðila í umrætt sinn.

Varnaraðili kveður að hinn 21. ágúst 2003 hafi starfsmanni hans borist beiðni frá sóknaraðila með netpósti, sem merkt hafi verið “Subject: RE: A og D” “Importance: High”. Texti netpóstsins hafi verið eftirfarandi: “C Ef þú nærð því kr. 100.000 sala á kr. 45”. Vegna þess hversu áliðið hafi verið dags hafi ekki tekist að selja nema 18.000 króna hlut í A fyrir lokun Kauphallar á genginu 45, en strax næsta morgun hafi tekist að selja þá 82.000 hluti sem eftir hafi verið á genginu 45.

Af hálfu varnaraðila er þeirri fullyrðingu sóknaraðila mótmælt að sú regla hafi myndast að umboð til sölu eða kaupa hafi aðeins gilt út daginn. Fyrst og fremst sé litið til efnis umboðsins og óska viðskiptavinarins. Þar sem ekki hafi legið fyrir nein takmörkun á sölubeiðni sóknaraðila, önnur en sú að selt yrði á genginu 45, hafi verið litið svo á að óskum sóknaraðila væri fullnægt með því að selja hlutabréf í áður nefndu félagi að nafnvirði 100.000 krónur á genginu 45, þó að það gerðist í tveimur áföngum, þ.e. seinnihluta 21. ágúst og strax að morgni 22. ágúst.

Með hliðsjón af því að þreifingar sóknaraðila um sölu á umræddum hlutabréfum hófust með fyrirspurnum til starfsmanna varnaraðila um eftirspurn og gengi hlutabréfa í A og D þann 5. ágúst 2003 og því að beiðni sóknaraðila um sölu á bréfunum þann 21. ágúst var merkt “High importance” hafi verið litið svo á af hálfu starfsmanna varnaraðila að það væri ásetningur og vilji sóknaraðila að selja téða hluti á genginu 45. Verði ekki séð að máli skipti hvort salan átti sér stað við lokun Kauphallar fimmtudaginn 21. ágúst 2003 eða við opnun hennar strax daginn eftir.

Af hálfu varnaraðila er því lýst yfir að hann sé reiðubúinn að greiða sóknaraðila vexti af söluverði bréfanna frá söludegi til uppgjörsdags telji úrskurðarnefndin að uppgjörstími sé óeðlilegur.

V.

Niðurstaða

Sú regla mun gilda í Kauphöll Íslands að öll tilboð um kaup eða sölu hlutabréfa falla úr gildi við lok dags nema tilboðsgjafinn hafi óskað sérstaklega eftir því að tilboðið gildi lengur. Ágreiningur þessa máls snýst hins vegar um það hvort umboð sóknaraðila til varnaraðila til sölu á tilteknum hlutabréfum í eigu varnaraðila hafi verið afmarkaður ákveðinn gildistími eða ekki.

Gegn mótmælum varnaraðila þykir sóknaraðili ekki hafa sýnt fram á að sú venja hafi myndast í viðskiptum hans við varnaraðila að umboð hans til kaupa eða sölu á verðbréfum hafi aðeins gilt út þann sama dag og umboðið var veitt. Netpóstsamskipti málsaðila hinn 19. ágúst 2003 virðast til dæmis benda til hins gagnstæða. Kl. 15.15 þann dag bað sóknaraðili starfsmann varnaraðila um að setja inn fyrir hann ákveðið tilboð. Starfsmaðurinn sendi sóknaraðila svohljóðandi svar kl. 16.10: “Sæll Ég set inn tilboðið í fyrramálið – var að sjá póstinn þinn núna “ Hér virðist starfsmaðurinn ganga út frá því að umboð sóknaraðila til varnaraðila, gefið kl. 15.15 þann 19. ágúst, gildi enn að morgni næsta dags.

Athugun nefndarinnar hefur ekki leitt í ljós að myndast hafi almenn venja um að umboð til miðlara um kaup og sölu verðbréfa gildi aðeins út þann sama dag og það er gefið.

Af framlögðum gögnum er ljóst að tilraunir sóknaraðila til að selja títtnefnd hlutabréf höfðu staðið yfir frá 11. ágúst, en þann dag óskaði sóknaraðili eftir því að sett yrði inn tilboð fyrir hann um sölu á hlutabréfum að nafnvirði 232.000 krónur á genginu 46.5. Hinn 19. ágúst óskaði varnaraðili eftir því að hlutabréf að nafnvirði 100.000 krónur yrðu boðin til sölu á genginu 45,4 og aftur á sama gengi daginn eftir. Eins og áður hefur komið fram óskaði sóknaraðili síðan eftir því kl. 15.40 hinn 21. ágúst eða 20 mínútum áður en Kauphöllin lokaði að umrædd hlutabréf yrðu boðin til sölu á genginu 45. Fyrirmæli sóknaraðila til varnaraðila voru svohljóðandi: “C Ef þú nærð því kr. 100.000 sala á kr. 45.” Beiðni sóknaraðila, sem send var með netpósti, var merkt “Importance: high”. Þykir það benda til þess að vilji sóknaraðila hafi eindregið staðið til þess að selja hlutabréfin á því gengi, sem um var beðið, en gengi bréfanna hafði lækkað örlítið umræddan dag. Þá er umboðinu ekki afmarkaður ákveðinn tími með skýrum hætti. Með hliðsjón af framangreindu og fyrirmælum sóknaraðila, skýrðum samkvæmt orðanna hljóðan, þykir því ekki unnt að líta svo á að varnaraðili hafi farið út fyrir heimild sóknaraðila með sölu bréfanna eða hluta þeirra föstudaginn 22. ágúst.

Með vísan til alls ofangreinds er niðurstaða nefndarinnar sú að hafna beri kvörtun sóknaraðila í máli þessu.

ú r s k u r ð a r o r ð :

Kvörtun sóknaraðila, M á hendur fjármálafyrirtækinu F er hafnað.

Reykjavík, 9. júní 2004

Ragnheiður Bragadóttir

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, miiðvikudaginn 15. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 11/2004**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 5. maí 2004, með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 4. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 5. maí 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 28. maí 2004. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. júní 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. júlí 2004, var óskað eftir frekari upplýsingum varnaraðila. Þær bárust 26. júlí 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 22. júlí, 26. ágúst og 15. september 2004.

II.

Málsatvik.

Hinn 23. september 2003 kveður sóknaraðili handtösku sinni hafa verið stolið úr leiguíbúð í Kaupmannahöfn í Danmörku. Í töskunni var m.a. greiðslukort sóknaraðila og var tekið út af því sex sinnum hjá fimm söluaðilum þennan dag, samtals kr. 85.192. Voru allar færslurnar staðfestar með persónulegu innsláttarnúmeri (PIN-númeri) sóknaraðila.

Á næsta viðskiptayfirliti sóknaraðila voru ofangreindar úttektir færðar henni til skuldar. Sóknaraðili óskaði þá eftir bakfærslu úttektanna en var synjað þar um, síðast með bréfi varnaraðila til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 16. febrúar 2004, á þeim grundvelli að samkvæmt viðskiptaskilmálum varnaraðila væri korthafi ábyrgur fyrir öllum úttektum sem gerðar væru með PIN-númeri.

Mál þetta barst úrskurðarnefnd með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 4. maí 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurðað verði að varnaraðila sé óheimilt að taka af veltukorti sóknaraðila fjárhæð umfram sjálfsábyrgð, sem sé samkvæmt skilmálum 150 evrur, vegna ólögðra úttekta þjófnaðs á korti hennar í Kaupmannahöfn. Hafi úttektir þjófanna numið kr. 85.192. Miðað við gengi evru 23. janúar 2003 sé sjálfsábyrgð sóknaraðila kr. 13.185 og gerir hún því kröfu um að sér verði greiddar kr. 72.007.

Sóknaraðili kveðst hafna því að hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða svik í tengslum við þjófnað á veski sínu, sbr. grein 10.2 í viðskiptaskilmálum varnaraðila. Eigi það ákvæði við en ekki grein 3.8 um ábyrgð á úttektum þar sem persónulegt innsláttarnúmer hafi verið notað. Hafi persónulegt innsláttarnúmer sóknaraðila verið geymt heima á Íslandi og ekki verið í tösku hennar. Sóknaraðili hafi og tilkynnt þjófnaðinn um leið og hann uppgötvaðist. Sé sóknaraðila óskiljanlegt hvernig þjófarnir hafi getað notað innsláttarnúmer hans en líklegt sé að þeir hafi haft yfir einhverri tækni að ráða sem hafi gert þeim það kleift. Vísar sóknaraðili m.a. til fræðigreinar þess efnis að hægt sé að finna PIN-númer korts í ekki fleiri en sex tilraunum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður ábyrgð sóknaraðila á umræddum úttektum reista á hlutlægu ákvæði greinar 3.8 í viðskiptaskilmálum sínum um ábyrgð korthafa á úttektum sem staðfestar séu með innslætti persónulegs innsláttarnúmers. Sé því ekki verið að væna sóknaraðila um að hafa beitt svikum eða blekkingu í málinu.

Varnaraðili bendir á að við notkun kreditkorts sóknaraðila í umrædd sex skipti sem úttektir áttu sér stað hafi viðkomandi númer sóknaraðila ekki verið slegið rangt inn í eitt einasta skipti. Þá hafi sóknaraðili ekki sjálfur notað kortið í Kaupmannahöfn áður en það komst í hendur annarra og hafi þeir því ekki komist yfir PIN-númer sóknaraðila með því að fylgjast með honum áður en þeir létu til skara skríða.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt grein 3.8 í viðskiptaskilmálum varnaraðila skal, þegar reiðufé er tekið út á greiðslukort í stað undirskriftar, nota sérstakt einstaklingsbundið auðkennisnúmer, svokallað PIN-númer, sem korthafi fær afhent með korti sínu. Sé þetta leyninúmer sem korthafi megi ekki láta aðra hafa né heldur geyma með korti sínu. Sé korthafi ábyrgur fyrir öllum úttektum sem gerðar séu með PIN-númeri, nema þegar ákvæði 12.6 á við. Ekki er ágreiningur um að ákvæði 12.6 á ekki við um það tilvik sem hér er til úrlausnar.

Eðli máls samkvæmt ber korthafi að meginreglu til ábyrgð á vörslu og notkun kreditkorts. Ber korthafa að tryggja að aðrir komist ekki yfir þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til úttekta úr hraðbönkum eða öðrum sjálfsafgreiðslutækjum. Til slíkrar notkunar kreditkorts þarf sérstakt leyninúmer eins og fyrr greinir og kemur það í stað undirskriftar. Er korthafa samkvæmt viðskiptaskilmálum óheimilt að láta öðrum númerið í té eða geyma það með korti sínu.

Þrátt fyrir að engin gögn hafi verið lögð fram um þjófnað á kreditkort sóknaraðila þykir við úrlausn málsins mega miða við að kortinu hafi verið stolið úr íbúð þeirri er sóknaraðili hafði til umráða í Kaupmannahöfn í greint sinn. Hefur þetta og ekki sætt

sérstökum andmælum varnaraðila. Ekki liggur fyrir með hvaða hætti þriðji aðili hefur komist yfir persónulegt innsláttarnúmer sóknaraðila. Hins vegar er óumdeilt að sóknaraðili hafði ekki notað kort sitt í ferð sinni um Kaupmannahöfn áður en umræddar úttektir áttu sér stað, svo og að númerið var í öll skipti slegið rétt inn. Eins og á stendur í máli þessu verður sóknaraðili að bera hallann af innslætti annarra á leyninúmeri sínu.

Með hliðsjón af framangreindu verður ekki hjá því komist að láta sóknaraðila bera ábyrgð á úttektum sem staðfestar voru með PIN-númeri hans hinn 23. september 2003. Er kröfu hans á hendur varnaraðila því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 15. september 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, miðvikudaginn 15. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 12/2004**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 10. maí 2004, með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 30. apríl 2004. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. maí 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 21. maí 2004. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. maí 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 2. júní 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 22. júlí, 26. ágúst og 15 september 2004.

II.

Málsatvik.

Hinn 10. október 1995 gaf sóknaraðili út skuldabréf til F, kt. 450771-0589, að fjárhæð kr. 1.200.000. Var lánið til 25 ára með fjórum afborgunum ár hvert. Í bréfinu kemur fram að sóknaraðili hafi skuldbundið sig til að endurgreiða fjárhæðina með þeim fjölda afborgana og á þeim gjalddögum sem tilgreindir voru. Umrætt skuldabréf var framselt sóknaraðila 13. október 1995.

Sóknaraðili greiddi bréfið upp hinn 16. febrúar 2004. Gerði varnaraðili honum þá að greiða sérstakt 5% uppgreiðslugjald sem nam kr. 67.109 og sóknaraðili greiddi með fyrirvara.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 19. mars 2004, fór sóknaraðili fram á endurgreiðslu eða lækkun gjaldsins. Því var hafnað með bréfi varnaraðila, dagsettu 1. apríl 2004.

Mál þetta barst úrskurðarnefnd með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 30. apríl 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennt verði að varnaraðila hafi verið óheimilt að krefja sóknaraðila um uppgreiðslugjald og að sóknaraðila verði endurgreiddar kr. 67.109, auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987 (sic) með síðari breytingu, af kr. 67.109 frá 16. febrúar 2004 til greiðsludags. Til vara er þess krafist að sóknaraðila verði endurgreidd önnur lægri fjárhæð samkvæmt mati nefndarinnar, auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987 (sic) með síðari breytingu, af dæmdri (sic) fjárhæð frá 16. febrúar 2004 til greiðsludags. Þá er krafist endurgreiðslu á málskotsgjaldi og málskostnaðar samkvæmt mati nefndarinnar.

Sóknaraðili kveður óheimilt að krefja hann um uppgreiðslugjald enda komi það hvergi fram í téðu skuldabréfi að krafist yrði slíks gjalds yrði skuldin greidd upp fyrir en um var samið. Vísar sóknaraðili sérstaklega til 16. gr. laga um neytendalán nr. 121, 1994 í þessu sambandi.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveður ljóst að markaðsvirði téðs skuldabréfs ráðist fyrst og fremst af vaxtastigi á markaði hverju sinni. Hafi það eflaust verið undir nafnvirði bréfsins þegar vextir voru hvað hæstir fyrir nokkrum árum. Í umhverfi lækkandi vaxta hafi verðgildi kröfunnar vaxið og sé verðmæti skuldabréfsins á markaði töluvert hærra en höfuðstóll þess. Af þessu leiði að samþykkti varnaraðili uppgreiðslu þess á nafnvirði án uppgreiðslugjalds væri verið að rýra eigur varnaraðila sem næmi mismun markaðs- og nafnverðs. Hafi sá munur verið meiri þegar uppgreiðslan átti sér stað.

Varnaraðili telur það segja sig sjálft að viðskipti með viðskiptabréf sem beri fasta vexti til langs tíma myndu breytast mjög ef skuldarar gætu hvenær sem er greitt upp skuldir sínar án þess að um slíkt hafi verið samið og án samþykkis kröfuhafa. Afleiðingin yrði sú að annar aðili kröfuréttarsambandsins, skuldarinn, gæti einhliða lokið því út frá sínum hagsmunum, óháð hagsmunum kröfuhafans. Engin réttarregla kveði á um slíkan rétt til handa skuldara og sé hann bundinn af þeim samningsskilmálum sem fram komi í skuldabréfinu með sama hætti og kröfuhafi.

Varnaraðili kveður lög um neytendalán nr. 121, 1994 ekki eiga við um lán úr lífeyrissjóði. Þá sé ljóst að keypt viðskiptabréfskrafa eins og hér um ræði sé sérstaklega undanskilin ákvæðum laganna, sbr. 4. mgr. 17. gr.

V.

Niðurstaða.

Í 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er að finna ákvæði um starfssvið nefndarinnar. Er þar mælt fyrir um að viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem aðild eigi að nefndinni geti snúið sér til hennar vegna viðskipta við þau. Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar enda sé samningssamband milli aðila.

Varnaraðili er lífeyrissjóður og gilda um hann sérstök lög, sbr. lög um Lífeyrissjóð sjómanna nr. 45, 1999. Um rétt til aðildar að varnaraðila er kveðið á um í 2. gr. laganna. Í lögnum eru nánari ákvæði um hlutverk, stjórn og starfsemi sjóðsins.

Samkvæmt framansögðu er það utan starfssviðs nefndarinnar að fjalla um framanrakinn ágreining sóknaraðila og varnaraðila. Er því óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni án kröfu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 15. september 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, miðvikudaginn 15. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 13/2004**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 18. maí 2004, með kvörtun lögmans sóknaraðila, dagsettri 13. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. maí 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmans varnaraðila, dagsettu 10. júní 2004. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. júní 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmans sóknaraðila, dagsettu 6. júlí 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 22. júlí, 26. ágúst og 15. september 2004.

II.

Málsatvik.

Hinn 10. maí 1999 gerði sóknaraðili tilboð í raðhús að A í Reykjavík sem B, var með í byggingu. B samþykkti kauptilboð sóknaraðila og var gerður kaupsamningur milli aðila 17. janúar 2000. Umsamið kaupverð var kr. 13.700.000 og skyldi greiðast með nánar tilgreindum hætti. Þá er kaupsamningur var gerður hvíldu á 1.-5. veðrétti á umræddri eign ásamt öðrum eignum að A tryggingarbréf útgefin af B til varnaraðila, upphaflega að fjárhæð kr. 254.000.000. Hinn 17. febrúar 2000 leysti varnaraðili fasteign sóknaraðila að A úr veðböndum að undanskildum tveimur tryggingarbréfum, útgefnum 5. febrúar 1998, að fjárhæð kr. 2.000.000 hvort.

Með yfirlýsingu, dagsettri 7. mars 2000, lýsti varnaraðili því yfir að hann myndi aflétta áhvílandi veðskuldum á nefndri fasteign sóknaraðila í takt við innborganir samkvæmt kaupsamningi sóknaraðila og B og myndi hann aflétta öllum skuldum þegar allar greiðslur hefðu borist inn á tilgreindan sparisjóðsreikning.

Með yfirlýsingu, dagsettri 16. október 2002, lýsti sóknaraðili yfir skuldajöfnuði við eftirstöðvar kaupverðs, kr. 1.500.000, með skaðabótakröfu sem hann taldi sig eiga á hendur B. Bú félagsins var tekið til gjaldprotaskipta 21. febrúar 2003. Sóknaraðili lét hins

vegar dómkveðja matsmann til að meta galla á nefndri fasteign og gerði að matsgerð fenginni með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 15. október 2003, kröfu um að varnaraðili létti veðkröfum sínum af eigninni. Kröfunni var hafnað með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 20. október 2003.

Með stefnu, birtri 16. desember 2003, höfðaði sóknaraðili mál á hendur varnaraðila fyrir Héraðsdómi Reykjaness og gerði þær kröfur að varnaraðila yrði með dómi gert skylt að aflýsa áðurgreindum tveimur veðbréfum af fasteigninni A, auk þess sem krafist var málskostnaðar. Með dómi héraðsdóms uppkveðnum 27. apríl 2004 var varnaraðili sýknaður af öllum kröfum sóknaraðila. Hefur sóknaraðili áfrýjað þeim dómi til Hæstaréttar Íslands þar sem málið bíður flutnings.

Mál þetta barst úrskurðarnefnd með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 13. maí 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess annars vegar að kveðinn verði upp úrskurður um að varnaraðila sé skylt að aflétta tveimur veðskuldabréfum sem séu í eigu varnaraðila en séu áhvílandi á fasteign sóknaraðila að A í Reykjavík. Hins vegar krefst sóknaraðili þess að „kveðinn verði upp úrskurður um hvaða fjárhæð varnaraðili eigi að fá greidda gegn aflýsingu á tveimur veðskuldabréfum á A“.

Sóknaraðili kveðst hafa staðið í þeirri trú þá er hann keypti ofangreinda fasteign að nefndum tryggingarbréfum yrði létt af eigninni. Þá byggir sóknaraðili á því að greiðsluskylda kaupanda eignar miðist við endanlegt kaupverð hennar, þ.e. það verð sem kaupandi þurfi að greiða að teknu tilliti til galla og frágangs eignarinnar hafi honum ekki verið lokið af hálfu seljanda. Verði að túlka öll ákvæði í samningum aðila með tilliti til þessa. Eigi varnaraðili sem veðhafi aðeins rétt á að fá allar kaupverðsgreiðslur sem kaupanda ber skylda til að greiða en sú greiðsluskylda takmarkist af gagnkröfum hans á hendur seljanda.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa með yfirlýsingu, dagsettri 7. mars 2000, skuldbundið sig til að aflýsa veðskuldum í takt við innborganir. Verði sú yfirlýsing eingöngu túlkuð þannig að aflýsa eigi veðskuldum „krónu á móti krónu“ við hverja innborgun inn á kaupverð. Hafi veðskuld sem tryggð hafi verið með umræddum tryggingarbréfum numið kr. 4.000.000 þegar téð yfirlýsing var gefin út en síðan hafi sóknaraðili greitt kr. 7.500.000 inn á kaupverð eignarinnar og eigi því rétt á að fá öllum veðskuldum aflýst.

Loks byggir sóknaraðili á því að réttur varnaraðila til greiðslu gegn aflýsingu tryggingarbréfanna nái aldrei til hærri fjárhæðar en tilgreind sé í kaupsamningi. Geti varnaraðili því aldrei krafist sóknaraðila um hærri fjárhæð en sem nemi höfuðstól eftirstöðva kaupverðs, kr. 1.500.000.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni.

Varnaraðili vísar til þess að Héraðsdómur Reykjaness hafi hinn 27. apríl 2004 kveðið upp dóm um fyrri kröfu sóknaraðila. Í dóminum sé tekið undir öll sjónarmið varnaraðila og viðurkenndur réttur hans til að krefjast alls söluverðs fasteignarinnar að A samkvæmt kaupsamningi sóknaraðila og B á skerðingar vegna hugsanlegra galla. Sé þar

viðurkennt að réttur varnaraðila til eftirstöðva byggist á veðrétti óháðum kaupsamningi og sé enginn ágreiningur milli aðila um að enn séu ógreiddar kr. 1.500.000 af kaupverði. Telur varnaraðili því heldur ekki efni til að taka síðari kröfu sóknaraðila til efnislegrar meðferðar.

Varnaraðili bendir á að í tengslum við kaup sóknaraðila á greindri fasteign hafi varnaraðili gefið út óskilyrta yfirlýsingu þar sem því hafi verið lofað að veði samkvæmt nefndum tryggingarbréfum yrði aflétt þegar allt kaupverð samkvæmt kaupsamningi sóknaraðila og B hefði verið greitt inn á reikning varnaraðila. Hafi varnaraðili ekki gerst aðili að umræddum kaupsamningi með yfirlýsingu sinni eða með því að fá kaupsamningsgreiðslum ávísað til sín. Hafi hann hvorki tekið á sig ábyrgð á efndum kaupsamnings né afleiðingum af hugsanlegum vanefndum B. Standi veðréttur varnaraðila óhaggaður meðan það félag skuldi varnaraðila og sóknaraðili hafi ekki greitt kaupverðið að fullu inn á reikning varnaraðila.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms.

Eins og fyrr er rakið höfðaði sóknaraðili mál á hendur varnaraðila fyrir Héraðsdómi Reykjaness og gerði þær kröfur að varnaraðila yrði með dómi gert skylt að aflýsa margnefndum tveimur veðbréfum af fasteigninni A. Tefldi sóknaraðili þar fram sömu málsástæðum og fyrir úrskurðarnefndinni, þ.á m. um atriði sem leiða ættu til lægri greiðslu hans til varnaraðila, yrði ekki fallist á rétt hans til að fá téðum bréfum aflýst af eign sinni. Með dómi héraðsdóms uppkveðnum 27. apríl 2004 var varnaraðili sýknaður af öllum kröfum sóknaraðila og þar með tekin afstaða til málsástæðna sóknaraðila. Hefur sóknaraðili áfrýjað þeim dómi til Hæstaréttar Íslands þar sem málið bíður flutnings.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki tekur samkvæmt framansögðu ekki til meðferðar mál sem eru eða hafa verið til meðferðar almennra dómstóla. Með vísan til þessa og fyrrgreindra ákvæða í samþykktum fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verður þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni.

Úrskurðarorð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækisins F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 15. september 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

Ár 2004, miðvikudaginn 15. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 14/2004:**

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 21. maí 2004, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 19. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. maí 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 14. júní 2004. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. júní 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 27. júní 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 22. júlí, 26. ágúst og 15. september 2004.

II.

Málsatvik.

Hinn 15. apríl 1999 gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð vegna allra krafna sem varnaraðili átti eða kynni að eignast á hendur föður sóknaraðila, A. Náði ábyrgðin til fjárhæðar allt að kr. 500.000 og stóð í fjögur ár frá útgáfudegi. Samkvæmt yfirlýsingu hér að lútandi náði sjálfskuldarábyrgðin til allra kreditkortaviðskipta föður sóknaraðila, sem sótt hafði um svokallað Atlaskort hinn 19. mars 1999 með kr. 100.000 úttektarheimild. Hinn 17. maí 1999 samþykkti sóknaraðili fyrir sitt leyti útgáfu aukakorts til B. Síðar mun faðir sóknaraðila haf sótt um svonefnt platinum-kort með 500.000 króna úttektarheimild.

Vanskil urðu af hálfu föður sóknaraðila á greiðslu kortaskuldar sinnar við varnaraðila. Höfðaði varnaraðili mál á hendur þeim feðgum eftir að hafa sent þeim innheimtubréf og var málið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 4. september 2003. Þann 2. október 2003 gerði sóknaraðili réttarsátt við varnaraðila þess efnis að hann myndi greiða varnaraðila kr. 500.000, auk nánar tilgreindra dráttarvaxta og kr. 103.626 í málskostnað. Stefna málsins var hins vegar árituð um aðfararhæfi á hendur föður sóknaraðila hinn 8. október 2003.

Mál þetta barst úrskurðarnefnd með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 19. maí 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveðst á sínum tíma hafa ábyrgst úttektir á Atlaskorti föður síns fyrir allt að kr. 500.000. Hann hafi hins vegar ekkert heyrt frá varnaraðila fyrr en rúmum

fjórum árum síðar. Hafi faðir hans fengið innheimtubréf 17. mars 2003, en þar hafi ekki verið getið um að ábyrgðarmanni hafi verið sent sams konar bréf. Sóknaraðili kveðst hins vegar hafa fengið innheimtubréf 27. maí 2003. Hann hafi hins vegar staðið við ábyrgð sína vegna Atlaskortsins og séu hvers konar aðrar kröfur honum óviðkomandi, sér í lagi rúmum fjórum árum síðar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi kosið að ljúka dómsmáli sínu við varnaraðila með réttarsátt. Sé úrskurðarnefndinni ekki ætlað að fjalla um ágreiningsmál sem séu til meðferðar almennra dómstóla, sbr. ákvæði í samþykktum fyrir nefndina.

Verði ekki fallist á kröfu um frávísun málsins vísar varnaraðili til þess að ábyrgð sú er sóknaraðili gekkst í hafi verið lögð fram fyrir öllum kortaviðskiptum föður sóknaraðila eins og skýrt komi fram í ábyrgðaryfirlýsingunni sjálfri. Þá bendir varnaraðili á að samkvæmt yfirlýsingunni sé henni ætlaður gildistími í fjögur ár frá útgáfudegi. Gjaldfalli skuld hins vegar á gildistíma teljist hún gild krafa á hendur ábyrgðarmanni í fjögur ár frá því að hún gjaldféll. Téð ábyrgðaryfirlýsing hafi verið gefin út 18. apríl 1999. Til umræddrar skuldar hafi hins vegar verið stofnað á úttektartímabilum frá 18. nóvember 2002 til 17. janúar 2003 og hafi gjalddagar verið 3. janúar 2003 og 3. febrúar 2003. Lokað hafi verið fyrir úttektir á kortin 10. janúar 2003. Hafi sóknaraðila síðan verið send tilkynning um vanskil. Telur varnaraðili ábyrgðaryfirlýsinguna hafa verið í fullu gildi á þeim tíma sem stofnað var til skuldarinnar og hafi sú ábyrgð ekki fallið niður þótt innheimta hafi ekki hafist á hendur korthafa fyrr en eftir gildistíma yfirlýsingarinnar.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms. Eins og fyrr er rakið höfðaði varnaraðili mál á hendur sóknaraðila á grundvelli margnefndrar ábyrgðaryfirlýsingar hans og lauk því máli með réttarsátt aðila 2. október 2003. Úrskurðarnefndin tekur samkvæmt framansögðu ekki til meðferðar mál sem eru eða hafa verið til meðferðar almennra dómstóla. Verður því þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni.

Úrskurðarorð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 15. september 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, miðvikudaginn 15. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 15/2004**:

M

gegn

fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 21. maí 2004, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 19. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. maí 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 3. júní 2004. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. júní 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 18. júní 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 22. júlí, 26. ágúst og 15. september 2004.

II.

Málsatvik.

Tildrög máls þessa eru þau að faðir sóknaraðila, A, opnaði tékkareikning hjá varnaraðila. Hafði hann yfirdráttarheimild að fjárhæð kr. 185.000. Til tryggingar yfirdráttarskuld afhenti faðir sóknaraðila varnaraðila tryggingarvígil að sömu fjárhæð sem sóknaraðili gaf út. Faðir sóknaraðila mun ítrekað hafa farið yfir yfirdráttarheimild sína. Varnaraðili gjaldfelldi skuld hans og sendi málið til lögfræðinnheimtu. Hinn 18. nóvember 2003 höfðaði varnaraðili mál á hendur sóknaraðila til innheimtu á fyrrgreindum tryggingarvígli. Var málið þingfest 11. desember 2003 og því þá frestað. Sama dag greiddi faðir sóknaraðila kr. 243.000 sem var andvirði víxilsins án frekari skýringa og var greiðslan færð sem innborgun á yfirdráttarskuld hans. Síðar var því borið við af hálfu sóknaraðila að greiðslan hefði átt að vera til að greiða upp umræddan tryggingarvígil. Féllst varnaraðili á það en lét hjá líða að fella niður dómsmál sitt á hendur sóknaraðila. Var stefna málsins því árituð um aðfararhæfi hinn 26. janúar 2004. Síðar mun varnaraðili hafa beðið um aðför hjá sóknaraðila og hann boðaður til fyrirtöku hjá sýslumanni 29. mars 2004. Í kjölfar athugasemda sóknaraðila mun varnaraðili hafa afturkallað aðfararbeiðni sína.

Mál þetta barst úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 19. maí 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveður lögmenn varnaraðila hafa sýnt sér furðulega ósvífni og miska sem hann kveðst vilja að verði leiðréttur.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir þá kröfu að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveðst eiga í stökustu vandræðum með að skilja málatilbúnað sóknaraðila. Segir varnaraðili aðfararbeiðni á sóknaraðila hafa verið afturkallaða, nafn hans afmáð af vanskilaskrá og innborgun færða til uppgreiðslu á víxlinum umfram skyldu.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármála-fyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms. Eins og fyrr er rakið höfðaði varnaraðili mál á hendur sóknaraðila til heimtu tryggingarvísilis hans og var krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila greidd að fullu eftir málshöfðun. Úrskurðarnefndin tekur samkvæmt framansögðu ekki til meðferðar mál sem eru eða hafa verið til meðferðar almennra dómstóla. Að svo miklu leyti sem kvörtun sóknaraðila kann að snúa að aðfararbeiðni varnaraðila á hendur sóknaraðila er þess að geta að varnaraðili hefur afturkallað þá beiðni. Verður því þegar af framangreindum ástæðum að vísa málinu frá úrskurðar-nefndinni. Er þá ekki þörf á að fjalla frekar um kröfugerð sóknaraðila eða málatilbúnað hans að öðru leyti.

Úrskurðarorð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 15. september 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, þriðjudaginn 28. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 16/2004**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og Fjármálafyrirtækinu, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 18. júní 2004, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. júní 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 22. júlí 2004. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. júlí 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 5. ágúst 2004. Með bréfi, dagsettu 18. október 2004, var óskað eftir frekari gögnum frá varnaraðila. Þau bárust að hluta með bréfi hans, dagsettu 2. nóvember 2004. Með bréfi, dagsettu 23. nóvember 2004, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá aðilum. Bárust þau frá sóknaraðila 26. nóvember 2004 og með bréfi varnaraðila, dagsettu 2. desember 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 26. ágúst 15. september 12. október 19. október 23. nóvember og 14. og 28. desember 2004.

II.

Málsatvik.

Hinn 13. mars 2000 keypti sóknaraðili hlutdeildarskírteini að nafnverði 1.777 evrur á genginu 15,65 í sjóði A, fyrir milligöngu varnaraðila. Greiddi sóknaraðili að meðtöldu afgreiðslugjaldi og þóknun til varnaraðila kr. 2.025.000. Sama dag keypti sóknaraðili B, varnaraðila að nafnverði kr. 1.227.648 á genginu 1,633 eða fyrir samtals 2.025.000 að meðtalinni þóknun varnaraðila. Hinn 15. september 2000 seldi sóknaraðili bréf sín í A, á genginu 16,05 og fékk fyrir miðað við þáverandi gengi evru kr. 2.075.793. Hinn 27. nóvember 2000 seldi sóknaraðili B, sín á genginu 1,265 og fékk fyrir kr. 1.552.975.

Hinn 21. mars 2000 keypti eiginkona sóknaraðila B, varnaraðila að nafnvirði 1.156.541 á genginu 1,712 eða fyrir samtals kr. 1.999.999 að meðtalinni kr. 20.000

þóknun varnaraðila. Daginn eftir keypti eiginkona sóknaraðila hlutdeildarskírteini að nafnvirði 878 evrur á genginu 15,63 í sjóði A, fyrir milligöngu varnaraðila. Greiddi hún fyrir kr. 1.000.001. Hinn 15. september 2000 seldi eiginkonan hlutdeildarskírteini sín í A á genginu 16.05 og fékk fyrir miðað við þáverandi gengi evru kr. 1.025.690. Hinn 27. nóvember 2000 seldi hún áðurnefnd B, sín á genginu 1,265 og fékk fyrir kr. 1.463.024.

Með bréfi, dagsettu 30. nóvember 2003, kvartaði sóknaraðili yfir fyrrgreindum viðskiptum og var kvörtunin ítrekuð nokkrum sinnum af hálfu sóknaraðila með rafpósti. Með bréfi varnaraðila, dagsettu 1. júní 2004 var kröfum sóknaraðila hafnað.

Mál þetta barst úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 18. júní 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði honum u.þ.b. kr. 1.000.000 auk vaxta af fjármunum sem teknir hafi verið til ávöxtunar í mars 2000.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa tekið til ávöxtunar í mars 2000 um kr. 7.000.000. Hafi varnaraðila verið fullljóst að féð hafi aðeins getað legið allt að sjö mánuðum á vöxtum, en hafi engu að síður lagt féð í sjóði sem sem eingöngu væru ætlaðir til langtímafjárfestinga. Hafi varnaraðili haldið því leyndu að um mjög áhættusama ávöxtunarleið hafi verið að ræða. Hafi varnaraðili þvert á móti gefið í skyn að um áhættulausa leið væri að ræða. Telur sóknaraðili framangreint afar ámælisvert og hafi verið gróflega á sér brotið. Þá kveður sóknaraðili varnaraðila eindregið hafa ráðið sig frá því að taka út féð þegar það hafði rýrnað um u.þ.b. kr. 200.000.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir þá kröfu að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir á að fljótlega eftir verðbréfakaup sóknaraðila hafi verulegt verðfall orðið á mörkuðum. Sú rýrnun sem varð á verðmæti verðbréfa sóknaraðila á umræddu tímabili hafi verið í samræmi við almenna lækkun á markaði. Varnaraðili kveðst hafa ráðlagt sóknaraðila að fjárfesta í veltuvíxlum í ljósi þess að um hafi verið að ræða fjármuni sem ætlaðir voru til skammtímaávöxtunar. Hafi sóknaraðili ekki talið þennan kost ásættanlegan og því hafi honum verið kynntir áhættusamari kostir sem almennt séu taldir með vænta hærri ávöxtun. Mótmælir varnaraðili því að hafa ekki kynnt sóknaraðila að um meiri áhættu væri að ræða.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa tekið þá ákvörðun að fjárfesta í umræddum verðbréfum. Því miður hafi bréfin fallið í verði á næstu mánuðum en á því verðfalli geti varnaraðili enga ábyrgð borið. Varnaraðili telur eðlilega hafa verið staðið að viðskiptum við sóknaraðila. Þá bendir varnaraðili sérstaklega á að sóknaraðili hafi ekki sett fram kvörtun sína fyrr en vel á þriðja ár hafi verið liðið frá viðskiptum. Verði sóknaraðili að bera halla af þessu tómlæti sínu.

V.

Niðurstaða.

Eins og fyrr er rakið varðar mál þetta tap sóknaraðila af verðbréfaviðskiptum á árinu 2000. Sóknaraðili og eiginkona hans keyptu í mars 2000 hlutdeildarskírteini í sjóði A, og B, varnaraðila fyrir samtals kr. 7.050.000. Eftir kaupin lækkaði gengi bréfanna á

markaði og við sölu þeirra í september og nóvember 2000 varð niðurstaðan sú að sóknaraðili og eiginkona hans höfðu tapað hvort um sig um 470.000 krónur á fjárfestingu sinni í B, en ávöxtun í sjóði A, var nánast engin.

Sóknaraðili tók sjálfur ákvörðun um kaup á umræddum verðbréfum. Lækkun bréfanna og þar með rýrnun höfuðstóls var vegna almennrar verðþróunar á markaði. Á þeirri þróun verður sóknaraðili sjálfur að bera ábyrgð enda hluti af þeirri áhættu sem fylgir fjárfestingum í verðbréfum. Ekki verður séð að varnaraðili hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í tengslum við ofangreind viðskipti sem leiða eigi til bótaskyldu. Þá verður heldur ekki horft framhjá því að sóknaraðili kvartaði ekki yfir viðskiptunum fyrr en með bréfi, dagsettu 30. nóvember 2003, eða rúmu þremur og hálfu ári eftir að hann og eiginkona hans keyptu umrædd verðbréf.

Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, Fjármálafyrirtækinu, er hafnað.

Reykjavík, 28. desember 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaltdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, þriðjudaginn 2. nóvember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Gunnar Viðar, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson, sem tilnefndur var hinn 15. október 2004 til setu ad hoc í nefndinni í máli því sem hér er til úrskurðar.

Fyrir er tekið **mál nr. 20/2004**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 11. ágúst 2004, með kvörtun lögmans sóknaraðila, dagsettri 9. ágúst 2004. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 12. ágúst 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 10. september 2004 með ódagsettu bréfi hans. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. september 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi lögmans sóknaraðila, dagsettu 20. september 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 12. og 19 október og 2. nóvember 2004.

II.

Málsatvik.

Hinn 21. mars 2003 gaf varnaraðili, að beiðni A, út ábyrgðaryfirlýsingu að fjárhæð kr. 1.130.705 til B vegna kaupa C á ótilgreindum stólum og borðplötum. Gilti ábyrgðin til 6. júní 2003 og skyldi krafa hafa borist varnaraðila fyrir kl. 16.00 þann dag. Síðargreindan dag kl. 14.36 gerði B með vísan til ábyrgðarinnar kröfu um greiðslu á kr. 1.129.713 vegna vanskila A.

Hinn 19. júní 2003 var A tilkynnt bréflaga um vanskil á ábyrgð félagsins auk þess sem viðvörun var send sóknaraðila sem ábyrgðarmanni. Hann fékk sömuleiðis sérstaka lokaviðvörun varnaraðila, dagsetta 1. júlí 2003, ásamt fyrrgreindu félagi.

Varnaraðili hafði í vörslum sínum víxileyðublað með undirritun sóknaraðila sem útgefanda en A sem samþykkjanda, en óútfyllt að því er varðaði útgáfudag, fjárhæð og gjalddaga. Viðfest víxlinum var yfirlýsing um heimild til að fylla út víxilformið. Með stefnu, birtri 17. og 18. nóvember 2003, höfðaði varnaraðili mál á hendur A og sóknaraðila til greiðslu skuldar in solidum samkvæmt umræddum víxli, sem þá hafði verið fylltur út. Var fjárhæð víxilsins kr. 1.129.713, útgáfudagur hans var tilgreindur 6. mars 2003 og gjalddagi 10. júní 2003. Sóknaraðili tók til varna í ofangreindu máli og byggði varnir sínar á því að hann hafi ekki veitt varnaraðila heimild til að fylla út í eyður

á víxileyðublaðinu og hafi varnaraðili því falsað skjalið. Þá byggði sóknaraðili enn fremur á því að viðskiptin á bak við víxilin hafi verið sér með öllu óviðkomandi, auk þess sem varnaraðili hafi ekki gætt þeirra reglna sem honum bæri að fylgja þegar tekið væri við ábyrgðum frá einstaklingi og ætti þar með ekki gilda kröfu á hendur sóknaraðila. Enn fremur var á því byggt að ekki hefði verið tilgreint hvar víxillinn hefði verið vistaður og hafi þess vegna og þar sem víxillinn hafi verið óútfylltur borið að sýna hann til greiðslu og sanna greiðslufall með afsagnargerð.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júní 2004 var fallist á kröfur varnaraðila og sóknaraðila gert að greiða honum in solidum með A umkrafða fjárhæð auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 28. júní 2004, krafði sóknaraðili varnaraðila um alls kr. 1.608.351 í skaðabætur á grundvelli þess að kröfuábyrgð sóknaraðila væri ógild. Varnaraðili svaraði ekki erindi lögmannsins innan tilskilins fjögurra vikna frests og var máli þessu þá skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 9. ágúst 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að viðurkennt verði að sú ábyrgð sem varnaraðili reisi á nafnritun sóknaraðila á víxil þann er í málinu greinir sé ógild og að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila skaðabótakröfu auk dráttarvaxta og lögmannskostnaðar, að upphæð kr. 1.608.351. Sundurliðast krafan þannig að krafist er kr. 1.129.713 sem höfuðstóls, kr. 203.619 í dráttarvexti, kr. 150.000 í dæmdan málskostnað og kr. 125.019 í lögmannskostnað.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á því að hún hafi sökum mótmæla varnaraðila farið á mis við að koma að vörnum í dómsmáli aðila vegna ákvæða 118. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91, 1991.

Sóknaraðili byggir á því að nafnritun hennar á umræddan víxil hafi verið ógild af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi sé það rangt sem varnaraðili hafi haldið fram að víxileyðublaðið hafi verið afhent til tryggingar ábyrgð nr. XXXX-XXXXX, en engin gögn séu því til sönnunar. Í öðru lagi kveður sóknaraðili að umsókn um ábyrgð og ábyrgðaryfirlýsing, dagsett 21. mars 2004, hafi verið sér óviðkomandi og ókunn. Beri yfirlýsing sem fylgdi víxlinum það ekki með sér að sóknaraðili hafi undirritað hana eigin hendi. Þá hafi hún ekki veitt bankanum opna heimild til að útfylla í eyður yfirlýsingarinnar. Enn fremur sé ekkert samræmi með útfyllingu í eyður yfirlýsingarinnar og ábyrgðaryfirlýsingunni. Hafi sóknaraðili enga hagsmuni haft af því að gangast undir umrædda ábyrgð og hafi varnaraðili enga sönnun tryggt sér um að sóknaraðili hafi gengið í greinda ábyrgð. Í þriðja lagi byggir sóknaraðili á því að varnaraðili hafi ekki metið greiðslugetu A svo sem honum hafi borið að gera. Vísar sóknaraðili í þeim efnun m.a. til 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsetts 1. nóvember 2001. Í fjórða lagi vísar sóknaraðili til þess að varnaraðila hafi samkvæmt 9. gr. greinds samkomulags verið óheimilt að stofna til ábyrgðar sóknaraðila án þess að tilgreina fjárhæð skuldbindingarinnar.

Auk framanritaðs byggir sóknaraðili á því að ábyrgðin hafi verið fallin úr gildi þar sem hún hafi aðeins gilt til kl. 16.00 þann 6. júní 2003 en svo virðist sem varnaraðili hafi ekki greitt ábyrgðina fyrr en 10. júní 2003. Þá hafi B heldur ekki í tíma gert skriflega kröfu um greiðslu ábyrgðarinnar og kafið ábyrgðarumsækjandann, A, um greiðslu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir þá kröfu að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveður margumrædda ábyrgð hafa verið í gildi þegar hún var innleyst og skipti í því sambandi ekki máli hvenær varnaraðili sem ábyrgðaraðili hafi greitt umrædda kröfu. Varnaraðili hafi fengið í hendur tryggingarvixil til að tryggja skilvísar greiðslur af hendi ábyrgðarumsækjanda, A. Á hann hafi A sem greiðandi og sóknaraðili sem útgefandi ritað nöfn sín og hafi sóknaraðili verið dæmdur til að standa við skuldbindingu samkvæmt umræddum vixli.

Varnaraðili vísar til þess að á yfirlýsingu um heimild til útfyllingar, sem fylgt hafi vixlinum, sé heimild veitt til að fylla út vixilformið í samræmi við innlausnarkröfu varnaraðila. Komi þar fram að eyðublaðið sé afhent varnaraðila til tryggingar ábyrgð allt að fjárhæð kr. 1.137.000. Þá sé þess getið að varnaraðila sé heimilt að fylla út vixilformið hvað varði gjalddaga, útgáfudag og fjárhæð í samræmi við innlausnarkröfu varnaraðila vegna ábyrgðar sem vixillinn sé settur til tryggingar á. Loks komi þar fram að fjárhæð tryggingarvixilsins sé útborgun varnaraðila á ábyrgðarfjárhæðinni ásamt áföllnum vöxtum, dráttarvöxtum og öllum kostnaði, þó aldrei hærri en sú upphæð er fram komi á yfirlýsingunni. Á yfirlýsinguna hafi ekki verið rituð nein lokadagsetning til að fylla út vixilinn og séu því engin tímamörk á heimild til útfyllingar önnur en tilvist kröfunnar. Undir umrædda yfirlýsingu hafi sóknaraðili ritað og hafi hann ekki lagt fram nein gögn sem leitt gætu til þess að undirritun hans teldist ógild eða ógildanleg. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að ógildingarástæður III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7, 1936 eigi við í málinu. Sé því engin heimild til að ógilda rétt varnaraðila til að fylla út vixilformið. Vísar varnaraðili um þessi efni til 10. gr. vixillaga nr. 93, 1933 en hann hafi verið í góðri trú þá er hann tók við vixlinum. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili beri sönnunarbyrði fyrir því að vixillinn hafi verið fylltur út á annan hátt en um hafi verið samið.

Varnaraðili bendir á samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga gildi samkvæmt 2. gr. þess aðeins um ábyrgðir einstaklings fyrir annan einstakling. Í þessu tilviki hafi varnaraðili gengist í ábyrgð fyrir fyrirtæki og eigi samkomulagið því ekki við.

Varnaraðili vísar til þess að í hægri horni umrædds vixils sé feitletrað stórum stöfum að um sé að ræða tryggingarvixil vegna ábyrgða. Hafi sóknaraðili þess vegna mátt vita til hvers nota átti vixilinn. Þá sé hámark ábyrgðarinnar einnig ritað á heimild þá er fylgdi vixlinum og hafi sóknaraðili einnig ritað þar undir.

Loks bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni þar sem hann hafi enn ekkert greitt til varnaraðila. Verði því að hafna öllum kröfum sóknaraðila um skaðabætur.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármála-fyrirtæki fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms. Hefur ákvæði þetta verið skýrt svo af nefndinni að hún fjalli heldur ekki um mál sem leyst hefur verið úr fyrir almennum dómstólum. Í máli þessu liggur fyrir að varnaraðili hefur höfðað vixilmál á hendur sóknaraðila samkvæmt tryggingarvixli þeim sem getið er um í málinu. Hefur varnaraðili fengið dóm fyrir þeirri vixilkröfu sinni á hendur varnaraðila en málið var rekið sem vixilmál samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga

um meðferð einkamála nr. 91, 1991. Komust því ekki að í málinu aðrar varnir en greinir í 1. og 2. mgr. 118. gr. þeirra laga. Var því ekki frekar fjallað um varnir sóknaraðila sem lutu að viðskiptunum að baki víxlinum.

Úrskurðarnefndin telur sér heimilt að fjalla um skaðabótakröfur vegna viðskipta að baki víxlum enda hafi ekki áður verið leyst úr ágreiningi þar að lútandi fyrir dómstólum. Verður kvörtun sóknaraðila því tekin til efnislegrar meðferðar.

Á víxileyðublaði því sem sóknaraðili hefur ritað undir sem útgefandi stendur feitletrað „TRYGGINGARVÍXILL VEGNA ÁBYRGÐA“. Í yfirlýsingu um heimild til útfyllingar sem viðfest var víxileyðublaðinu stendur að blaðið sé afhent varnaraðila til tryggingar ótilgreindri ábyrgð að fjárhæð kr. 1.137.000 hjá varnaraðila. Er varnaraðila þar veitt heimild til að fylla út víxilformið með útgáfudegi, gjalddaga og fjárhæð í samræmi við innlausnarkröfur bankans vegna ábyrgðarinnar. Verði fjárhæð tryggingarvixilsins því sú sem nemi útborgun bankans á ábyrgðarfjárhæðinni ásamt áföllnum vöxtum, dráttarvöxtum og öllum kostnaði sem af hlýst vegna ábyrgðarinnar. Það athugast að númer ábyrgðar og dagsetning ábyrgðar er ekki tilgreind eins og gert er ráð fyrir í yfirlýsingunni og heldur ekki til hvers ábyrgðin hefur verið veitt eða hvers vegna. Þá er gildistími útfyllingarheimildarinnar sömuleiðis ótilgreindur, auk þess sem yfirlýsingin er bæði óstaðsett og ódagsett. Er þetta allt ámælisvert. Það breytir hins vegar ekki því að undir yfirlýsinguna er nafn sóknaraðila ritað til samþykkis yfirlýsingunni. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á að nafnritun hans sé fölsuð eða að yfirlýsingin stafi ekki frá honum en fyrir því ber hann sönnunarbyrði.

Fyrir liggur að B krafði varnaraðila um greiðslu innan þeirra tímamarka sem varnaraðili áskildi í ábyrgðaryfirlýsingu sinni, dagsettri 21. mars 2003, og liggur ekki annað fyrir en að varnaraðili hafi orðið við kröfunni. Var honum þá rétt að undangengnum tilkynningum um vanskil og áskorunum um greiðslu að fylla út tryggingarvixil vegna ábyrgða, sem A og sóknaraðili höfðu undritað, og varnaraðili hafði undir höndum. Gat sóknaraðila ekki dulist að um væri að ræða víxil til tryggingar ábyrgðum hjá varnaraðila.

Líkt og greinir í 2. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsettu 1. nóvember 2001, gildir það aðeins um ábyrgðir einstaklings fyrir annan einstakling. Mál það sem hér er til úrlausnar varðar ábyrgð sóknaraðila fyrir lögaðila. Eiga ákvæði samkomulagsins þegar af þeirri ástæðu ekki við um ábyrgðina.

Með hliðsjón af öllu framangreindu verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F., er hafnað.
Reykjavík, 2. nóvember 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, þriðjudaginn 23. nóvember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Ólöf Embla Einarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 21/2004:**

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 3. september 2004, með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 31. ágúst 2004. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. september 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust hinn 27. september 2004 með ódagsettu bréfi hans. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. september 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 19. október, 2. og 23. nóvember 2004.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili er löggiltur A, og starfaði sem slíkur fyrir B,. Það félag er sagt í eigu C,. Með yfirlýsingu, dagsettri 3. september 2003, gekkst sóknaraðili ásamt téðum C, í sjálfskuldarábyrgð vegna greiðslu yfirdráttar á tékkareikningi félagsins hjá varnaraðila að hámarki kr. 2.300.000. Hinn 2. desember 2003 samþykkti sóknaraðili að setja að veði fasteign sína til tryggingar höfuðstóli allra skulda og fjárskuldbindinga félagsins að hámarki kr. 2.100.000. Hinn 2. febrúar 2004 gekkst sóknaraðili öðru sinni í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar yfirdráttarskuld á tékkareikningi B, og var hámarksfjárhæð ábyrgðarinnar kr. 1.000.000. Þá er í fjórða lagi tilgreint af hálfu sóknaraðila að hann hafi síðar gengið í sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarheimildar fyrir allt að kr. 1.750.000 á téðum reikningi.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 2. ágúst 2004, var dregið í efa að ábyrgðir sóknaraðila stæðust lög eða ákvæði samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsetts 1. nóvember 2001. Var óskað eftir afstöðu varnaraðila til málsins. Með bréfi varnaraðila til lögmanns sóknaraðila, ódagsettu, var því lýst yfir að

varnaraðili teldi sig í engu hafa gerst brotlegan við lög og reglur í samskiptum sínum við sóknaraðila.

Mál þetta barst úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 31. ágúst 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að eftirgreindar ábyrgðir sínar verði lýstar ógildar:

1. Sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarheimildar á reikningi nr. XXX, dagsett 3. september 2003, að hámarksfjárhæð kr. 2.300.000.
2. Tryggingarbréf vegna allra skulda B, með veði í fasteign sóknaraðila að D, dagsett 2. desember 2003, að fjárhæð kr. 2.100.000.
3. Sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarheimildar á reikningi nr. XXX, dagsett 3. september 2003, að hámarksfjárhæð kr. 1.000.000.
4. Sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarheimildar á reikning nr. XXX, að hámarksfjárhæð kr. 1.750.000, dagsetning ótilgreind.

Sóknaraðili kveðst fyrir beiðni fyrrgreinds C, sem hafi verið eigandi B., gengist í ofangreindar ábyrgðir. Hafi aldrei komið fram hjá varnaraðila í tengslum við ábyrgðirnar að nefndur C, ætti sér vafasama fjárhagslega fortíð. Sóknaraðili kveður hafa slitnað upp úr samstarfi sínu við C, í byrjun sumars 2004. Eigi hvorki C, né B, fyrir skuldum og sé því fyrirsjáanlegt að varnaraðili muni ganga að sóknaraðila á grundvelli ofangreindra ábyrgða.

Sóknaraðili kveðst ekki hafa verið í aðstöðu til að kanna fortíð téðs C, enda hafi hún treyst því að varnaraðili myndi láta hana vita ef eitthvað væri athugavert við fortíð hans. Hafi verið ámælisvert af varnaraðila að gera það ekki, en hann hafi búið yfir upplýsingum þar um, m.a. um að C, hafi verið forsvarsmaður nokkurra fyrirtækja sem tekin hefðu verið til gjaldþrotaskipta.

Sóknaraðili vísar til samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og telur tilvik og kringumstæður varðandi ábyrgðir sínar falla þar undir.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir þá kröfu að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga eigi ekki við þegar um sé að ræða ábyrgð á skuldum fyrirtækja. Þá bendir varnaraðili á að samkvæmt 58. og 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161, 2002 hvíli sú skylda á honum að veita ekki upplýsingar um fjárhagsstöðu annarra viðskiptavina sinna. Varnaraðili kveður sóknaraðila og hafa gengið í ábyrgðir fyrir B, en ekki C,. Hafi engin vanskil verið skráð á einkahlutafélagið. Loks vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili sé sérfræðingur í A, og ætti að vita sitt hvað um rekstur slíks fyrirtækis.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili krefst ógildingar á ábyrgðarskuldbindingum sínum í þágu B, samkvæmt þremur nánar tilgreindum ábyrgðaryfirlýsingu og einu tryggingarbréfi. Byggir sóknaraðili kröfur sínar annars vegar á því að varnaraðili hafi átt að upplýsa sig um

fjárhagslega sögu eiganda félagsins og hins vegar á samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsettu 1. nóvember 2001.

Í málinu liggur ekki annað fyrir en að sóknaraðili hafi af fúsum og frjálsum vilja gengist í þær ábyrgðir sem fyrr greinir. Verður hann sjálfur að bera ábyrgð á þeim gjörðum sínum. Varnaraðila var óskýlt og beinlínis óheimilt án samþykkis hlutaðeigandi að upplýsa sóknaraðila um fjárhagsleg málefni eiganda þess einkahlutafélags sem hann gekkst í ábyrgð fyrir, sbr. 58.gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161, 2002. Þá getur sóknaraðili ekki reist kröfur sínar um ógildingu ábyrgða sinna á samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sem eins og felst í heiti samkomulagsins og nánar er kveðið á um í 2. gr. samkomulagsins, á eingöngu við um ábyrgð á skuldum einstaklinga. Tekur það því ekki til ábyrgða á skuldum einkahlutafélags.

Með vísan til framanritaðs verður að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 23. nóvember 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2004, þriðjudaginn 2. nóvember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Ólöf Embla Einarsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 22/2004**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 7. september 2004, með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 31. ágúst 2004. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. september 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 30. september 2004 með ódagsettu bréfi hans. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. september 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 26. október 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 12. október og 2. nóvember 2004.

II.

Málsatvik.

Hinn 21. janúar 2000 skildi sóknaraðili að borði og sæng við eiginmann sinn, A. Með eignaskiptasamningi þann dag var ákveðið að tékkareikningur nr. XXXXX hjá varnaraðila yrði áfram á nafni sóknaraðila. Skyldi tryggingarvígill á nafni A vegna yfirdráttarheimildar ógiltur og sóknaraðili útvega aðra tryggingu.

Varnaraðili mun annars vegar hafa innheimt umræddan tryggingarvígill hjá sóknaraðila og fyrrverandi eiginmanni hennar og hins vegar yfirdráttarskuldina að svo miklu leyti sem hún varð ekki greidd af víxlinum. Sendi varnaraðili sóknaraðila tvær fullnaðarkvittanir vegna innheimtumálanna í maí 2003. Enn var þó ógreiddur hluti yfirdráttarins. Bauð varnaraðili sóknaraðila að ljúka þeim hluta með útgáfu skuldabréfs en því mun sóknaraðili hafa hafnað. Höfðu áður staðið yfir viðræður milli aðila um niðurfellingu eða lækkun skuldarinnar, svo og milli lögmannna þeirra hjóna um breytingu á eignaskiptasamningi. Með stefnu, birtri 4. september 2004, höfðaði varnaraðili mál á hendur sóknaraðila fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra til innheimtu eftirstöðva yfirdráttarskuldarinnar.

Mál þetta barst úrskurðarnefndinni 7. september 2004 með kvörtun, dagsettri 31. ágúst 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að krafa varnaraðila á hendur honum vegna yfirdráttar á tékkareikningi nr. XXXX verði felld niður. Þá er gerð krafa um að allar vanskilaskráningar á sóknaraðila vegna kröfunnar verði felldar niður, hvort heldur er hjá B, á eigin vanskilaskrá bankans eða öðrum, svo og að tilkynnt verði um niðurfellingu kröfunnar til sýslumanns vegna fjárnáms sem gert var hjá sóknaraðila. Loks er gerð krafa um að varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 126.055 í lögmannskostnað.

Sóknaraðili kveður mál þetta tengjast deilu hans við fyrrverandi eiginmann sinn um skiptingu eigna og skulda við skilnað, sem hafi verið ósanngjörn í sinn garð. Sóknaraðili kveður kröfu varnaraðila á hendur henni hafa verið að fullu greidda við uppgjör fyrrum eiginmanns sóknaraðila í maí 2003. Ljúki það uppgjör einnig kröfu bankans á hendur sóknaraðila. Þá hafi sóknaraðili ennfremur mátt ætla að innheimtumál þau sem rekin hafi verið gegn honum á árinu 2002 næðu yfir heildarskuld hennar við bankann.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Til vara gerir varnaraðili þá kröfu að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkrafa varnaraðila byggir á því að hann hafi með birtingu stefnu hinn 4. september 2004 höfðað mál á hendur sóknaraðila fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra til innheimtu skuldar á tékkareikningi nr. XXXX. Beri því með vísan d-liðar 4. gr. samþykka fyrir úrskurðarnefndina að vísa málinu frá nefndinni.

Varnaraðili vísar til þess að lögfræðideild sín hafi fengið til innheimtu tvö mál sem varðað hafi umræddan tékkareikning. Hafi annað verið að höfuðstól kr. 1.250.000 og að baki því tryggingarvígill sem fyrrum eiginmaður sóknaraðila hafi gefið út. Hafi sú krafa verið innheimt jafnhliða á sóknaraðila og fyrrverandi eiginmann hennar. Hitt málið hafi að höfuðstól verið kr. 212.316. Hinn 6. maí 2004 hafi sóknaraðila verið send fullnaðarkvittun vegna þessara tveggja mála og hafi skuld á tékkareikningnum þá lækkað úr kr. 2.213.895,18 í 1.106.968,59. Hafi fullnaðarkvittanirnar eingöngu náð til þeirra mála sem voru í innheimtu en ekki alls yfirdráttarins. Beiðni um innheimtu eftirstöðva yfirdráttarins hafi síðan verið send lögfræðideild 7. maí 2004. Kveður varnaraðila sér hafa verið fullheimilt að skipta innheimtunni með þessum hætti.

Varnaraðili telur eignaskiptasamning sóknaraðila og fyrrverandi eiginmanns sóknaraðila vera sér óviðkomandi. Hafi sóknaraðili borið ábyrgð á yfirdráttarskuld á umræddum tékkareikningi og beri því að greiða hana. Hafi sóknaraðila verið sent skuldabréf að fjárhæð kr. 1.200.000 til að ganga frá skuldinni en hann hafi hafnað því að ganga frá málinu með þeim hætti.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykka fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármála-fyrirtæki fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms. Í málinu liggur fyrir að varnaraðili hefur með stefnu, birtri 4. september 2004, höfðað mál á hendur sóknaraðila til innheimtu skuldar á tékkareikningi nr. XXXX

og er málið rekið þar fyrir dómi. Verður þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 2. nóvember 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Ár 2004, þriðjudaginn 14. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Eiríkur Áki Eggertsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 23/2004**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 8. september 2004, með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 7. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. september 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 21. október 2004. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. október 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 28. október 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 23. nóvember og 14. desember 2004.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili átti í nokkrum viðskiptum með erlend hlutabréf á árunum 1999-2002. Af þeim sökum var hann m.a. með viðskiptareikning, svokallaðan XXX-reikning í A, Greinir aðila á um hvort varnaraðili hafi í nánar tilgreindum tilvikum haft milligöngu um viðskipti sóknaraðila með erlend hlutabréf.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 1. febrúar 2002, óskaði lögmaður sóknaraðila eftir yfirlitum yfir öll viðskipti sóknaraðila á árunum 1999-2002 varðandi XXX-reikning sóknaraðila hjá A. Var því haldið fram í bréfinu að varnaraðili hefði haft milligöngu um viðskiptin. Í svarbréfi sínu, dagsettu 15. mars 2002, rakti varnaraðili fimm tilvik þar sem hann hefði haft milligöngu um viðskipti fyrir sóknaraðila. Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 6. maí 2002, áréttaði sóknaraðili beiðni sína um upplýsingar um umsýslu vegna annarra viðskipta sem hann taldi varnaraðila hafa haft milligöngu um. Tilgreindi hann þar 16 tilvik þar sem um sölu hlutabréfa hefði verið að ræða og eitt varðandi kaup hlutabréfa. Með bréfi varnaraðila til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 15. maí 2002, var ítrekað að varnaraðili hefði eingöngu haft milligöngu um viðskipti sóknaraðila í fimm tilvikum. Í 15 tilvikum til viðbótar hefði varnaraðili komið fyrir mælum sóknaraðila á framfæri við A, en söluandvirði í þeim tilvikum hefði ávallt

verið beint til B, og gæti varnaraðili því ekki gefið þær skýringar sem um hafi verið beðið. Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 15. desember 2003, var farið fram á svör við sjö nánar tilgreindum spurningum. Því bréfi var svarað af hálfu lögmanns varnaraðila hinn 19. febrúar 2004 og það ítrekað að varnaraðili hefði ekki haft milligöngu í öðrum tilvikum en þeim fimm sem áður höfðu verið tilgreind.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 31. mars 2004, var óskað eftir aðstoð Fjármálaeftirlitsins við upplýsingaöflun og þá sérstaklega að fullnægjandi svör yrðu veitt við þeim spurningum sem settar voru fram í bréfi til varnaraðila, dagsettu 15. desember 2003. Fjármálaeftirlitið óskaði eftir sjónarmiðum varnaraðila vegna erindisins með bréfi, dagsettu 30. apríl 2004. Bárust þau með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 18. maí 2004, og var þar vísað í fyrri bréf varnaraðila. Með bréfi, dagsettu 21. júlí 2004, tilkynnti Fjármálaeftirlitið lögmanni sóknaraðila að það myndi ekki aðhafast frekar í málinu.

Mál þetta barst úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 7. september 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðili greiði honum kr. 374.970 með dráttarvöxtum frá 1. mars 2002 til greiðsludags. Til vara krefst sóknaraðili þess að úrskurðarnefndin kveði á um að varnaraðili skuli svara þeim spurningum sem beint var til hans með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 15. desember 2003. Til þrautavara gerir sóknaraðili þá kröfu að úrskurðarnefndin veiti álit sitt á því hvort varnaraðili hafi í viðskiptum sínum við sóknaraðila uppfyllt þær skyldur sem á honum hvíli sem milligönguaðila í verðbréfaviðskiptum. Í öllum tilvikum er þess krafist að varnaraðili greiði sóknaraðila kostnað við að hafa uppi kvörtun í málinu, kr. 150.000 auk virðisaukaskatts.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa á árunum 1999-2002 haft milligöngu um verðbréfaviðskipti á svonefndum XXX-reikningi sóknaraðila hjá A. Við sölu bréfa sóknaraðila árið 1999 hafi sóknaraðili fengið greitt fyrir í íslenskum krónum frá A, en hann hafi ekki óskað eftir þeim greiðslumáta. Við útreikning sóknaraðila hafi komið í ljós að fjárhæðin hafi verið lægri en gengi C krónunnar gagnvart íslenskri krónu hafi gefið tilefni til. Hafi viðskiptin haldið áfram fyrir milligöngu varnaraðila og sóknaraðili aldrei ráðið í hvaða gjaldmiðli hann fengi greitt. Þá er formleg sölubeiðni hafi verið rituð af hans hálfu hafi hann annað hvort fengið ráðgjöf hjá varnaraðila eða varnaraðili einn tekið ákvörðun um í hvaða gjaldmiðli greiðsla ætti að berast. Hafi sóknaraðili því allt til 26. október 1999 samkvæmt ráðgjöf varnaraðila fengið greitt í íslenskum krónum og auk þess einu sinni 9. febrúar 2001.

Krafa sóknaraðila er studd þeim rökum að um sé að ræða mismun í íslenskum krónum á því sem sóknaraðili hafi fengið greitt og því sem hann hefði með réttu átt að fá greitt miðað við réttar gengisskráningar. Er í þeim efnum vísað til yfirlits sem sóknaraðili hafði tekið saman og fylgdi bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 15. desember 2003. Telur sóknaraðili mismuninn nema kr. 202.046 vegna færslna uppgefnum í íslenskum krónum, kr. 17.614 vegna færslna uppgefnum í C krónum og kr. 155.310 vegna færslna uppgefnum í evrum. Af fyrrgreindu yfirliti virðist mega ráða að um sé að ræða mismun annars vegar á margfeldi söluverðs hlutabréfa í erlendri mynt og kaupgengi Seðlabanka Íslands og hins vegar þeirri greiðslu sem sóknaraðila mun hafa borist fyrir hlutabréfin í íslenskum krónum í alls 16 skipti.

Sóknaraðili vísar m.a. til stuðnings kröfum sínum til þágildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996, sbr. nú lög nr. 33, 2003, svo og til laga um gjaldeyrismál nr. 87, 1992 og reglugerðar um yfirfærslur milli víðskiptareikninga milli landa nr. 56, 2000.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir aðallega þá kröfu að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Til vara krefst hann þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkröfu sína styður varnaraðili þeim rökum að sóknaraðili hafi aldrei beint fjárkröfu að varnaraðila svo sem áskilið sé samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um víðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá fullnægi kröfugerð og málatilbúnaður sóknaraðila engan veginn ákvæðum b- og e-liða 6. gr. samþykktanna. Þannig sé fjárkrafa sóknaraðila engum gögnum studd og sé ekki reynt að færa rök fyrir henni heldur liggja að baki órökstuddar fullyrðingar sóknaraðila um hvern hann telji vera mismun milli gjaldmiðla. Þá sé málatilbúnaður sóknaraðila óljós og ruglingslegur. Loks verði varakröfur sóknaraðila ekki metnar til fjár.

Varakröfu sína byggir varnaraðili á því að hann beri enga ábyrgð á því meinta tjóni sem sóknaraðili telji sig hafa orðið fyrir. Hafi ekkert samningssamband verið milli sóknaraðila og varnaraðila, en sóknaraðili hafi hvorki verið í eignastýringu hjá varnaraðila né hafi átt sér stað nokkur miðlun af hálfu varnaraðila vegna umræddra víðskipta, sbr. 8. gr. þágildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996. Vegna þeirra 15 tilvika um sölu bréfa, sem fyrir hafa verið nefnd, hafi varnaraðili eingöngu komið á framfæri fyrirmælum frá sóknaraðila til A, með því að senda þau símleiðis með bréfsendi. Hafi sóknaraðili stofnað sinn eigin XXX-reikning í þeim banka og sjálfur átt samskipti sín við hann. Þá hafi andvirði seldra bréfa verið beint til B, en ekki varnaraðila. Beri því að hafna kröfum sóknaraðila vegna aðildarskorts enda verði sóknaraðili að beina kröfum sínum að A.

Varnaraðili mótmælir því að hafa veitt sóknaraðila einhverja ráðgjöf. Þá mótmælir varnaraðili ennfremur skýringum sóknaraðila á eldri lögum um verðbréfavíðskipti, svo og því að verðbréfamíðlun hafi átt sér stað í skilningi laga um verðbréfavíðskipti. Loks mótmælir varnaraðili tilvísunum sóknaraðila til laga nr. 87, 1992 og reglugerðar nr. 56, 2000.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili hefur í máli þessu aðallega uppi þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 374.970 ásamt dráttarvöxtum. Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um víðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er það skilyrði fyrir meðferð nefndarinnar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu víðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að víðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Ágreiningslaust er að sóknaraðili hefur ekki haft fjárkröfu þessa uppi gagnvart varnaraðila. Gegn mótmælum varnaraðila er því ekki unnt að taka hana til meðferðar fyrir nefndinni.

Til vara krefst sóknaraðili þess að úrskurðarnefndin kveði á um að varnaraðili skuli svara þeim spurningum sem beint var til hans með bréfi lögmanns sóknaraðila,

dagsettu 15. desember 2003. Til þrautavara gerir sóknaraðili þá kröfu að úrskurðarnefndin veiti álit sitt á því hvort varnaraðili hafi í viðskiptum sínum við sóknaraðila uppfyllt þær skyldur sem á honum hvíli sem milligönguaðila í verðbréfavíðskiptum. Samkvæmt b-lið 6. gr. fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár. Fellur það því ekki undir verksvið nefndarinnar að mæla fyrir um að varnaraðili gefi svör við tilgreindum spurningum. Þá er samkvæmt framansögðu ekki unnt að leita álits nefndarinnar með þeim hætti sem þrautavarakrafa hans lýtur að.

Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist þegar af þeim ástæðum að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 14. desember 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Eiríkur Áki Eggertsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Sölvi Sölvason

Ár 2004, þriðjudaginn 28. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Eiríkur Áki Eggertsson, Gunnar Viðar, Íris Ösp Ingjaltdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 24/2004**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F.

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 6. október 2004, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 5. október 2004. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. október 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi A, dagsettu 27. október 2004. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. október 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 1. nóvember 2004.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 23. nóvember og 14. og 28. desember 2004.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili var ásamt eiginkonu sinni, B, eigandi fasteignarinnar C. Með samþykktu kauptilboði, dagsettu 5. maí 2004, var eignin seld fyrir kr. 14.660.000. Samkvæmt samþykktu kauptilboði skyldu seljendur aflétta áhvílandi veðskuldum af eigninni fyrir samtals kr. 11.174.468. Kaupverðið skyldi greiðast með peningum kr. 1.460.000, yfirtekinni skuld að eftirstöðvum kr. 329.000, fasteignaveðbréfi að fjárhæð kr. 9.200.000, viðbótarláni að fjárhæð kr. 3.000.000 og með viðbótarláni frá tilgreindu fjármálafyrirtæki að fjárhæð kr. 671.000.

Með yfirlýsingu, dagsettri 25. júní 2004, tilkynnti varnaraðili að hann ætlaði að sjá um að greiða áhvílandi lán af ofangreindri fasteign og láta létta þeim af eigninni. Óskaði varnaraðili eftir staðfestingu á því að seljendur framseldu varnaraðila húsbréf þau sem fyrrgreint fasteignaveðbréf var skiptanlegt í. Hinn 28. júní 2004 greiddi varnaraðili af reikningi sínum nr. 1109-26-8800 áhvílandi veðskuldir á fasteigninni, samtals kr. 13.966.759. Hinn 30. júní 2004 seldi sóknaraðili varnaraðila húsbréf að nafnvirði kr. 6.624.008 á genginu 1,447 og fékk fyrir að frádregnum fjármagnstekjuskatti og kostnaði kr. 9.459.207. Höfðu sóknaraðili og eiginkona hans þá fengið kr. 13.590.207 út úr sölunni og áttu eftir að fá greiddar kr. 1.000.000. Að frádregnum greiddum áhvílandi skuldum var nettóeign þeirra í fasteigninni um kr. 600.000.

Hinn 28. júní 2004 keypti sóknaraðili ásamt nefndri B, fjögurra herbergja íbúð á annarri hæð að , í D, fyrir kr. 11.100.000. Skyldi kaupverðið greitt með peningum við kaupsamning kr. 300.000 og hinn 18. ágúst 2004 við útgáfu afsals kr. 810.000, með fasteignaveðbréfi kr. 7.215.000 og með viðbótarláni kr. 2.775.000. Varnaraðila mun hafa verið afhent afrit kaupsamnings. Sama dag voru færðar af reikningi sóknaraðila kr. 386.025 yfir á tilgreindan reikning samkvæmt kaupsamningi til greiðslu á þeim hluta kaupverðsins sem greiða átti við undirritun kaupsamningsins.

Hinn 9. júlí 2004 gáfu sóknaraðili og nefnd B, út skuldabréf til varnaraðila til 10 ára að fjárhæð kr. 1.000.000 og skyldi hin nýkeypta eign þeirra sett að veði með þriðja veðrétti. Þar sem þau voru þá ekki komin með afsal fyrir eigninni varð ekki af þinglýsingu skuldabréfsins. Þess í stað ávísuðu sóknaraðili og B, til varnaraðila tveimur greiðslum samkvæmt kaupsamningi vegna sölu á fasteigninni C, samtals kr. 900.000, sem greiðast skyldu inn á reikning varnaraðila nr. 1109-26-8800. Kveður varnaraðili ætlanina hafa verið þá að hann myndi greiða lokagreiðslu samkvæmt kaupsamningi um íbúðina að D, til að tryggj yrði að fyrrgreindu skuldabréfi yrði þinglýst og skuldin tryggð með veði í íbúðinni.

Fyrrgreindar kr. 900.000 munu hafa verið færðar af reikningi varnaraðila inn á E sóknaraðila hjá varnaraðila nr. 1109-15-553082. Hinn 18. ágúst 2004 millifærði varnaraðili kr. 810.000 af umræddum E, inn á tilgreindan reikning samkvæmt kaupsamningi um íbúðina að D, til greiðslu á síðari peningagreiðslu samkvæmt samningnum.

Með rafpósti, dagsettum 15. september 2004, kvartaði sóknaraðili yfir síðastgreindri millifærslu. Bar hann því að færslan hefði ekki átt að fara fram fyrr en við útgáfu afsals. Kvað hann mikið um leynda galla í íbúðinni og hafi staðið til að fá lækkun sem næmi kostnaði við viðgerð, kr. 250.000. Erfitt gæti hins vegar reynst að semja um lækkun kaupverðs þar sem peningagreiðslan hefði þegar farið fram. Fór sóknaraðili fram á að umræddar kr. 810.000 yrðu bakfærðar ella væri varnaraðili ábyrgur fyrir kr. 250.000 sem næmi kostnaði við viðgerð gallanna. Sóknaraðili kveður kröfu sinni hafa verið hafnað 5. október 2004 og hefur því ekki verið mótmælt af hálfu varnaraðila.

Mál þetta barst úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 5. október 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir aðallega þá kröfu að varnaraðili bakfæri kr. 810.000 ásamt vöxtum inn á reikning í sínu nafni þangað til afsal „*hefur farið fram*“. Til vara krefst hann þess að varnaraðili greiði honum kr. 250.000 sem hann hefur farið fram á í lækkun á kaupverði, þannig að afsal „*geti farið fram*“.

Sóknaraðili kveður umrædda millifærslu af E, sínum hafa verið gerða án heimildar frá sér og án þess að hann hafi fengið vitneskju um hana. Uppgjör og útgáfa afsals hafi ekki átt sér stað vegna leyndra galla í íbúðinni. Hafi hann farið fram á lækkun kaupverðs sem næmi kr. 250.000 en seljandi hafi ekki samþykkt hana. Muni ekki koma til útgáfu afsals nema að lækkunin komi til. Gangi hún ekki gegn verði kaupsamningi rift og þá verði varnaraðili að endurgreiða kr. 810.000. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi án heimildar sinnar gripið inn í kaupsamning sinn með því að inna af hendi lokagreiðslu samkvæmt kaupsamningi. Séu litlar líkur á því að seljandi endurgreiði hluta kaupverðsins.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir þá kröfu að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveðst enga möguleika hafa á að bakfæra kr. 810.000 inn á reikning sóknaraðila enda sé langt um liðið frá því að millifærslan átti sér stað. Þá sé fráleitt að varnaraðili greiði sóknaraðila þessa upphæð enda hafi hún verið greidd fyrir hönd hans við íbúðarkaup. Muni þeir því nýtast sóknaraðila að fullu og myndi hann því auðgast ef varnaraðila yrði gert að endurgreiða fjárhæðina.

Varnaraðili kveður sóknaraðila og B, standa allar dyr opnar varðandi gallamál á hendur seljanda íbúðarinnar. Hafi ekkert mat legið fyrir um gallana þegar að gjalddaga eftirstöðvagreiðslu kom. Þá sé fjárhæð gallakröfunnar, kr. 250.000 langt undir því sem ný fasteignalög geri ráð fyrir að halda megi eftir án þess að sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Hafi millifærsla varnaraðila því að öllum líkindum svarað sóknaraðila og B, dráttarvexti hafi þau ætlað sér að halda umræddri greiðslu eftir.

Varnaraðili segist hafa haft fulla heimild til umræddrar millifærslu. Verði það ráðið af atvikum málsins, auk þess sem sóknaraðili hafi sjálfur samþykkt ávísun greiðslna fyrir eign sína inn á reikning varnaraðila. Hafi það eingöngu verið af greiðasemi við sóknaraðila og eiginkonu hans sem fjármunirnir voru vistaðir á E, sóknaraðila, en aldrei hafi annað staðið til en að þeir yrðu nýttir til að gera upp kaupin á íbúðinni í D,

Varnaraðili hafnar þeim rökum sóknaraðila að samningsstaða hans hafi versnað við það að lokagreiðsla hafi öll verið innt af hendi. Eigi sóknaraðili alla möguleika á að gera kröfu vegna galla. Varnaraðili telur ekki unnt að rifta kaupsamningi um eignina þar sem meint vanefnd seljanda sé ekki veruleg, auk þess sem seljandi ætti að endurgreiða það sem hann hefði fengið í hendur yrði riftun viðurkennd.

V.

Niðurstaða.

Í máli þessu er annars vegar ágreiningur með aðilum um hvort varnaraðili hafi haft heimild til að millifæra hinn 18. ágúst 2004 kr. 810.000 af reikningi sóknaraðila til greiðslu á síðustu greiðslu samkvæmt kaupsamningi um tiltekna íbúð og hins vegar hvort að sóknaraðili hafi orðið fyrir einhverju tjóni af þeim sökum.

Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hafi aðstoðað sóknaraðila og eiginkonu hans með ýmsum hætti við sölu á fasteign þeirra í C, og kaup á nýrri íbúð í G. Í rafpósti sóknaraðila, dagsettum 15. september 2004, er því ekki mótmælt að umþrætt færsla hafi átt að fara fram en því hins vegar haldið fram að hún hafi ekki átt að fara fram fyrr en við útgáfu afsals fyrir íbúðinni. Fyrir liggur að varnaraðili hafði í höndum afrit af kaupsamningi um íbúð sóknaraðila og eiginkonu hans og má telja það einkennilega tilviljun að varnaraðili hafi upp á sitt einsdæmi án fyrirmæla eða heimildar sóknaraðila millifært á gjalddaga umsamda lokagreiðslu inn á tilgreindan bankareikning samkvæmt samningi. Bendir þannig flest til að ætlun sóknaraðila og eiginkonu hans hafi verið sú að varnaraðili hefði tilgreindan dag milligöngu um greiðslu lokagreiðslu samkvæmt kaupsamningi um íbúð þeirra í D. Varnaraðila var fullheimilt að ráðstafa kr. 900.000 sem hann hafði fengið ávísað frá sóknaraðila og eiginkonu hans inn á E, sóknaraðila. Til að ráðstafa fjármunum þaðan varð varnaraðili hins vegar að hafa fyrirmæli sóknaraðila eða heimild frá honum. Breytir þá engu hverjar ástæður kunni að hafa legið að baki millifærslu fjáris af reikningi varnaraðila inn á reikning sóknaraðila. Stóð það

varnaraðila nær að tryggja sér sönnun fyrir þeirri heimild sinni. Þrátt fyrir það sem áður er rakið verður að telja að varnaraðili hafi ekki, gegn andmælum sóknaraðila, sýnt alveg nægilega fram á að hann hafi haft heimild sóknaraðila til að færa fé af reikningi hans með þeim hætti sem fyrr greinir.

Á sóknaraðila og eiginkonu hans hvíldi samkvæmt kaupsamningi sameiginleg skylda til greiðslu á kr. 810.000 umræddan dag og var millifærslan því gerð í því skyni og þar með í þágu sóknaraðila. Af málalíbúnaði sóknaraðila verður helst ráðið að hann geri kröfu um bakfærslu téðrar millifærslu inn á tilgreindan reikning í kaupsamningi í því skyni að öðlast betri samningsstöðu gagnvart seljanda íbúðarinnar en að hann myndi sætta sig við skaðabætur eða afslátt að fjárhæð kr. 250.000 vegna galla sem hann telur vera á íbúðinni. Ekki eru efni til að mæla fyrir um bakfærslu þá sem sóknaraðili gerir kröfu um, en kröfugerð sóknaraðila verður eins og málið liggur fyrir ekki skilin svo að hann geri kröfu um að varnaraðili greiði sér kr. 810.000.

Kemur þá næst til skoðunar hvort varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila kr. 250.000, sem er sú fjárhæð sem sóknaraðili kveðst vilja fá kaupverð íbúðarinnar lækkað um vegna galla. Ekki liggur fyrir nein viðurkenning seljanda á meintum göllum á íbúðinni eða að honum sé skylt að veita afslátt eða greiða skaðabætur vegna þeirra. Þá hafa meintir gallar eða umfang þeirra hvorki verið staðreyndir af dómkvöddum matsmönnum né á annan hátt. Ennfremur hefur ekki verið leitt í ljós að seljandi sé ófær um að greiða afslátt eða bætur viðurkenni hann skyldu sína til þess eða verði dæmdur til slíkrar greiðslu. Hefur sóknaraðili því ekki sýnt fram á að hann hafi enn orðið fyrir neinu tjóni vegna umræddrar millifærslu af reikningi sínum. Verður því að hafna varakröfu hans að svo stöddu.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða máls þessa sú að aðalkröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila er hafnað en varakröfu hans er hafnað að svo stöddu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Aðalkröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Varakröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað að svo stöddu.

Reykjavík, 28. desember 2004.

Guðjón Ólafur Jónsson

Eiríkur Áki Eggertsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2005, þriðjudaginn 15. febrúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Eiríkur Áki Eggertsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Íris Ösp Ingjaldsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 25/2004**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 21. október 2004, með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri 20. október 2004. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. október 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi B, f.h. C, dagsettu 7. janúar 2005. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. janúar 2005, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 10. janúar 2005.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 8. og 15. febrúar 2005.

II.

Málsatvik.

Með kaupsamningi og afsali, dagsettu 29. desember 2003, keypti varnaraðili af sóknaraðila fasteignina D. Í kaupsamningi sagði m.a.:

„Umsamið kaupverð greiðist þannig að kaupandi yfirtekur allar veðskuldir og lögveð sem hvíla á eigninni sem eru:

...

8 vr. 2 fjárnám frá E...,
hvert að fjárhæð kr. 936.149,00
Kostnaður v/veðbandslausnar
Uppboðskostnaður

kr. 150.000.00
kr. 150.000.00..."

Var því jafnframt lýst yfir af hálfu sóknaraðila í afsali að þar sem varnaraðili hefði staðið við allar skuldbindingar sínar væri hann réttur og löglegur eigandi umræddrar fasteignar.

Þann 20. ágúst 2004 krafðist E, endurupptöku aðfarar hjá sóknaraðila en áður hafði bifreið hans verið seld á uppboði og andvirði hennar runnið upp í kröfu félagsins. Var sóknaraðili boðaður til fjárnáms með bréfi sýslumanns, dagsettu 23. ágúst 2004. Lögmaður sóknaraðila óskaði með bréfi, dagsettu 31. ágúst 2004, skýringa á því fyrir hans hönd hvernig uppgjör skulda hafi farið fram enda hafi sóknaraðili staðið í þeirri trú

að varnaraðili hefði tekið við öllum tilgreindum skuldum og gengið frá fullnaðaruppgjöri við veðhafa. Var erindið ítrekað hinn 6. september 2004. Lögmaður varnaraðila svaraði bréfinu sama dag. Að kröfu E, var gert fjárnám í fasteign sóknaraðila hinn 8. september 2004. Sama dag ritaði lögmaður sóknaraðila lögmanni varnaraðila bréf og krafðist þess að varnaraðili greiddi umrædda veðskuld í samræmi við skuldbindingu sína samkvæmt kaupsamningi um eignina. Bréfinu mun ekki hafa verið svarað.

Mál þetta barst úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 21. október 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennt verði að varnaraðili hafi yfirtekið veðskuld á 8. veðrétti fasteignarinnar D, samkvæmt kaupsamningi aðila, dagsettum 29. desember 2003. Jafnframt krefst sóknaraðili viðurkenningar á því að varnaraðila beri að greiða umrædda skuld við E, Loks gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Sóknaraðili vísar til þess að í kaupsamningi aðila sé tiltekið að varnaraðili hafi tekið við öllum veðskuldum og lögveðum sem hvílt hafi á eigninni. Hafi sóknaraðili talið að varnaraðili hafi þar með gengið frá öllum tilgreindum skuldum samkvæmt kaupsamningi og fullnaðaruppgjöri þeirra við veðhafa. Bendir sóknaraðili á að allur frágangur málsins, vinnsla, uppgjör við kröfuhafa og öll skjalagerð hafi verið í höndum varnaraðila. Telur sóknaraðili að um sé að ræða samningsskuldbindingu af hálfu varnaraðila og beri hann því ábyrgð á uppgjöri gagnvart veðhöfum, þ.á m. E.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili beinir því til úrskurðarnefndarinnar að hún gæti að því hvort úrskurðarvald hennar nái til sakarefnisins þar sem ekki sé um eiginleg bankaviðskipti að ræða heldur kaup og sölu fasteigna.

Varnaraðili vísar til þess að hann hafi beðið um nauðungarsölu á fasteign sóknaraðila en afturkallað beiðni sína hinn 12. desember 2003 og jafnframt samið við E, um afléttingu fjárnáma gegn greiðslu á kr. 150.000 sem inntar voru af hendi 9. janúar 2004. Hafi eftirstöðvar fjárnámsskuldanna þá numið samtals kr. 893.660.

Varnaraðili kveður það hafa komið skýrt fram á þremur fundum með umboðsmönnum sóknaraðila að aðeins væri litið á kr. 150.000 sem innborgun inn á skuld við E, en gegn þeirri greiðslu yrði fjárnámum aflétt af umræddri fasteign. Þá hafi útlagður kostnaður og þóknun lögmanns varnaraðila numið kr. 150.000. Varnaraðili telur ekki hafa verið um betri kosti að ræða fyrir sóknaraðila og hafi hann ekki getað vænst þess að fá meira fyrir eignina en það kaupverð sem tilgreint hafi verið í kaupsamningi aðila.

Af hálfu varnaraðila er viðurkennt að uppsetning kaupsamnings hefði mátt vera skýrari varðandi 8. veðrétt og kostnað. Varnaraðili leggur hins vegar áherslu á að skilmálar kaupanna hafi verið rækilega skýrðir á fundum aðila, auk þess sem sóknaraðili hafi reynslu af atvinnurekstri.

V.**Niðurstaða.**

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila. Samkvæmt 6. gr. fjallar nefndin ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld, kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár, breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja, ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms og mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar. Úrskurðarnefndin telur að meta megi viðurkenningarkröfur sóknaraðila til fjár. Þá telur nefndin enga þá annmarka aðra vera á máli þessu eða ágreiningi aðila sem leitt geti til frávísunar málsins. Verður því leyst úr því efnislega.

Í máli þessu hefur sóknaraðili uppi tvær viðurkenningarkröfur. Annars vegar krefst sóknaraðili þess að viðurkennt verði að varnaraðili hafi yfirtekið veðskuld við E, á 8. veðrétti fasteignarinnar D, samkvæmt kaupsamningi aðila, dagsettum 29. desember 2003.

Eins og fyrr var rakið er sérstaklega tiltekið að umsamið kaupverð greiðist þannig að varnaraðili yfirtaki allar veðskuldir og lögveð sem hvíli á eigninni. Kaupverð eignarinnar er ekki sérstaklega tilgreint en virðist mega ráða af samanlagðri fjárhæð allra liða, samtals að fjárhæð kr. 14.227.994. Það athugast að í kaupsamningi eru tilgreindar tvær skuldir við F, á 6. og 7. veðrétti. Af framlögðum veðbókarvottorðum verður þó ekki annað ráðið en að skuldirnar hafi báðar verið tryggðar með 6. veðrétti í umræddri fasteign. Þá er í samningnum tilgreind tvö fjárnám E, sem hvíli á 8. veðrétti. Samkvæmt sömu vottorðum var fjárnámunum hins vegar þinglýst með 7. og 8. veðrétti í eigninni og var hvort þeirra að fjárhæð kr. 936.149. Þá eru í kaupsamningi tilgreind á 9. veðrétti ógreidd fasteignagjöld og yfirteknar skuldir við F, samkvæmt víxli og vegna yfirdráttar á tveimur hlaupareikningum án þess þó að séð verði af veðbókarvottorðum að skuldir þessar hafi notið umrædds veðréttar í eigninni.

Veðskuldir á eign geta ýmist verið samningsveð, lögveð eða aðfararveð. Meðal þeirra veðskulda sem tilgreindar eru í samningi aðila að varnaraðili skyldi yfirtaka voru tvö fjárnám E, hvort að fjárhæð kr. 936.149, sem samkvæmt framansögðu hvíldu á 7. og 8. veðrétti. Þegar þeirri tilgreiningu í samningnum lýkur er tilgreindur kostnaður vegna veðbandslausnar, kr. 150.000, og uppboðskostnaður, kr. 150.000. Samkvæmt skýringu varnaraðila mun þar annars vegar hafa verið um nauðsynlega greiðslu til fjárnámshafa að ræða svo fjárnámum yrði aflétt og hins vegar útlagðan kostnað og þóknun lögmanns varnaraðila. Eru hvorar kr. 150.000 um sig hluti af samanlagðri fjárhæð kr. 14.227.994, sem sagt er umsamið kaupverð eignarinnar.

Fyrirgreindur kaupsamningur aðila verður ekki skilinn á annan veg en samkvæmt orðum sínum um að kaupandi, þ.e. varnaraðili, hafi ætlað að yfirtaka allar veðskuldir sem hvíldu á eigninni. Verður ekki hjá því komist að líta svo á að í því hafi falist yfirtaka á tveimur fyrirgreindum fjárnámsskuldum sóknaraðila við E. Af hálfu varnaraðila er viðurkennt að orðalag kaupsamningsins sé óljóst um þessi efni. Samningur aðila er saminn af hæstaréttarlögmanni fyrir hönd varnaraðila en ekki verður ráðið að sóknaraðili hafi notið nokkurrar lögfræðiaðstoðar við gerð samningsins. Verður varnaraðili að bera allan halla af óskýru orðalagi kaupsamnings aðila um þessi efni, enda stóð það honum

mun nær að orða samninginn með öðrum og skýrari hætti hafi ætluð aðila verið sú sem hann nú heldur fram. Þá hefur varnaraðila ekki tekist að sýna fram á að sóknaraðili hafi samþykkt þann skilning sem varnaraðili leggur nú í samninginn.

Samkvæmt framansögðu lítur úrskurðarnefndin svo á að varnaraðili hafi með kaupsamningi, dagsettum 29. desember 2003, skuldbundið sig gagnvart sóknaraðila til að greiða áhvílandi veðskuldir við E, á 7. og 8. veðrétti fasteignarinnar D. Er því fallist á viðurkenningarkröfu sóknaraðila þessa efnis með þeirri leiðréttingu að umrædd fjárnám voru tryggð með 7. og 8. veðrétti í eigninni en ekki eingöngu 8. eins og segir í kaupsamningi.

Hins vegar krefst sóknaraðili viðurkenningar á því að varnaraðila beri að greiða skuld sóknaraðila við E. Framangreind skuldbinding varnaraðila um yfirtöku skulda sóknaraðila við E, breytir engu um skuldbindingu sóknaraðila gagnvart því félagi, enda hefur E, ekki samþykkt varnaraðila sem nýjan skuldara að kröfu sinni. Er því ekki unnt án slíks samþykkis kröfuhafa að mæla fyrir um skyldu varnaraðila til að greiða þriðja manni kröfu sem sá á á hendur sóknaraðila. Á meðan samþykki E, á skuldaraskiptum liggur ekki fyrir er ekkert kröfusamband milli varnaraðila og félagsins. Verður því að hafna þessari kröfu sóknaraðila. Að samþykktu fyrri viðurkenningarkröfu sóknaraðila leiðir hins vegar að hann á sambærilega kröfu á hendur varnaraðila og E, á á hendur honum.

Úrskurðarnefndin hefur engar heimildir til að ákvarða málsaðilum málskostnað. Er kröfu sóknaraðila um málskostnað því hafnað.

Grétar Grétarsson og Gunnar Viðar taka fram að þeir standa ekki að niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar varðandi fyrri viðurkenningarkröfu sóknaraðila. Þeir telja sýnt að sóknaraðila hafi mátt vera ljóst að hvorki hafi verið um fullnaðareftirgjöf á kröfum E, að ræða né yfirtöku þeirra skulda af hálfu varnaraðila. Telja þeir því að hafna hefði átt þeirri kröfu sóknaraðila. Að öðru leyti eru þeir sammála niðurstöðu nefndarinnar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkennt er að varnaraðili, fjármálafyrirtækinu F, hafi með kaupsamningi, dagsettum 29. desember 2003, skuldbundið sig gagnvart sóknaraðila, M, til að greiða áhvílandi veðskuldir við E, á 7. og 8. veðrétti fasteignarinnar D.

Öðrum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila er hafnað.

Reykjavík, 15. febrúar 2005.

Guðjón Ólafur Jónsson

Eiríkur Áki Eggertsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2005, þriðjudaginn 8. febrúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Eiríkur Áki Eggertsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Íris Ösp Ingjaldsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 26/2004:**

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 8. nóvember 2004, með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri 8. október 2004. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. nóvember 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 3. desember 2004. Bréfið var sent umboðsmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. desember 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi umboðsmanns sóknaraðila, dagsettu 26. desember 2004. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 3. janúar 2005, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila. Bárust þau með bréfi hans, dagsettu 18. janúar 2005.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. desember 2004, 15. janúar og 8. febrúar 2005.

II.

Málsatvik.

Hinn 3. júní 1999 gaf B, út skuldabréf nr. C til varnaraðila, að fjárhæð kr. 2.500.000. Tókst sóknaraðili á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu, ásamt D, og E, Gerðar voru breytingar á greiðsluskilmálum bréfsins 31. janúar 2000, 12. september 2000, 30. janúar 2001 og 3. október 2001. Er höfuðstóll bréfsins nú kr. 3.300.058. Vanskil urðu á greiðslu bréfsins og var sóknaraðila ásamt öðrum ábyrgðarmönnum og skuldara birt greiðsluáskorun, dagsett 31. júlí 2002. Varnaraðili gerði hinn 8. júlí 2004 fjárnám fyrir kröfum sínum í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni G, og óskaði hinn 26. ágúst 2004 eftir nauðungarsölu á eigninni.

Hinn 30. janúar 2000 gaf B, út skuldabréf nr. H til varnaraðila að fjárhæð kr. 2.430.000. Tókst sóknaraðili sömuleiðis á hendur sjálfskuldarábyrgð á þessu láni, auk áðurnefndrar D, og I. Skilmálum bréfsins var breytt með samkomulagi, dagsettu 3.

október 2001. Vanskil urðu á greiðslu bréfsins og var sóknaraðila ásamt öðrum ábyrgðarmönnum og skuldara birt greiðsluáskorun, dagsett 31. júlí 2002.

Hinn 10. júní 2003 gerði áðurnefndur I, og J, samkomulag við varnaraðila um greiðslu ábyrgðarskuldbindinga vegna B, ehf. Sagði í samkomulaginu að þau myndu greiða upp fimm tilgreindar skuldir, þ.á m. samkvæmt skuldabréfi nr. H, með greiðslu á samtals kr. 4.000.000, þ.e. kr. 1.000.000 sem greiðst hefðu 20. mars 2003 og kr. 3.000.000 sem greiðast skyldu á sammingsdegi. Þá var tekið fram að þegar síðari greiðslan hefði verið afhent væri um að ræða „fullnaðargreiðslu á [tilgreindum] ábyrgðarskuldbindingum, auk annarra ábyrgðarskuldbindinga sem til kunna að vera og tengjast rekstri B, og ábyrgðaraðilar eru í ábyrgð fyrir.“ Síðar sagði: „[Varnaraðili] lýsir því yfir að með ofangreindum greiðslum eru kröfur hans á hendur ábyrgðaraðilum vegna B, að öllu leyti fallnar niður.“ Sóknaraðili vottaði ofangreint samkomulag. Samkvæmt gögnum málsins var I, leystur undan ábyrgð sinni með greiðslu á kr. 700.000 hinn 20. júní 2003.

Með bréfi K, dagsettu 15. október 2004, var óskað eftir niðurfellingu ábyrgðarskuldbindinga allra ábyrgðaraðila. Bréfinu var ekki svarað.

Mál þetta barst úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 8. október 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að skuldabréf nr. H verði talið greitt að fullu en til vara að að ábyrgð sín á skuldabréfinu verði ógilt ásamt vöxtum og kostnaði. Þá krefst sóknaraðili þess að ábyrgð sín á skuldabréfi nr. C, verði ógilt ásamt vöxtum og kostnaði. Loks gerir sóknaraðili þá kröfu að nafn hennar verði máð úr vanskilaskrá, fjárnám afturkallað og framhaldssala sömuleiðis.

Sóknaraðili kveðst hafa gengið í ábyrgð fyrir dóttur sína og fyrirtæki hennar, B, Hafi skuldir verið gjaldfelldar og í framhaldi gengið að sóknaraðila sem ábyrgðarmanni eftir að dóttir hans og B, urðu gjaldþrota. Kveður sóknaraðili tilgreinda meðábyrgðarmenn sína hafa greitt skuldabréf nr. H, hinn 10. júní 2003, en varnaraðili hafi þrátt fyrir það gert fjárnám fyrir eftirstöðvum bréfsins. Að því er varðar skuldabréf nr. C, kveðst sóknaraðili hafa verið ábyrgðarmaður á bréfinu fyrir einkahlutafélag dóttur sinnar og hana sjálfa. Hafi varnaraðili gert fjárnám hjá sóknaraðila vegna ábyrgðarskuldarinnar og beðið um framhaldssölu á eign hennar.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa verið skylt að meta greiðsluhæfi aðalskuldara bréfanna, B, og aðstandanda þess. Vísar sóknaraðili í því skyni til 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Þá telur sóknaraðili varnaraðila ekki hafa gætt að 4. og 5. gr. samkomulagsins.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir á að samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða eigi ekki við þegar um sé að ræða skuldir fyrirtækja og vísar í þeim efnunum til 2. gr. samkomulagsins. Hafnar varnaraðili því að á honum hafi hvílt einhver skylda til að meta greiðslugetu aðalskuldara, B, og telur því engar ástæður geta réttlætt ógildinguna ábyrgða sóknaraðila.

Varnaraðili kveður samkomulag sitt við I, og J, fela það í sér að gegn greiðslu á kr. 4.000.000 muni varnaraðili ekki ganga frekar að þeim tveimur vegna fimm ábyrgðarskuldbindinga þeirra vegna B. Komi skýrt fram í samkomulaginu að með ábyrgðaraðilum sé átt við I, og J, Þar sem rætt sé um fullnaðargreiðslu á ábyrgðarskuldbindingum sé átt við fullnaðargreiðslu I, og J, á ábyrgðarskuldbindingum þeirra.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili krefst ógildingar á ábyrgðarskuldbindingum sínum í þágu B, samkvæmt tveimur skuldabréfum. Byggir sóknaraðili kröfur sínar á samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsettu 1. nóvember 2001.

Í málinu liggur ekki annað fyrir en að sóknaraðili hafi af fúsum og frjálsum vilja gengist í þær ábyrgðir sem fyrr greinir. Verður hann sjálfur að bera ábyrgð á þeim gjörðum sínum. Þá getur sóknaraðili ekki reist kröfur sínar um ógildingu ábyrgða sinna á samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sem eins og felst í heiti samkomulagsins og nánar er kveðið á um í 2. gr. samkomulagsins, á eingöngu við um ábyrgð á skuldum einstaklinga. Tekur það því ekki til ábyrgða á skuldum einkahlutfélags. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila um ógildingu ábyrgða hans.

Kemur þá næst til skoðunar hvort önnur ábyrgðarskuld sóknaraðila, þ.e. samkvæmt skuldabréfi nr. H, teljist að fullu greidd samkvæmt samkomulagi varnaraðila við I, og J, dagsettu 10. júní 2003. Í upphafi samkomulagsins kemur fram að I, og J, séu í samningnum nefnd ábyrgðaraðilar sem geri við varnaraðila samkomulag um greiðslu ábyrgðarskuldbindinga. Sóknaraðili er vottur að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila samningsins en er ekki sjálfur aðili að honum. Í samkomulaginu kemur fram að kr. 4.000.000 sé fullnaðargreiðsla á fimm nánar tilgreindum ábyrgðarskuldbindingum, auk annarra ábyrgðaskuldbindinga sem til kunnir að vera og tengjast rekstri B, og I, og J, séu í ábyrgð fyrir. Er því síðan lýst yfir af hálfu varnaraðila að með greiðslunni séu allar kröfur hans á hendur ábyrgðaraðilum, þ.e. I, og J, að öllu leyti fallnar niður. Ekki er unnt að túlka samkomulagið svo að varnaraðili hafi með því fallið frá kröfum á hendur öðrum ábyrgðaraðilum en tilgreindir eru í samkomulaginu sjálfu, þ.e. I, og J, Getur sóknaraðili því ekki byggt rétt sinn á samkomulagi þessu milli þeirra tveggja og varnaraðila. Er varnaraðila því heimilt að krefja sóknaraðila um eftirstöðvar skuldar samkvæmt skuldabréfi nr. H, að frádregnum innborgunum.

Með vísan til framanritaðs verður að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækið F, er hafnað.

Reykjavík, 8. febrúar 2005.

Guðjón Ólafur Jónsson

Eiríkur Áki Eggertsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2005, þriðjudaginn 8. febrúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Eiríkur Áki Eggertsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Íris Ösp Ingjaldsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 27/2004**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 8. nóvember 2004, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. nóvember 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 3. desember 2004. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. desember 2004, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 13. desember 2004. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 3. janúar 2005, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila. Bárust þau með bréfi hans, dagsettu 18. janúar 2005.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. desember 2004, 15. janúar og 8. febrúar 2005.

II.

Málsatvik.

Hinn 2. mars 1999 gaf A, út skuldabréf nr. B til varnaraðila, að fjárhæð kr. 1.660.000. Tókst sóknaraðili á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu, ásamt C, og D. Gerðar voru breytingar á greiðsluskilmálum bréfsins 30. janúar 2000, 12. september 2000, 30. janúar 2001 og 3. október 2001. Er höfuðstóll bréfsins nú kr. 1.973.470. Vanskil urðu á greiðslu bréfsins og var sóknaraðila ásamt öðrum ábyrgðarmönnum og skuldara birt greiðsluáskorun, dagsett 31. júlí 2002. Varnaraðili krafðist fjárnáms hjá sóknaraðila en sýslumaður stöðvaði hinn 26. október 2004 framgang gerðarinnar með vísan til samkomulags varnaraðila við áðurgreinda C, og E, dagsetts 10. júní 2003.

Hinn 6. maí 1999 gaf G, út skuldabréf nr. H, til varnaraðila að fjárhæð kr. 600.000. Tókst sóknaraðili á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu ásamt I. Skilmálum

bréfsins var breytt 24. ágúst 2000. Vanskil urðu á greiðslu bréfsins og var sóknaraðila ásamt hinum ábyrgðarmanninum og skuldara birt greiðsluáskorun, dagsett 9. apríl 2002..

Hinn 15. júlí 2001 gáfu A, D, og sóknaraðili út yfirlýsingu þar sem varnaraðila var veitt heimild til að fylla út útgáfudag og gjalddaga á viðfest víxileyðublað til tryggingar yfirdráttarskuld A, ehf. á tékkareikningi nr. XXXX hjá varnaraðila og gera það þar með að fullgildum víxli. Samkvæmt eyðublaðinu var A, samþykkjandi, D, útgefandi og sóknaraðili ábekingur. Var eyðublaðið útfyllt með fjárhæð kr. 800.000. Varnaraðili nýtti sér umrædda heimild og gerði eyðublaðið að fullgildum víxli. Tilgreindur útgáfudagur mun hafa verið 15. júlí 2001 og gjalddagi 21. júní 2002. Greiðslufall varð á víxlinum og var sóknaraðila tilkynnt um vanskilin 2. júlí 2002. og sent innheimtubréf 1. ágúst 2002. Hinn 12. september 2002 þingfesti varnaraðili mál á hendur A, D, og sóknaraðila til heimtu víxilskuldarinnar. Lauk málinu með því að stefna var árituð um aðfararhæfi hinn 23. desember 2002.

Eins og fyrr var rakið gerðu áðurnefnd E, og C, hinn 10. júní 2003 samkomulag við varnaraðila um greiðslu ábyrgðarskuldbindinga vegna A. Sagði í samkomulaginu að þau myndu greiða upp fimm tilgreindar skuldir, þ.á m. samkvæmt skuldabréfi nr. B, með greiðslu á samtals kr. 4.000.000, þ.e. kr. 1.000.000 sem greiðst hefðu 20. mars 2003 og kr. 3.000.000 sem greiðast skyldu á samningsdegi. Þá var tekið fram að þegar síðari greiðslan hefði verið afhent væri um að ræða „fullnaðargreiðslu á [tilgreindum] ábyrgðarskuldbindingum, auk annarra ábyrgðarskuldbindinga sem til kunna að vera og tengjast rekstri A, og ábyrgðaraðilar eru í ábyrgð fyrir.“ Síðar sagði: „[Varnaraðili] lýsir því yfir að með ofangreindum greiðslum eru kröfur hans á hendur ábyrgðaraðilum vegna A, að öllu leyti fallnar niður.“ Samkvæmt gögnum málsins var C, leyst undan ábyrgð sinni með greiðslu á kr. 768.082 hinn 20. júní 2003.

Með bréfi K, dagsettu 15. október 2004, var óskað eftir niðurfellingu ábyrgðarskuldbindinga allra ábyrgðaraðila vegna A, ehf. Með rafpósti, dagsettum 4. nóvember 2004, var beiðni sóknaraðila um uppgjör ábyrgðarskuldbindinga sinna vegna A, með fullnaðargreiðslu kr. 800.000 hafnað.

Mál þetta barst úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 8. nóvember 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að ábyrgðarskuldbindingar hans samkvæmt fyrrgreindum tveimur skuldabréfum og tryggingarvíxli verði ógiltar, skuldinar felldar niður ásamt vöxtum og kostnaði, innheimtuaðgerðum hætt og nafn hans máð af vanskilaskrá.

Sóknaraðili kvartar yfir aðferðum varnaraðila við að stuðla að gjaldþroti A, og neita ítrekuðum samningstilraunum um greiðslu ábyrgða. Þá hafi varnaraðila borið að láta fara fram greiðslumat á aðalskuldara. Ennfremur telur sóknaraðili skuldabréf nr. B að fullu greitt og vísar í þeim efnum til samkomulags varnaraðila við E, og C, og þess að sýslumaður hafi hafnað fjárnámsbeiðni varnaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Að því er varðar kröfu vegna skuldabréfs nr. B bendir varnaraðili á að samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða eigi ekki við þegar um sé að ræða skuldir fyrirtækja og vísar í þeim efnum til 2. gr. samkomulagsins. Þá telur varnaraðili engar ástæður geta réttlætt ógildingu ábyrgðar sóknaraðila.

Varnaraðili vísar um skuldabréf nr. H, til þess að bréfið uppfylli öll þau skilyrði sem gerð séu til skuldabréfa. Sé það undirritað af útgefanda, G, og ábyrgðarmönnum ásamt tveimur vitundarvottum. Þá hafi ábyrgðarmennirnir merkt við á bréfið að þeir óski ekki eftir því að greiðslugeta aðalskuldara verði metin, auk þess sem fram komi að þeir hafi kynnt sér fræðslurit varnaraðila um ábyrgðarmenn. Uppfylli skuldabréfið því öll skilyrði samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða. Hafi heldur ekki verið lögð fram nein gögn sem réttlæti ógildingu umrædds skuldabréfs.

Að því er varðar tryggingarvígil að fjárhæð kr. 800.000 bendir varnaraðili á að víxillinn hafi verið settur til tryggingar vegna fjárskuldbindinga A, og eigi samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða því ekki við um þennan þátt málsins. Ennfremur hafi Héraðsdómur XXXXX áritað stefnu í máli til innheimtu víxilsins.

Varnaraðili kveður samkomulag sitt við E, og C, fela það í sér að gegn greiðslu á kr. 4.000.000 muni varnaraðili ekki ganga frekar að þeim tveimur vegna fimm ábyrgðarskuldbindinga þeirra vegna A. Komi skýrt fram í samkomulaginu að með ábyrgðaraðilum sé átt við E, og C. Þar sem rætt sé um fullnaðargreiðslu á ábyrgðarskuldbindingum sé átt við fullnaðargreiðslu E, og C, á ábyrgðarskuldbindingum þeirra.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili krefst ógildingar á ábyrgðarskuldbindingum sínum í þágu A, samkvæmt einu skuldabréfi og einum tryggingarvígili og ábyrgðarskuldbindingu sinni samkvæmt skuldabréfi, útgefnu af G. Byggir sóknaraðili kröfur sínar á samkomulagi um noktun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsettu 1. nóvember 2001. Þá telur hann að því frágengnu ábyrgðarskuldbindingu sína samkvæmt skuldabréfi, útgefnu af A, að fullu greidda.

Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms. Eins og fyrr er rakið höfðaði varnaraðili mál á hendur sóknaraðila og fleirum til heimtu tryggingarvígilis sem hann var ábekingur að og lauk málinu með áritun dómara um aðfararhæfi dómkrafna, sbr. 113. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91, 1991. Úrskurðarnefndin tekur samkvæmt framansögðu ekki til meðferðar mál sem eru eða hafa verið til meðferðar almennra dómstóla. Verður því þegar af framangreindum ástæðum að vísa þeirri kröfu er snýr að ógildingu ábyrgðar samkvæmt tryggingarvígili, útgefnum 15. júlí 2001, frá úrskurðarnefndinni.

Kemur þá næst til skoðunar sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila samkvæmt skuldabréfi nr. H, útgefnu af G. Skuldabréfið var að fjárhæð kr. 600.000 og var varnaraðili því ekki skylt að meta greiðslugetu skuldara, sbr. 2. mgr. 3. gr. þágildandi samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða, dagsetts 27. janúar 1998. Þá óskaði sóknaraðili ekki eftir slíku greiðslumati eins og berlega má ráða af skuldabréfinu sjálfu. Í málinu liggur ekki annað fyrir en að sóknaraðili hafi af fúsum og frjálsum vilja gengist í umrædda ábyrgð. eru því engin efni til að ógilda þessa ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila.

Í þriðja lagi gerir sóknaraðili kröfu um ógildingu sjálfskuldarábyrgðar sinnar samkvæmt skuldabréfi nr. B, að fjárhæð kr. 1.660.000, útgefnu af A, hinn 2. mars 1999. Í málinu liggur ekki annað fyrir en að sóknaraðili hafi af fúsum og frjálsum vilja gengist í umrædda ábyrgð. Verður hann sjálfur að bera ábyrgð á þeim gjörðum sínum. Þá getur sóknaraðili ekki reist kröfur sínar um ógildingu ábyrgða sinna á samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsettum 1. nóvember 2001, sem eins og felst í heiti samkomulagsins og nánar er kveðið á um í 2. gr. samkomulagsins, á eingöngu við um ábyrgð á skuldum einstaklinga, sbr. og 2. gr. eldra samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða, dagsetts 27. janúar 1998. Tekur samkomulagið því ekki til ábyrgða á skuldum einkahlutafélags. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila um ógildingu þessarar ábyrgðar hans.

Kemur þá að síðustu til skoðunar hvort síðastgreind ábyrgðarskuld sóknaraðila, þ.e. samkvæmt skuldabréfi nr. B, teljist að fullu greidd samkvæmt samkomulagi varnaraðila við E, og C, dagsettu 10. júní 2003. Í upphafi samkomulagsins kemur fram að E, og C, séu í samningnum nefnd ábyrgðaraðilar sem geri við varnaraðila samkomulag um greiðslu ábyrgðarskuldbindinga. Sóknaraðili er ekki aðili að samkomulaginu. Í því kemur fram að kr. 4.000.000 sé fullnaðargreiðsla á fimm nánar tilgreindum ábyrgðarskuldbindingum, auk annarra ábyrgðarskuldbindinga sem til kunnis að vera og tengjast rekstri A, og E, og C, séu í ábyrgð fyrir. Er því síðan lýst yfir af hálfu varnaraðila að með greiðslunni séu allar kröfur hans á hendur ábyrgðaraðilum, þ.e. E, og C, að öllu leyti fallnar niður. Ekki er unnt að túlka samkomulagið svo að varnaraðili hafi með því fallið frá kröfum á hendur öðrum ábyrgðaraðilum en tilgreindir eru í samkomulaginu sjálfu, þ.e. E, og C, Getur sóknaraðili því ekki byggt rétt sinn á samkomulagi þessu milli þeirra tveggja og varnaraðila. Er varnaraðila því heimilt að krefja sóknaraðila um eftirstöðvar skuldar samkvæmt skuldabréfi nr. B, að frádregnum innborgunum.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða máls þessa að kröfu sóknaraðila um ógildingu ábyrgðarskuldbindingar samkvæmt tryggingarvígli, útgefnum 15. júlí 2001, er vísað frá úrskurðarnefndinni, en öðrum kröfum hans á hendur varnaraðila er hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um ógildingu ábyrgðarskuldbindingar samkvæmt tryggingarvígli, útgefnum 15. júlí 2001, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Öðrum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 8. febrúar 2005.

Guðjón Ólafur Jónsson

Eiríkur Áki Eggertsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2005, föstudaginn 18. febrúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Eiríkur Áki Eggertsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Íris Ösp Ingjaldsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 28/2004**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 7. desember 2004 með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri 2. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. desember 2004, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi B, dagsettu 31. janúar 2005. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. febrúar 2005, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 8., 15. og 18. febrúar 2005.

II.

Málsatvik.

Með ódagsettum samningi málsaðila, sem virðist hafa verið gerður í ágústmánuði 2000, tók varnaraðili að sér að stofna fyrir varnaraðila eignarhaldsfélagið C. Skyldi félagið vera með heimilisfesti hjá varnaraðila í D. Hlutfé þess skyldi vera samtals kr. 392.220.000 og er ekki ágreiningur um að sóknaraðili hafi greitt það innan umsamins tíma með 430.000 hlutum í E. Samkvæmt samningnum skyldu eignir umrædds eignarhaldsfélags vera í vörslu varnaraðila, auk þess sem hann skyldi annast eignastýringu félagsins.

Sóknaraðili veitti varnaraðila hinn 29. ágúst 2000 umboð til að stofna ofangreint félag í D, og gerði jafnframt hinn 31. sama mánaðar sérstakan samning við varnaraðila um rekstur félagsins þar í landi. Við stofnun fyrrgreinds eignarhaldsfélags voru allar eignir þess hlutabréf í ofangreindu E. Varð engin breyting á eignasamsetningu fyrrgreinds félags en gengi hlutabréfa í E, lækkaði stöðugt uns það varð gjaldþrota síðla árs 2002. Eru eignir eignarhaldsfélags sóknaraðila því eðli máls samkvæmt verðlausar.

Sóknaraðili kvartaði yfir ráðgjöf, vörslu og eignastýringu varnaraðila með bréfi lögmanns sóknaraðila til lögmanns varnaraðila, dagsettu 2. desember 2002, og krafðist

greiðslu á kr. 392.220.000 að frádregnum yfirdrætti að fjárhæð kr. 10.000.000. Erindinu var hafnað með bréfum lögmanns varnaraðila, dagsettum 13. janúar 2003 og 8. apríl 2003. Lögmaður sóknaraðila ítrekaði kröfu hans í bréfum til lögmanns varnaraðila, dagsettum 5. maí 2003 og 18. júní 2003.

Sóknaraðili beindi máli sínu til úrskurðarnefndar með kvörtun, mótttekinni 9. október 2003 G. Með stefnu, birtri 21. október 2003, höfðaði varnaraðili mál á hendur sóknaraðila vegna ofangreindra viðskipta. Sóknaraðili höfðaði gagnsök með gagnstefnu, birtri 21. nóvember 2003, og var málið þingfest í Héraðsdómi XXXXX þann 25. þess mánaðar. Máli því sem sóknaraðili rak fyrir úrskurðarnefndinni nr. G, var vísað frá úrskurðarnefndinni 10. desember 2003 með vísan til þess að ágreiningur aðila væri til meðferðar dómstóla, sbr. d-lið 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000.

Með úrskurði Héraðsdóms XXXXX 22. október 2004 var gagnsök í máli aðila vísað frá dómi. Sóknaraðili kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands sem staðfesti hann með dómi sínum 29. nóvember 2004.

Mál þetta barst úrskurðarnefndinni á nýjan leik með kvörtun, dagsettri 2. desember 2004.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 392.220.000, auk meðalvaxta banka og sparisjóða af innlánnum af þeirri fjárhæð frá 31. ágúst 2000 til 2. desember 2002 og dráttarvaxta af kr. 392.220.000 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati úrskurðarnefndarinnar.

Sóknaraðili telur varnaraðila hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við ráðgjöf, vörslu og eignastýringu verðbréfa sóknaraðila. Leiði það til bótaábyrgðar varnaraðila á öllu því tjóni sem sóknaraðili hafi orðið fyrir. Sóknaraðili vísar m.a. til þess að engin greining hafi farið fram á áhættu hans. Þá hafi áhættu ekki verið dreift heldur öll bréf höfð í sama félaginu. Hafi ekki verið vakað yfir eignum sóknaraðila og engin markviss endurskoðun átt sér stað meðan þær voru í vörslu varnaraðila.

Sóknaraðili álitur kvörtun sína nú tæka til meðferðar fyrir úrskurðarnefndinni þar sem gagnsakarmáli hans hafi verið vísað frá dómi án þess að fá efnislega meðferð.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir þá kröfu að kvörtun sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni.

Kröfu sína um frávísun styður varnaraðili í fyrsta lagi þeim rökum að sóknaraðili byggji í dómsmáli aðila sýknukröfu sína á sömu málsástæðum og í kvörtun sinni til úrskurðarnefndarinnar. Þrátt fyrir að gagnsök, sem einnig hafi byggst á sömu málsástæðum, hafi verið vísað frá dómi, þá sé sýknukrafa hans í aðalsök enn til meðferðar dómstóla. Hafi það því enga þýðingu þótt gagnsök málsins hafi verið vísað frá dómi. Vísar sóknaraðili í þessum efnunum til d-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000.

Í öðru lagi byggir varnaraðili á því að málið sé það óljóst, illa upplýst og kröfur sóknaraðila svo óskýrar að vísa eigi málinu frá á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir

úrskurðarnefndina. Vísar varnaraðili í þeim efnum til þess að gagnsök málsins hafi verið vísað frá dómi vegna vanreifunar.

Í þriðja lagi vísar varnaraðili til þess að hann sé ekki aðili að úrskurðarnefndinni þar sem hann sé banki í D, og hafi starfsleyfi þar í landi samkvæmt þarlandum lögum. Beri því að beina kvörtunum af þessu tagi til þar til bærra yfirvalda í því landi.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms. Í 3. másl. 7. gr. er mælt fyrir um að nefndin vísi máli frá sem tekið hafi verið til meðferðar hjá nefndinni en mál vegna þess síðar tekið til meðferðar fyrir dómi.

Eins og fyrr er rakið höfðaði varnaraðili mál á hendur sóknaraðila vegna ofangreindra viðskipta með stefnu, birtri 21. október 2003. Sóknaraðili höfðaði gagnsök með gagnstefnu, birtri 21. nóvember 2003, og var málið þingfest í Héraðsdómi XXXXX þann 25. þess mánaðar. Gagnsökinni var vísað frá dómi með úrskurði Héraðsdóms XXXXX 22. október 2004 sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar Íslands 29. nóvember 2004.

Ekki hefur verið leyst úr kröfum aðila í máli því sem varnaraðili höfðaði á hendur sóknaraðila og er ágreiningur aðila því enn til meðferðar í Héraðsdómi XXXXX. Í umræddu dómsmáli krefst sóknaraðili aðallega sýknu og byggir þá kröfu á sömu málsástæðum og hann rökstyður kvörtun sína með í máli þessu. Það að gagnsök í fyrrgreindu dómsmáli aðila hafi verið vísað frá dómi breytir ekki því að ágreiningur þeirra er enn til meðferðar hjá dómnum.

Með vísan til framanritaðs og d-liðar 6. gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verður þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, fjármálafyrirtækinu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 18. febrúar 2005.

Guðjón Ólafur Jónsson

Eiríkur Áki Eggertsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir